**RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Hreyfing er ástríða*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**HREIMUR ÖRN HEIMISSON**

Of kurteis fyrir Rockstar

FÓLK 38









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. júní 2006 — 156. tölublað — 6. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000


### Fortíðin að plaga Mills?

Skilnaður Heather Mills og Paul McCartney hefur tekið óvænta stefnu eftir að News of the World birti frétt þess efnis að Mills hefði verið vændiskona á sínum yngri árum.

FÓLK 30



### Vinna unglingar of mikið?

„Flestir eru þó sammála um að það sé af hinu góða að hafa nóg fyrir stafni og iðjulausir unglingar í dag eyddu sjálfsagt tíma sínum í misgóða tölvuleiki yfir örfáar sumarvikur," segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 20

### Mikil aðsókn að skólanum

Dr. Erlingur Jóhannsson segir mikinn áhuga meðal ungs fólks á að stunda nám í íþróttafræðum.



TÍMAMÓT 22

### Hlynur í heimahagana

Landsliðsmaðurinn í körfubolta, Hlynur Bæringsson, mun spila með Snæfelli á næsta leiktímabili, að því gefnu að hann fái ekki girnilegt tilboð frá Evrópu. Hlynur er þar með kominn á heimaslóðir en Snæfellingar hafa verið duglegir að safna liði að undanförnu.



ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI -** Í dag verður fremur hæg vestlæg átt. Yfirleitt léttskýjað en þó væta með morgninum eystra en síðan léttir þar til einnig. Þykknar upp vestan til með kvöldinu. Hiti 7-14 stig, hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4






# Hafna lægra skattþrepi

**Ríkisstjórnin hafnar nýju, lægra skattþrepi fyrir hina tekjuminni og endurskoðun á lögum um lífeyrisréttindi æðstu embættismanna ríkisins.**

**EFNAHAGSMÁLIN** Ríkisstjórnin hefur hafnað algjörlega að koma á fót nýju, lægra skattþrepi og með sama hætti hafnar hún algjörlega að takast á við kröfu verkalýðshreyfingarinnar um að færa lífeyrisréttindi ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna í svipað horf og á almennum vinnumarkaði. Þetta kom í ljós um helgina þegar ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins kom þessum skilaboðum á framfæri í símtali.

Ríkisstjórnin er hins vegar tilbúin til að „skoða eitthvað í skattkerfinu til að koma til móts við þá sem eru þar með lökustu stöðuna. Það á eftir að koma í ljós hvað það þýðir. Við eigum líka eftir að fara yfir það hvort við sættum okkur við að þessari kröfu sé alfarið hafnað," segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ. „Þeir hafa svo sem látið í það skína að þeir séu tilbúnir til að skoða eitthvað sem lyti að svipuðum áhrifum fyrir þá sem eru tekjulægstir og lægra skattþrep en það á eftir að koma í ljós."

Hvað endurskoðun á lífeyrisréttindum varðar segir Grétar að sú krafa sé fyrst og fremst merki þess hversu „mikil gremja er í okkar röðum og ég held bara meðal þjóðarinnar. Fólk er ekki búið að gleyma þessu og mun ekki gleyma þessu fyrr en það er dregið til baka," segir hann.

Grétar hefur borið hitann og þungann af óformlegum viðræðum við ríkisstjórnina síðustu daga og segir að enn sé beðið formlegra viðbragða. Ríkisstjórnin hafi lýst yfir að hún sé tilbúin til að skoða hækkun vaxtabóta, barnabóta og að leggja meira fé í fræðslumálin hjá ASÍ.

Þá segir hann að viðræður eigi sér stað við atvinnurekendur varðandi erlent vinnuafl og það hvernig alltof margir atvinnurekendur virðist nýta sér bága stöðu þessa fólks. „Það gengur afskaplega hægt að koma þessum hlutum í viðunandi horf. Viðræður við SA eru í gangi núna og það væntanlega leiðir af sér lagasetningu sem stjórnvöld þurfa þá að taka upp á sína arma," segir hann.

Ljóst er að ríkisstjórnin vill hraða samningaviðræðunum og má því búast við að formleg samskipti hefjist í dag. Grétar segir að það trufli samningaviðræðurnar aðeins að Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sé erlendis. **- ghs**



**ERFIÐ STAÐA** Bandaríski landsliðsmaðurinn Eddie Pope, sem er dökkklæddur, virðist ekki eiga mikla möguleika í stöðunni sem sést á myndinni, en þar er hann umkringdur sex leikmönnum Tékklands. Svo fór að lokum að Eddie Pope náði ekki skora frekar en aðrir leikmenn Bandaríkjanna. Tékkland vann leikinn 3-0. MYND AP/SJÁ SÍÐUR 32-35

Verðbólgu- og vaxtaótti veldur lækkun á mörkuðum:

# Vísitölurnar falla

**VIÐSKIPTI** Íslenski hlutabréfamarkaðurinn lækkaði í gær í kjölfar birtingar vísitölu neysluverðs, en hækkun hennar var umfram væntingar. Krónan styrktist lítillega sem skýrist af væntingum um frekari stýrivaxtahækkanir Seðlabankans.

Þenslueinkenni eru víðar í hagkerfum heimsins og héldu lækkanir á hlutabréfamörkuðum áfram víða um heim vegna væntinga um hækkandi stýrivexti. Nasdaq-vísitalan féll um rúm tvö prósent og fór niður fyrir 2.100 stig. Dow Jones-vísitalan lækkaði um 0,91 prósent. Sömu áhyggjur herja á bandaríska fjárfesta og þá íslensku um að stýrivextir verði hækkaðir. Ólíku er þó saman að jafna þar sem stýrivextir í Bandaríkjunum eru fimm prósent, en 12,25 prósent hér á landi. **- hh**

Æfing Slysvarnaskólans í Engey um síðustu helgi dregur dilk á eftir sér:

# Þyrluæfing skaðar æðarvarp

**DÝRAVERND** Lýður Jónsson, sem annast hefur æðarvarpið í Engey í nokkur ár, segir æðarvarpið í molum eftir æfingu Slysavarnaskólans nú fyrir helgi.

Lýður varð vitni að æfingunni og segir þyrluna hafa sveimað um eyjuna í einhvern tíma áður en hún lenti. „Þetta fælir kolluna frá hreiðrunum og vargurinn kemst óáreittur í eggin og hann lætur ekki bjóða sér það tvisvar," segir Lýður. Hann segir varpið í eyjunni í sumar hafa lofað góðu, en nú blasi við hrun.

Að sögn Ólafs K. Nielsen, fuglafræðings hjá Náttúruverndarstofnun, er æðarvarp mjög viðkvæmt fyrir allri umferð. Hann segir landeigendur þurfa að friðlýsa vörpum til að koma í veg fyrir umferð en þó séu óskrifaðar reglur um umgengni við æðavörp og það að lenda þyrlu í námunda við æðarvarp sé út í hött. Til dæmis er stór hluti Viðeyjar lokaður fyrir gangandi umferð gesta yfir varptímann. „Það er til dæmis bannað við fuglavörp að þeyta skipslúðra, svo viðkvæmt er varpið," segir Ólafur.

Ólafur fordæmir atvikið, sér í lagi vegna þess að æðarvarpið sé í hámarki um þessar mundir. Æðarfuglinn verpi í fyrri hluta maí við Faxaflóann og sé nú að klekja. Hann segir jafnframt þetta atvik geta haft áhrif á varpið næsta sumar. „Það er vitað af fyrri reynslu þar sem að æðarkollan hefur orðið fyrir mikilli truflun, hún fer að skynja ákveðið óöryggi og hagar sér samkvæmt því og leitar að ári í önnur vörp", segir Ólafur.

Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskólans, segir að í æfingum sem þessari sé yfirleitt notast við minni þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-SIF. Henni þarf ekki að lenda við æfingarnar en vegna bilunar sem kom upp hafi þurft að nota þá stærri, TF-LÍF, sem þarf að lenda til að ljúka æfingunni.

Hann segir að í þeim tilfellum sem stærri þyrlan sé notuð reyni flugmenn gæslunnar eftir fremsta megni að lenda þyrlunni þar sem hún valdi hvað minnstu raski. Hann telur að um eitt og hálft ár sé síðan stærri þyrlan hafi lent í Engey við æfingar af þessu tagi. **- æþe**






## SPURNING DAGSINS

*Einar, tók sjóarinn síkáti þátt í könnuninni?*

„Það er alla vega ljóst að langflestir sjómenn eru kátir og glaðir í starfinu sínu og þess vegna eru þeir sennilega fleiri síkátu sjómennirnir en síkátir starfsmenn í öðrum starfsstéttum.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra gerði könnun IMG Gallup að umtalsefni í ræðu sinni á sjómannadag en samkvæmt henni eru 84 prósent sjómanna ánægð í starfi sínu.

Fyrsti efniskafli aðildarviðræðna Tyrkja við Evrópusambandið:

# Samið eftir málamiðlun

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Viðræður um fyrsta af 35 efnisköflum aðildarsamninga Tyrkja við Evrópusambandið hófust loks í gær, eftir að leysa tókst deilu sem stefndi í að valda því að ekkert yrði úr þessum áfanga í bili.

Stjórnvöld á Kýpur gerðu þá kröfu að Tyrkir fullgiltu fyrst samning um að færa tollabandalagssamninga sína út til nýju ESB-aðildarríkjanna, sem gengu í sambandið vorið 2004, en Kýpur var þar á meðal. Því hafa Tyrkir hafnað til þessa á þeim forsendum að það fæli í sér óbeina viðurkenningu þeirra á stjórn Kýpur-Grikkja. Tyrkir eru eina þjóðin sem viðurkennir stjórn Kýpur-Tyrkja á norðurhluta eyjarinnar.



**RECEP TAYYIP ERDOGAN** Forsætisráðherra Tyrklands var í Króatíu í gær, öðru landi sem er að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málamiðlunin sem náðist var sú að fulltrúar Evrópusambandsins í viðræðunum við Tyrki áminntu þá um skuldbindingu sína til að taka upp stjórnmálasamskipti við stjórnina í Nikósíu. Á móti féllust ráðamenn í Nikósíu á að falla frá kröfu um að viðræðurnar um þennan fyrsta efniskafla, sem varðar vísinda- og tæknimál, yrðu ekki afgreiddar á einum degi eins og áform voru annars uppi um.

Þetta er fyrsti efniskaflinn af 35 sem Tyrkir verða að ljúka áður en þei r geta gert sér vonir um að fá inngöngu í sambandið. Gert er ráð fyrir að viðræðurnar taki minnst áratug. **- aa**

Hryðjuverkaöfl í Írak:

# Nýr leiðtogi vígamanna

**ÍRAK, AP** Hryðjuverkaöfl í Írak eru talin hafa fundið arftaka Abu Musab Al-Zarqawis, sem drepinn var í loftárás af íraska hernum á dögunum. Sá heitir Abu Hamza al-Muhajer, en hann hefur ekki verið sýnilegur í sögu samtakanna áður og virðist ekki vera eftirlýstur af bandarískum yfirvöldum.

Bakgrunnur hans er með öllu óþekktur. Nafnið al-Muhajer táknar „innflytjandi,“ sem bendir til þess að maðurinn sé ekki Íraki, en yfirlýsing um þessa nýju skipan mála var birt á síðu herskárra múslima, þar sem hópur al-Zarqawis, oft kenndur við al-Kaída, hefur áður birt yfirlýsingar sínar. **- sgj**

## ÍSRAEL

**Lestarslys** Fimm fórust og 77 slösuðust þegar lest lenti á jeppa sem sat fastur á teinunum. Fjórir fyrstu vagnar lestarinnar runnu af teinunum, en ökumaður bílsins komst lífs af.

## DALABYGGÐ

**Meirihluti í Dalabyggð** H-listi og N-listi í Dalabyggð hafa náð samkomulagi um myndun nýs meirihluta í sveitinni. H-listi fékk tvo fulltrúa og N-listi þrjá þannig að meirihluti hefur fimm fulltrúa af sjö. Gunnólfur Lárusson, oddviti N-lista, verður sveitarstjóri.

Breytingar á Fréttablaðinu:

# Sigríður Björg nýr fréttastjóri

**FRÉTTABLAÐIÐ** Sigríður Björg Tómasdóttir hefur verið ráðin fréttastjóri á Fréttablaðinu. Tekur hún við starfinu af Pétri Gunnarssyni sem lætur af störfum að eigin ósk. Sigríður Björg, sem hefur unnið á Fréttablaðinu frá stofnun þess, verður fréttastjóri við hlið Arndísar Þorgeirsdóttur og Trausta Hafliðasonar og starfa þau undir stjórn Sigurjóns M. Egilssonar fréttaritstjóra. Pétri Gunnarssyni eru þökkuð vel unnin störf í þágu blaðsins.



SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR

# Björgvin fulltrúi ritstjóra

Björgvin Guðmundsson hefur verið ráðinn fulltrúi ritstjóra Fréttablaðsins. Hann var um skeið ritstjóri DV en þar áður blaðamaður á Markaðnum og Morgunblaðinu. Þá var Björgvin blaðamaður á Fréttablaðinu árin 2001 og 2002.



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

# Framsóknarmenn fá tvö af sjö fagráðum

**Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur taka við stjórn Reykjavíkur í dag. Framsóknarmenn fá forræði í tveimur af sjö fagráðum, auk formennsku í borgarráði. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verður sautjándi borgarstjóri Reykjavíkur.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarskipti verða í Reykjavíkurborg í dag þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tekur við völdum á borgarstjórnarfundi klukkan eitt. Á sama fundi lýkur formlega tólf ára setu Reykjavíkurlistans í meirihluta borgarstjórnar.

Á fundinum í dag verður kosið til allra helstu pólitísku embætta borgarkerfisins, forseta borgarstjórnar og formennsku helstu fagráða og nefnda. Þá verður kosið í stjórnir Faxaflóahafna, Orkuveitu Reykjavíkur, Sorpu og Strætó. Og samkvæmt regluverki borgarinnar verður borgarstjóri kosinn sérstakri kosningu en löngu er orðið ljóst að það verður Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna. Að sama skapi er ljóst að Björn Ingi Hrafnsson, oddviti framsóknarmanna, verður formaður borgarráðs.

Síðustu daga hafa oddvitarnir og helstu samverkamenn þeirra samið um og gengið frá skiptingu embætta milli flokkanna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fær Framsóknarflokkur formennsku í tveimur af sjö fagráðum borgarinnar, framkvæmdaráði og íþrótta- og tómstundaráði. Sjálfstæðismenn fá hins vegar formennsku í menningar- og ferðamálaráði, menntaráði, skipulagsráði, umhverfisráði og velferðarráði. Auk þessara starfa þarf að manna fjölmargar aðrar nefndir og ráð, til dæmis níu hverfisráð, barnaverndarnefnd, framtalsnefnd og nýja mannréttindanefnd sem tekur við verkefnum jafnréttisnefndar og fær útvíkkað hlutverk.



**VERÐANDI BORGARSTJÓRI OG FORMAÐUR BORGARRÁÐS** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Björn Ingi Hrafnsson verða kjörnir til æðstu embætta Reykjavíkurborgar á fundi borgarstjórnar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á kjörtímabilinu munu flokkarnir skipta með sér formennsku í stjórnum Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafna. Fyrri helming þess munu sjálfstæðismenn fara með formennsku í Orkuveitunni og framsóknarmenn í Faxaflóahöfnum. Breytingar verða svo gerðar að tveimur árum liðnum.

Oddvitar flokkanna tveggja funduðu með samflokksmönnum í gær og gerðu þeim grein fyrir sáttmála sínum um meirihlutasamstarfið næstu fjögur árin.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verður sautjándi borgarstjóri Reykjavíkur en Páll Einarsson sýslumaður gegndi embættinu fyrstur manna. Vilhjálmur er sá borgarfulltrúi sem lengst hefur setið í borgarstjórn en hann var fyrst kjörinn 1982. Þrír taka sæti í borgarstjórn í dag sem ekki hafa setið þar áður, Björn Ingi Hrafnsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir Sjálfstæðisflokki og Svandís Svavarsdóttir, vinstri grænum. Þá verða sjálfstæðismennirnir Gísli Marteinn Baldursson og Jórunn Frímannsdóttir aðalmenn í borgarstjórn en þau voru varamenn á síðasta kjörtímabili. Júlíus Vífill Ingvarsson, Sjálfstæðisflokki, sest á ný í borgarstjórn og Björk Vilhelmsdóttir og Dagur B. Eggertsson sitja þar nú fyrir Samfylkinguna en Björk var fulltrúi vinstri grænna á Reykjavíkurlistanum og Dagur stóð utan flokka.

bjorn@frettabladid.is

Ályktun framsóknarkvenna:

# Fjölda kvenna í stjórn fagnað

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdastjórn Landssambands framsóknarkvenna fagnar því að þrjár konur skuli gegna ráðherraembættum fyrir flokkinn, jafn margar og karlar. Í ályktun stjórnarinnar segir að þessi skipan mála sé í samræmi við lög, reglur og stefnu flokksins.

*Þá er því fagnað sérstaklega* að Valgerður Sverrisdóttir skuli fyrst kvenna verða utanríkisráðherra Íslands og er henni og Jónínu Bjartmarz, verðandi umhverfisráðherra, óskað til hamingju með nýju störfin. **- bþs**



JÓNÍNA BJARTMARZ



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Dæmdur í 30 daga fangelsi:

# Játaði að eiga barnaklám

**DÓMSMÁL** Hafnfirðingur var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í þrjátíu daga fangelsi fyrir vörslu barnakláms.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa á árunum 2005 og 2006 haft í vörslu sinni 190 ljósmyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Alls fannst 181 ljósmynd á hörðum diski í turntölvu í eigu ákærða og níu ljósmyndir voru á hörðum diski í HP turntölvu, sem ekki var í eigu ákærða.

Maðurinn játaði brot sín. Að teknu tilliti til þess að hann hefur ekki áður sætt refsiviðurlögum og var ungur að árum þegar hann framdi brotið þótti dóminum rétt að skilorðsbinda refsinguna. **- jss**


BÍLL DAGSINS
VOLKSWAGEN VENTO
Nýskr 05.97 - Beinskiptur - Ekinn 160 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Oddviti minnihluta í Snæfellsbæ vill afturkalla uppsagnir sex bæjarstarfsmanna:

# Segir uppsagnirnar ofsóknir

**ATVINNUMÁL** Öllum starfsmönnum sundlaugar og íþróttahúss á Ólafsvík, sex talsins, var sagt upp störfum af bæjarstjóra Snæfellsbæjar, Kristni Jónassyni, í byrjun mánaðar. Oddviti minnihlutans í bænum kallar uppsagnirnar pólitískar ofsóknir.



KRISTINN JÓNASSON

„Bæjarstjórinn rauk til strax eftir kosningar og rak þetta fólk án þess að ræða það við bæjarráð eða bæjarstjórn eins og honum ber skylda til. Hann sagði ástæðuna vera skipulagsbreytingar, sem er mjög ódýr skýring auk þess sem það er ólöglegt að segja fólki upp vegna skipulagsbreytinga,“ segir Gunnar Örn Gunnarsson, oddviti J-lista, en Sjálfstæðisflokkur hélt meirihluta sínum í bænum. „Þetta er fólk sem hann er búinn að vera að stríða við í vetur og er meðal fárra sem þorðu að birta mynd af sér sem stuðningsaðilar við hitt framboðið. Í mínum huga eru þetta bara pólitískar ofsóknir og illa undirbúin hefndaraðgerð sem ekki er hægt að komast upp með.“ Minnihlutinn mun leggja það til á bæjarstjórnarfundi á fimmtudag að uppsagnirnar verði afturkallaðar og fólkið beðið afsökunar.



**ÓLAFSVÍK** Oddviti J-lista kallar uppsagnirnar illa undirbúna hefndaraðgerð.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri segir að alltaf megi deila um það hvort löglegt sé að segja fólki upp vegna skipulagsbreytinga.

„Við þurfum að endurskipuleggja starfsemina vegna þess að við höfum haft opið á Hellissandi líka. Starfsmennirnir neituðu að taka að sér vaktir þar og á eftir samningaleiðinni er þetta leið númer tvö.“ Kristinn sagðist jafnframt alltaf hafa ráðið og sagt upp fólki án þess að bæjarráð kæmi þar nærri, þrátt fyrir að það væri strangt til tekið bannað. **- sh**

www.toyota.is

# Fagnaðu nýrri Corollu með grillveislu




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32658 05/2006

## Góður bíll - og grillið fylgir.

Sumarið er góður tími til að gleðja vini og fjölskyldu. Þess vegna fylgir öllum seldum Corolla einstaklega veglegur grillpakki að verðmæti 130 þús. krónur: Gæða Permasteel grill frá Byko, grillábreiða, 10 kg gaskútur, hágæða grilltangasett og 10 manna grillveisla frá Nóatúni. Allt þetta færðu samansett og sent heim til þín. Það gerist varla betra. Fagnaðu nýrri Corollu með grillveislu.

**Corolla er einn** vinsælasti bíll síðustu tveggja áratuga. Aksturseiginleikar, öryggi, sparneytni og lág bilanatíðni hafa skipað honum sérstakan sess í hugum Íslendinga.

**Á endanum velur þú Corolla.**
Verð frá 1.909.000 kr.



**Grillpakki að verðmæti 130 þús. krónur:**
**Gæða Permasteel grill frá Byko, grill-ábreiða, 10 kg gaskútur, hágæða grilltangasett og 10 manna grillveisla frá Nóatúni.**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**


| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 12.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,98 7 | 4,34 |
| Sterlingspund | 136,28 | 136,94 |
| Evra | 93,21 | 93,73 |
| Dönsk króna | 12,5 | 12,574 |
| Norsk króna | 11,973 | 12,043 |
| Sænsk króna | 10,134 | 10,194 |
| Japanskt jen | 0,6466 | 0,6504 |
| SDR | 109,13 | 109,79 |

*Gengisvísitala krónunnar*
129,5617

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjálfsvígin í Guantanamo-fangabúðunum:

# Flytja átti einn fangann

**PÚERTÓ RÍKÓ, AP** Bandaríkjaher hafði ákveðið að flytja til annars lands einn fanganna þriggja sem frömdu sjálfsvíg í Guantanamo-fangabúðunum á laugardag. Fanganum, sem var frá Sádi-Arabíu, hafði ekki verið tilkynnt um ákvörðunina. Þetta kom fram í upplýsingum sem talsmenn hersins gáfu í gær.

Einnig kom fram að annar Sádi-Arabi á sextán ára gamall að hafa tekið þátt í uppþoti í fangelsi í Afganistan þar sem bandarískur leyniþjónustumaður fórst. Jemeninn sem tók líf sitt er sagður hafa verið tengdur al-Kaída hryðjuverkasamtökunum. Engum fanganna höfðu verið birtar ákærur.

Dauði mannanna hefur vakið gífurlega athygli, og hafa ráðamenn fjölmargra ríkja tekið undir með talsmönnum Sameinuðu þjóðanna, sem segja að Bandaríkjunum beri að loka búðunum af því að þær brjóti á mannréttindum fanganna.

Af alls 759 mönnum sem setið hafa þar í haldi síðan búðirnar voru reistar árið 2002 hafa aðeins 10 verið ákærðir. Talsmenn hersins segja fangana vera ógn við Bandaríkin og vinaþjóðir þeirra, og haft var eftir yfirmönnum búðanna að sjálfsvígin hafi verið „auglýsingaáróður“. Talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, sagði þessi ummæli óheppileg. **- smk**



**FRÁ GUANTANAMO** Sífellt fleiri kalla eftir lokun fangabúða Bandaríkjahers á Kúbu. NORDICPHOTOS/AFP

Sigurður G. Guðjónsson:

## Er ekki að kaupa Fróða

**TÍMARIT** Sigurður G. Guðjónsson lögmaður er ekki að kaupa tímarit Fróða og kveðst heldur ekki sjá um kaupin fyrir einhvern annan. „Ég var einfaldlega að veita framkvæmdastjóranum lögfræðilega ráðgjöf. Hún vann hjá mér í mörg ár uppi á Stöð 2 og ég rek bara mína lögfræðistofu,“ segir hann.

Þorgeir Baldursson, framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar Odda, segir að nokkrir hafi sýnt því áhuga að kaupa Fróða upp á síðkastið en á þessu stigi sé ekki hægt að segja frá neinum viðræðum. „Við höfum ekki verið að sýna því neinn áhuga á að selja. Það er ekkert á borðinu,“ segir hann. **- ghs**

Fjármálaráðherra:

## Fer vonandi hraðar í gegn

**EFNAHAGSMÁLIN** Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að verðbólgan sé í takt við það sem búist hafi verið við eða kannski heldur hærri. „Vonandi er það frekar merki um að þetta verðbólguskot fari hraðar í gegn en búist var við.“



**ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA**

Árni telur ljóst að verðbólguskotið hafi einhverjar afleiðingar. „En maður getur aldrei sagt til um það hvernig markaðir bregðast við,“ segir hann og bætir við að verðbólgan sé til komin vegna gengisbreytinga en líka vegna þess að húsnæðisvísitalan hafi hækkað meira en menn hafi átt von á. **- ghs**

Ungverjar leggjast í rúmið:

## Flóðin menga vatnsbólin

**UNGVERJALAND, AP** Flóð af völdum mikilla rigninga mengaði vatnsból borgarinnar Miskolc, sem er um 160 kílómetra norðaustur af Búdapest, í síðustu viku.

Tólf hundruð íbúar borgarinnar þjáðust greinilega af bakteríusýkingu, sem lýsti sér með niðurgangi, uppköstum og þreytu og enn eru um áttatíu þeirra á sjúkrahúsi. Unnið er að hreinsun vatnsins í borginni. **- kóþ**

### LÖGREGLUFRÉTT

**Ölvunarakstur** Rúmlega tvítugur karlmaður var stöðvaður fyrir ölvunarakstur í miðbæ Borgarness um sexleytið síðdegis í gær. Einn farþegi var í bílnum. Aksturslag mannsins þótti undarlegt og stöðvaði lögreglan þá bílinn.

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í myndatexta á forsíðu blaðsins í gær að Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, væri á myndinni. Fréttin var unnin landa á milli og olli það misskilningi við vinnslu hennar.

# Skynsemi í kaupkröfum er mikilvæg

**Verðbólgan er átta prósent og hefur ekki verið jafn há frá 2002. Hagfræðingur segir að verði verðbólgan varanleg séu Íslendingar að stimpla sig út úr úrvalsdeild þjóða í efnahagsmálum. „Við hættum að vera í fremstu röð,“ segir hann.**

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan mælist átta prósent í júní, fyrst og fremst vegna hækkana á matarverði og húsnæði. Þetta er hærri verðbólga en gert hafði verið ráð fyrir. Verðbólgan hefur ekki mælst hærri frá því í mars og apríl árið 2002 þegar hún mældist 8,7 og 7,5 prósent. Verðbólguhraðinn er mikill, þriggja mánaða verðbólga mælist rúmlega sextán prósent.




Hagfræðingar hjá aðilum vinnumarkaðarins segja að verðbólgan sé meiri en búist hafði verið við. Gengi krónunnar hafi fallið hratt og mikið. Það þýði að vextir verði hærri og líkur aukist á því að Seðlabankinn hækki stýrivexti sína meira en ella.

Verðbólgutíðindin auka „staðfestu okkar í því að reyna að afstýra þessari verðbólguþróun og reyna að ná henni niður. Ég held að þau geri það enn brýnna en ella að menn nái samkomulagi á vinnumarkaði,“ segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA.

„Verðbólga af þessari stærðargráðu má ekki verða varanleg. Við erum þá hreinlega að stimpla okkur út úr úrvalsdeild þjóða í efnahagsmálum og hættum að vera í fremstu röð. Það er ekkert háþróað efnahagslíf með verðbólgu af þessari stærðargráðu,“ segir hann.

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir að verðbólgumælingin í gær hafi verið „vond tíðindi.“ Lánin hækki og afborganir og greiðslubyrði heimila þyngist. Kaupmáttur rýrni. Laun hækkuðu um 2,5 prósent um síðustu áramót en það vegi lítið upp á móti þessari verðbólgu.

„Við vonumst til að það fari að hægja á þegar líða tekur á árið eða á næsta ári. Það er algjörlega óviðunandi að hafa átta prósenta verðbólgu og við sjáum ekki að hún lækki á næstu mánuðum,“ segir hann.

„Verðbólga sem kemur vegna gengisfalls er ekki viðvarandi verðbólga. Hún getur hjaðnað mjög hratt,“ segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins. „Það gerðist sem betur fer 2001-2002 þegar við fengum samsvarandi verðbólguskot. Það er mikilvægt að vinnumarkaðurinn sé skynsamur í sínum kaupkröfum og aðilar vinnumarkaðarins nái vel saman. Öðruvísi næst verðbólgan ekki niður. Til lengri tíma getur verðbólgan líka verið skaðleg fyrir allt atvinnulíf. Hún hefur líka áhrif á samkeppnisstöðuna og útflutninginn.“ **ghs@frettabladid.is**



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** „Vond tíðindi,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands.



**HANNES G. SIGURÐSSON** „Úr úrvalsdeild þjóða,“ segir Hannes G. Sigurðsson, hagfræðingur Samtaka atvinnulífsins.



**BJARNI MÁR GYLFASON** „Getur hjaðnað mjög hratt,“ segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.



**STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐURNAR** Ekkert gekk í ellefu vikur að ná sátt um forseta þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úkraínska þingið í upplausn:

## Gengur ekki að skipa stjórn

**ÚKRAÍNA, AP** Flokkur Viktors Júsjenkó, forseta Úkraínu, sleit í gær viðræðum við Sósíalistaflokkinn um myndun ríkisstjórnar, en þær höfðu varað í ellefu vikur. Flokkur forsetans, Okkar Úkraína, krafðist þess að skipa mann úr sínum röðum sem forseta þingsins, en það gátu sósíalistarnir ekki gefið eftir. Formaður þeirra, Oleksandr Moroz, krafðist þess að Júsjenkó gripi inn í viðræðurnar.

Bæði þingið og ríkisstjórnin eru í óstarfhæfu ástandi og varð það til þess að George Bush Bandaríkjaforseti frestaði heimsókn sinni til Úkraínu, sem átti að fara fram í þessum mánuði. **- sgj**

Kárahnjúkavirkjun:

## Börðust við eld í fallgöngum

**BRUNI** Eldur kom upp í fallgöngum Kárahnjúkavirkjunar á fimmta tímanum í gær. Engir menn voru nálægt þar sem eldurinn logaði og engan sakaði.

Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá rafbúnaði en í fimm metra breiðum göngunum er mikill eldsmatur, til dæmis vélbúnaður og rafmagnskaplar. Eldurinn var í 200 metra hæð í göngunum og uppgötvaðist þegar reyk lagði upp úr aðgöngum á Teigsbjargi.

Vel gekk að rýma göngin og að sögn Baldurs Pálssonar, yfirmanns Brunavarna á Héraði, var búið að slökkva eldinn um klukkan sjö í gærkvöld. **- sh**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**TÖKUM EINN DAG Í EINU**

Öfgar eru alltaf slæmar. Gildir einu hvort í hlut eiga peningar eða eitthvað annað. Eflaust á það sama við um veðrið. Hins vegar má kannski segja að þegar horfur eru á einum björtum degi í dag og svo aftur rok og rigning á morgun, þá sé kannski um undirskömmtun að ræða af blessaðri sólinni. Allavega bendir allt til að hún verði heldur spar á sig þegar horft er til næstu daga.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Hæg vestlæg átt og bjart veður. Þykknar upp með kvöldinu. Hiti 8-11 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




10-15 m/s sunnan og vestan til annars heldur hægari.

*» fimmtudagur*




5-10 m/s og súld vestan til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24°C heiðskírt | London | 25°C skúrir | Alicante | 25°C alskýjað |
| Billund | 27°C heiðskírt | París | 29°C skúrir | Mallorca | 21°C alskýjað |
| Osló | 26°C heiðskírt | Frankfurt | 25°C léttskýjað | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 29°C heiðskírt | Friedrichshafen | 26°C hálfskýjað | Krít | 23°C skúrir |
| Gautaborg | 22°C léttskýjað | Berlín | 30°C heiðskírt | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

IG+ gjaldeyrisreikningur



# Fleiri pund!

£ | Nýr gjaldeyrisreikningur SPRON ber mun hærri vexti en sambærilegir reikningar.

Hinn nýi **IG+ gjaldeyrisreikningur SPRON** hentar vel þeim sem eiga í erlendum viðskiptum og öðrum sem vilja framúrskarandi vexti á þann gjaldeyri sem lagður er til hliðar. Reikningarnir eru bundnir til þriggja mánaða, lágmarksinnborgun er ein milljón króna.

**Færð þú örugglega bestu vextina á gjaldeyrinn?**
Kynntu þér málið á **spron.is**

spron

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

ARGUS / 06-0310




## KJÖRKASSINN

*Munu Íslendingar sigra Svía í handbolta í heimaleiknum?*

| | |
|---|---|
| já | 82,6% |
| nei | 17,4% |

**VILTU AÐ ÍSLENDINGAR HEFJI HVALVEIÐAR Á NÝ?**

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir


Myndbandabransinn tók nýlega þá ákvörðun að einskorða sig við DVD-diska:

# Engar nýjar spólur leigðar út

**MYNDBANDALEIGUR** Glöggir gestir myndbandaleiga landsins hafa líklega tekið eftir því að nýjustu myndirnar á leigunum eru ekki gefnar út á gömlu VHS-myndbandsspólunum lengur eins og verið hefur, heldur eingöngu á DVD-mynddiskum. Ennþá verður hægt að fá gömlu myndirnar á spólum, þó að maður þurfi DVD-spilara til að horfa á þær nýju.

„Þetta er bara þróunin," segir Stefán Unnarsson, framkvæmdastjóri Myndmarks, samtaka myndbandaleiga og útgefenda. „níutíu prósent útleigunnar voru orðin DVD-diskar, svo menn biðu eins lengi með þessa breytingu og hægt var. Útgefendur voru misfljótir að hætta þessu." Stefán segir vera eftirsjá af spólunum, því þær hafi að mörgu leyti verið betri til útláns.

Arthur Moon hjá söludeild hljómtækja hjá Bræðrunum Ormsson telur myndbandstækin víkja stöðugt fyrir DVD-spilurunum. „Menn hafa verið að kaupa sambyggðu tækin, með DVD- og myndbandstæki, til að geta spilað gömlu spólurnar sínar," segir Arthur. „Ég gæti trúað því að áttatíu prósent heimila eigi DVD-spilara."

Tímarit Myndmarks sem áður hét „Myndbönd mánaðarins" heitir nú „Myndir mánaðarins." Ekki eru þó uppi samræmd áform um að skipta út orðinu „myndbandaleiga" fyrir „diskaleiga." **- sgj**



**DVD-DISKAR** Gömlu VHS-myndbandsspólurnar hafa orðið undir í tæknikapphlaupinu og skipa DVD-diskar nú þeirra fyrri sess.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bílslysið í Ártúnsbrekku:

# Útskrifuð af gjörgæslu

**SLYS** Fjórtán ára stúlka, sem slasaðist í bílslysinu í Ártúnsbrekku í fyrrinótt, var útskrifuð af gjörgæslu í gær. Áverkar hennar voru ekki eins alvarlegir og í fyrstu var talið, en henni hafði verið haldið sofandi í öndunarvél frá því komið var með hana inn. Hún slasaðist ekki á heila eins og haldið var og var því flutt yfir á barnadeild þar sem hún dvelur næstu daga.

Réttindalaus sextán ára strákur keyrði bílinn, en farþegarnir voru fjórir talsins. Reynsluleysi hans hefur líklega verið orsök slyssins, en hann missti stjórn á bílnum og ók á staur. **-sgj**

Íslendingur ákærður í Burnley:

# Sakaður um kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Íslenskur karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir kynferðisbrot gagnvart fjórtán ára gamalli breskri stúlku.

Maðurinn kynntist stúlkunni á spjallrás á vefnum en stúlkan er búsett í bænum Burnley á Englandi.

Hinn 22. febrúar var maðurinn handtekinn á hóteli í Burnley en hann hafði mælt sér mót við stúlkuna í bænum.

Maðurinn hefur til þess að haldið því fram að hann hafi ekkert saknæmt gert af sér en eftir að lögreglurannsókn lauk var ákæra gefin út.

Maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald og hefur hann verið í því síðan. Hann var leiddur fyrir dómara í gær en mál hans verður tekið til aðalmeðferðar fyrir dómi um miðjan júlí. Breskur lögmaður hefur aðstoðað manninn. **- mh**



**ÁRNAÐ HEILLA** Háaðalsfólk víða að árnaði Bhumibol Adulyadj Taílandskonungi heilla í gær.

Taílendingar hylla konung:

# Þaulsætnasti þjóðhöfðinginn

**TAÍLAND, AP** Kóngafólk og aðalsmenn hvaðanæva úr heiminum flykktust í Konungshöllina í Taílandi í gær til að minnast sextíu ára krýningarafmælis hins 78 ára gamla konugs, Bhumibol Adulyadejs, en enginn núlifandi þjóðhöfðingi hefur setið honum lengur á valdastóli.

Hundruð manna söfnuðust saman við höllina og hlýddu á þegar þjóðsöngurinn var fluttur fyrir konungshjónin. **- kóþ**

# Bjartsýni á samninga

**Ráðherrar Evrópusambandsins segjast bjartsýnir á jákvæð viðbrögð Írana við sáttatilboði stórveldanna og að lausn sé þannig í sjónmáli í kjarnorkudeilunni.**

**ÍRAN, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna 25 sögðust í gær bjartsýnir á að Íransstjórn muni gefa jákvætt svar í þessari viku við sáttatilboði stórveldanna sex, sem Javier Solana, utanríkismálastjóri ESB, kynnti fyrir ráðamönnum í Teheran í síðustu viku.

Sáttatilboðið, sem lagt var fram í nafni Bretlands, Bandaríkjanna, Frakklands, Þýskalands, Rússlands og Kína, felur í sér að Írönum er boðinn ýmis ávinningur gegn því að þeir hætti að minnsta kosti tímabundið auðgun úrans, en það er ferli sem hægt er að beita bæði til að framleiða eldsneyti til raforkuframleiðslu í kjarnorkuverum, en einnig til að framleiða kjarnorkusprengjur.

Solana sagði á utanríkisráðherrafundi ESB í Lúxemborg í gær að ráðamenn í Teheran hefðu nú þegar breytt um orðfæri í yfirlýsingum um kjarnorkudeiluna. „Við beitum okkur áfram fyrir því að halda hitastiginu [í orðaskiptunum við Írana] eins lágu og mögulegt er," tjáði Solana fréttamönnum.

Solana sagði að alþjóðasamfélagið hefði boðið Írönum „mjög víðtækan ávinning. Ég vona að þeir svari með jákvæðum hætti." Frekari viðræður við íranska ráðamenn væru framundan, að sögn Solanas. „Staðan er erfið, en ég er ekki svartsýnn," bætti hann við.

Talsmenn Íransstjórnar ítrekuðu á sunnudag að þeir myndu ekki flýta sér að gefa afgerandi svör. Hamid Reza Asefi, talsmaður utanríkisráðuneytisins, sagði að stjórnin myndi „taka eins mikinn tíma og hún telji sig þurfa" til að íhuga tillögurnar. Hann sagði þær innihalda „ásættanleg atriði", en tók ennfremur fram að í þeim væru „vafasöm atriði". Þá væri sumt í þeim óljóst.

**audunn@frettabladid.is**



**SOLANA OG PLASSNIK** Javier Solana talar á blaðamannafundi í Lúxemborg í gær. Ursula Plassnik, utanríkisráðherra Austurríkis sem gegnir formennskunni í ESB, hlýðir á.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


MARKVISS UNDIRBÚNINGUR FYRIR HÁSKÓLANÁM Á FRUMGREINASVIÐI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



Frumgreinasvið Háskólans í Reykjavík veitir framúrskarandi undirbúning fyrir nám á háskólastigi - sérstaklega í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði. Námið er sérsniðið að þörfum, framtíðaráformum og bakgrunni hvers og eins nemanda.

NÁMIÐ HENTAR:

Einstaklingum sem hafa lokið skilgreindu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi úr iðnskóla, verkmenntaskóla, fjölbrautaskóla eða sambærilegu námi. Ekki er gerð krafa um sveinspróf.

Einstaklingum sem hafa lokið stúdentsprófi en þurfa að styrkja sig í stærðfræði og eðlisfræði áður en þeir hefja háskólanám í Tækni- og verkfræðideild.

Einstaklingum sem hafa umtalsverða starfsreynslu.

Námið fer fram í dagskóla. Engin skólagjöld eru í dagskóla á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík. Námið er lánshæft hjá LÍN.

Kynntu þér námið á vef Háskólans í Reykjavík www.hr.is eða hafðu samband við Málfríði Þórarinsdóttur malfrid@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is


# *Yfirlýsing Þorsteins Pálssonar*

Vegna yfirlýsinga Jóhanns Haukssonar blaðamanns í Morgunblaðinu og ljósvakamiðlum síðustu daga vil ég taka þetta fram: Allar ásakanir um að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafi með beinum eða óbeinum hætti haft áhrif á innri málefni ritstjórnar Fréttablaðsins eru rangar og með öllu tilhæfulausar. Fyrir þeim er ekki svo mikið sem flugufótur.

**Það rétta í málinu er þetta:**

1. Skömmu eftir að ég kom að Fréttablaðinu í lok febrúar færði fréttaritstjórinn, Sigurjón M. Egilsson, í tal við mig að hann vildi, ásamt ýmsu öðru, koma fram breytingum varðandi stjórnmálafréttaskrif blaðsins sem Jóhann Hauksson hafði með höndum. Ég sagðist vilja meta þau sjálfstætt yfir lengri tíma áður en ég féllist á tillöguna. Þegar kom fram á vor sýndist mér mat fréttaritstjórans vera rétt. Ég taldi hins vegar rétt að verkaskipti að þessu leyti yrðu við lok vorþings vegna við eðlileg kaflaskil í þeim störfum. Það varð niðurstaðan.
2. Fréttaritstjórinn gaf út skriflegar leiðbeiningar 18. apríl sl. um efnistök varðandi einn þeirra þátta sem Jóhann Hauksson annaðist. Þær leiðbeiningar voru að engu hafðar.
3. Fréttaritstjórinn ræddi 11. maí sl. við Björn Þór Sigbjörnsson blaðamann um möguleika á því að hann tæki að sér, þegar þar að kæmi, hluta þeirra verka sem Jóhann Hauksson hafði með höndum. Ljóst má vera að með öllu var útilokað að fréttaritstjórinn hafi á þeim tíma séð fyrir viðbrögð Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra vegna óbirtrar greinar Jóhanns Haukssonar. Sú grein birtist 2. júní.
4. Þriðjudaginn 6. júní sl. gerði ég, ásamt fréttaritstjóranum, Jóhanni Haukssyni, grein fyrir áformuðum breytingum. Honum var sagt að þær byggðust á heildarmati á skrifum hans um lengri tíma. Við töldum að í þeim hefði ekki verið gætt þess jafnvægis sem fréttalesendur Fréttablaðsins eiga að geta gert kröfu um. Jóhann Hauksson spurði hvort einhver einstök skrif hans væru tilefni þessa. Hann fékk mjög skýr svör um að svo væri ekki. Hann spurði beint hvort kvörtun Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra frá 2. júní væri ástæða. Hann fékk skýr svör um að svo væri ekki. Það er því algjör uppspuni að gefið hafi verið í skyn að sá tölvupóstur væri ástæða breytinganna. Það hefði enda ekki verið sannleikanum samkvæmt og í fullu ósamræmi við ofangreinda atburðarás.
5. Tölvupóstur Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra barst 2. júní sl. Hann var sendur í samriti til mín og Jóhanns Haukssonar. Ég ræddi það mál ekki við Jóhann og því síður við sendandann.
6. Mér er mætavel ljóst að vegna fyrri starfa minna er auðvelt að sá frækorni tortryggni um hvaðeina sem ég tek mér fyrir hendur. Í þessu tilviki hefur það verið gert á grófan hátt með aðferðum sem ekkert eiga skylt við blaðamennsku.
7. Vegna greinar Hallgríms Helgasonar rithöfundar í Fréttablaðinu í gær um þetta mál get ég upplýst að fréttaritstjóri Fréttablaðsins greindi honum frá staðreyndum þessa máls áður en greinin fór í birtingu. Hallgrímur Helgason rithöfundur ver svo heiður sinn sjálfur.

*12. júní 2006*
*Þorsteinn Pálsson*



Ótakmörkuð
símtöl í
alla heimasíma
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Í hvaða landi eru Guantanamo-fangabúðirnar?*

2 *Hver er landsliðsþjálfari Íslands í handbolta?*

3 *Hvaða íslenski fatahönnuður opnaði sýningu í Kaupmannahöfn um helgina?*

SVÖR Á BLS. 38

Samkomulag heimilar að kassar garðyrkjubænda séu notaðir undir ýmsar vörur:

# Engar kvartanir borist Nettó

**NEYTENDUR** Þröstur Karlsson, verslunarstjóri verslunarinnar Nettó í Mjódd, segir það hafa verið mannleg mistök sem urðu til þess að erlendir tómatar voru settir í kassa merktum íslenskum tómötum og að aldrei hafi verið ætlunin að villa um fyrir neytendum. „Þetta eru mannleg mistök hjá ungu fólki sem hjá okkur starfar en hins vegar erum við með íslenska sérpakkaða tómata en erlendir tómatar eru seldir í lausu.“

Kvartanir yfir því að erlendir tómatar væru seldir í kössum merktum íslenskum tómötum bárust Sambandi garðyrkjubænda, en Þröstur segir að sér hafi ekki borist neinar kvartanir frá neytendum vegna málsins. „Þeir kassar sem um ræðir eru grænir og eign garðyrkjubænda og áratugasamkomuleg gerir okkur kleift að nota þá undir aðra vöru bæði erlenda og íslenska. Þröstur segir kössunum raðað það þétt saman að erfitt sé að sjá hverjum þeir eru merktir. Í frétt um íslenska tómata sem birtist í Fréttablaðinu á sunnudaginn er sagt frá konu sem vildi velja íslenska tómata þar sem þeir væru þeir einu án eiturefna. Þröstur segir þetta ekki rétt og að erlendir tómtar sem seldir séu í verslunninni séu vistvæn ræktun og því án eiturefna. - hs



**ERLENDU TÓMATARNIR** eru vistvæn ræktun og því einnig án eiturefna.

Hafró lýkur vorleiðangri:

# Hiti og selta yfir meðallagi

**NÁTTÚRA** Nú er lokið árlegum vorleiðangri Hafrannsóknarstofnunar sem farinn var á rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni. Leiðangurinn var hluti af langtímavöktun á ástandi sjávar, næringarefnum, gróðri og átu á hafsvæðunum við Ísland. Mælingar á ástandi sjávar vorið 2006 sýna áfram hita og seltu vel yfir meðallagi fyrir sunnan og vestan landið, en hita um meðallag og seltu um eða yfir meðallag fyrir norðan og austan land. Allmikill gróður var vestur og norður af landinu en lítill annars staðar. Þá var átumagn víðast yfir langtímameðaltali. - hs

Súpersól til
Salou
í júní
frá kr. 24.995
Síðustu sætin
Terra Nova býður ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Salou í júní. Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða og litríkt næturlíf. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.
kr. 24.995
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð í 5 nætur. Súpersól tilboð, 22. og 29. júní. Aukavika kr. 10.000 á mann.
kr. 34.990
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 5 nætur. Súpersól tilboð, 22. og 29. júní. Aukavika kr. 10.000 á mann.
TERRA NOVA SPENNANDI VALKOSTUR
Skógarhlíð 18 – 105 Reykjavík – sími 591 9000
Akureyri – sími 461 1099 • Hafnarfirði – sími 510 9500
www.terranova.is

allt heimili
Alla fimmtudaga

# Úrskurður kærður til Hæstaréttar

**Verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar hafa kært úrskurð héraðsdóms, að Sigurður Tómas Magnússon og Helgi I. Jónsson þurfi ekki að bera vitni. Verjendur krefjast svara um aðdraganda endurákæru í Baugsmálinu.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær kröfu Gests Jónssonar og Jakobs Möller um að Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, og Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdómur Reykjavíkur, beri vitni fyrir dómi.

Gestur, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, og Jakob Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, vildu kalla Sigurð Tómas og Helga fyrir dóminn sem vitni til þess upplýsa um samskipti sín í aðdraganda þess að aftur væri ákært í málinu vegna ákæruliða sem þegar hafði verið vísað frá.

Gestur Jónsson sagði fyrir dómi að það væri nauðsynlegt fyrir framgang málsins að fá skýr svör við því, „hvernig það mætti vera að settur ríkissaksóknari hafi haft samskipti við dómstjóra um skipan dómara, áður en ákæra var gefin út“, eins og Gestur sagði fyrir dómi.

Gestur vildi einnig fá svör við því „hvers vegna verjendur sakborninga hefðu ekki verið hafðir með í ráðum“, þegar þessi mál voru rædd.

Áður en ný ákæra var gefin út átti Sigurður Tómas samskipti við dómstjóra í málinu og gerði grein fyrir því að dómari í fyrra Baugsmálinu, Pétur Guðgeirsson, væri hugsanlega vanhæfur til þess að dæma í málinu þar sem hann væri tengdur einu vitnanna fjölskylduböndum. Dómstjóri í málinu féllst á það að Pétur væri vanhæfur til þess að dæma í málinu og var Arnaldur Ísberg skipaður dómari í hans stað.

Sigurður Tómas vísaði því á bug að hann hefði haft afskipti af því hver hefði verið skipaður dómari í málinu. Hann hefði einungis bent á tengsl Péturs, dómara í fyrra Baugsmálinu, við eitt þeirra vitna sem hann teldi mikilvægt að kalla fyrir málinu.

Sigurður Tómas hafnaði því einnig að samskipti hans og dómstjóra í málinu hefðu verið með einhverjum hætti óeðlileg.

Sakborningar í Baugsmálinu hafa krafist þess að nýrri ákæru verið vísað frá dómi. Í fyrri ákærunni var 32 af 40 liðum vísað frá en dómurinn tók fyrir átta ákæruliði. Ákærendur er við komu í liðunum átta voru allir sýknaðir.

Málflutningur vegna frávísunarkröfu var á dagskrá héraðsdóms á fimmtudaginn en honum hefur verið frestað þar til niðurstaða Hæstaréttar vegna kærunnar liggur fyrir.

magnush@frettabladid.is



**GESTUR JÓNSSON OG JAKOB MÖLLER** Verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar hafa kært úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar. Þeir vilja fá það á hreint hvernig samskiptum Sigurðar Tómasar Magnússonar, setts saksóknara í málinu, við dómstjóra héraðsdóms var háttað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins
Krabbameinsfélagið
www.krabb.is
Vertu með og styrktu gott málefni!
Dregið 17. júní 2006
TOYOTA
Glæsilegir vinningar:
1 RAV4 4WD GX, sjálfskiptur
Verðmæti 3.290.000 kr.
1 Bifreið eða greiðsla upp í íbúð
Verðmæti 1.000.000 kr.
170 Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun
Hver að verðmæti 100.000 kr.
Upplýsingar um vinningsnúmer í símum 540 1918 (símsvari) og 540 1900 og á vefsíðunni krabbameinsfelagid.is/happ
Fjöldi útgefinna miða: 127.500
172 skattfrjálsir vinningar að verðmæti 21.290.000 kr.
ENNEMM / SÍA / NM21964



**GIRIJA PRASAD KOIRALA** Forsætisráðherra Nepals biðst fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nepalska þingið:

# Konungurinn sviptur völdum

**NEPAL, AP** Nepalska þingið samþykkti á laugardag að svipta Gyanendra konung öllu pólitísku valdi sínu. Þar með getur hann ekki lengur beitt neitunarvaldi gegn lögum sem þingið samþykkir.

Gyanendra konungur tók sér alræðisvald í febrúar í fyrra, en í kjölfar gífurlegra mótmæla gaf hann stjórnmálaflokkum völd á ný. Í síðasta mánuði svipti þingið konunginn valdi yfir her landsins, lagalegri friðhelgi og skattfrelsi.

Girija Prasad Koirala forsætisráðherra stækkaði ríkisstjórn sína á laugardag upp í 21 ráðherra úr 18. Nepalska þingið á jafnframt nú í samningaviðræðum við leiðtoga uppreisnarmanna þar í landi. - smk


Kjörís
Appelsínu Hlunkur
Ananas Hlunkur
Ávaxta Hlunkur
Idol Hlunkur
Grænn Hlunkur
Idol
Hlunkur
Kjörís
Grænn Hlunkur mínus
- sykurlaus
Ananas Hlunkur mínus
- sykurlaus
sykurlaus
Nýtt
Hlunkur mínus
Kjörís
Súkkulaðiíspinni
Lakkrísíspinni
Vanilluíspinni
Karamelluíspinni
Lúxus
Lúxus
karamellutoppís
Lúxus
jarðarberjatoppís
Lúxus
súkkulaðitoppís
Mjólkurhristingur með
jarðarberjabragði
Mjólkurhristingur með
súkkulaðibragði
Púkaskott, vanilluís
með hlauppúkum
Trúðaís með
tyggjókúlu
Sprengipinni
Gormur með
ávaxtabragði
Græn flaug
Klakastöng með
jarðarberjabragði
Magnum með myntubragði
Klakastöng með
appelsínubragði
Calippo
Shots
Magnum með
karamellu og tvöföldu
dökku súkkulaði
MAGNUM
Nýtt
Jarðarberja- og
sítrusklakakúlur
Magnum með
dökku súkkulaði
Magnum með hvítu
súkkulaði
Magnum
með möndlum
Twister
Solero Orange,
ávaxtasorbet með
appelsínuhjúp
Berjasorbet með
sítrusvafningi
WALL'S



**HINDRUNARHLAUP** Það lá við að illa færi hjá þessum unga knapa í keppni sem fram fór í hindrunarhlaupi í Kanada á sunnudag, en þó fór betur en á horfðist. Hvorki stúlkan né hesturinn meiddust, og vann stúlkan til verðlauna síðar um daginn, en á öðrum hesti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tjaldsvæði landsins eru um 150 talsins:

# Helmingur rekinn án leyfis

**FERÐAMÁL** Elías Gíslason, forstöðumaður upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálastofu, telur um 150 tjaldsvæði starfrækt í landinu en einungis 68 þeirra hafi tilskilinn leyfi. Hann segir það í verkahring heilbrigðiseftirlits viðkomandi landsvæða að úthluta leyfum. „Það virðist vera hægt að reka tjaldsvæði hér á landi án leyfa þó að þeirra sé krafist,“ segir Elías. „Við erum með einn fjölsóttasta vefinn yfir tjaldsvæði landsins og hafi tjaldsvæði ekki starfsleyfi fær það ekki inni hjá okkur, því ætti hvatinn að vera að verða sér úti um leyfi.“

Íslensk tjaldsvæði eru flokkuð eftir viðmiðum sem Ferðamálastofa hefur sett. Á heimasíðu Ferðamálastofu er að finna flokkunarkerfið en tjaldsvæðum landsins eru gefnar stjörnur eftir aðstöðunni og þjónustunni sem þar er í boði, mest getur svæði hlotið fimm stjörnur og minnst eina.

Eigendum tjaldsvæða er í sjálfsvald sett hvort þeir kjósa að láta meta svæðið og hefur Ferðamálastofa í dag metið þrjátíu af þeim 68 sem hafa starfsleyfi. Tvö tjaldsvæði hafa hlotið hæstu einkunn, tjaldsvæðið Fossatúni í Borgarfirði og tjaldsvæðið Heiðarbær við Húsavík. - æþe



**TJALDSVÆÐIÐ Í LAUGARDAL** Eitt þeirra 68 tjaldsvæða landsins sem hafa starfsleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Grásleppuvertíð:

## Verðhrun á hrognum

**SJÁVARÚTVEGUR** Verð á grásleppuhrognum er 30 prósentum lægra nú í fyrra segir Elías Helgason, framkvæmdastjóri útgerðarinnar og fiskverkunarinnar Hraungerðis á Bakkafirði. „Við fáum um 34.000 krónur fyrir tunnuna núna en fengum um 50.000 krónur í fyrra,“ segir Elías.

Hann segir hins vegar veiðast vel en um 660 tunnur voru unnar Hraungerði þessa vertíð.

Rúmlega 133 tonn af grásleppuhrognum bárust alls á land á Bakkafirði á vertíðinni núna, sem gera ríflega 900 tunnur af söltuðum hrognum. - jse




Rán á egypskum klerki:

## Ásakanir um meðsekt Ítala

**RÓM, AP** Seinasta ríkisstjórn Ítalíu, sem Silvio Berlusconi fór fyrir, liggur undir ásökunum þess efnis að hafa tekið þátt í meintu mannráni bandarísku leyniþjónustunnar á egypska klerknum Osama Moustafa Hassan Nasr.

Svissneski þingmaðurinn Dick Marty, sem rannsakað hefur leynilega fangaflutninga bandarísku leyniþjónustunnar í Evrópu, segir þátttöku stjórnar Berlusconi í ráninu hafa verið mikla, en klerknum var rænt af götu í Mílanó í febrúar 2003. Því næst var flogið með hann til Egyptalands, en þar segist hann hafa verið pyntaður. - sgj

**SÁDÍ-ARABÍA**

**Maður hálshöggvinn** Önnur aftaka ársins í Sádí-Arabíu fór fram í gær og var maður hálshöggvinn með sverðju á almannafæri fyrir morð á tveimur mönnum.



**UMFERÐARSLYS** Frumvarp liggur fyrir á Alþingi þar sem lagt er til að ef ólögleg fíkniefni mælist í blóði eða þvagi ökumanns þá teljist hann óhæfur til að stjórna ökutæki. MYNDIN ER ÚR SAFNI

# Sex dauðaslys vegna ölvunar

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetur fólk til að láta vita ef það veit af ölvuðum ökumanni. Talið er að koma hefði mátt í veg fyrir tvö slík slys ef lögreglu hefði verið gert viðvart um ölvunarakstur.**

**UMFERÐ** Nítján manns létust í sextán umferðarslysum hérlendis á seinasta ári. Hlutust sex þeirra af ölvunarakstri, þar af tvö sem stöfuðu af samspili áfengis og fíkniefna. Í að minnsta kosti tveimur tilvikum hefði það getað haft áhrif ef lögreglu hefði verið tilkynnt um ölvunaraksturinn.



**ÁGÚST MOGENSEN**

Af þessu tilefni vill Rannsóknarnefnd umferðarslysa hvetja fólk til þess að láta lögreglu vita ef það veit til þess að einhver undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna ætli sér að aka bifreið. Þetta kemur fram í skýrslu nefndarinnar fyrir árið 2005.

„Ég held að meginástæðan fyrir að fólk láti ekki vita af þessu sé að það vilji ekki koma vinum sínum og ættingjum í klandur, en það voru að minnsta kosti tvö slys þar sem mátti lesa klárlega úr gögnum málsins að nærstaddir aðilar hefðu getað tilkynnt lögreglu.“ sagði Ágúst Mogensen, forstöðumaður nefndarinnar.

Á Alþingi liggur fyrir frumvarp sem segir að ef ólögleg ávana- eða fíkniefni mælist í blóði eða þvagi ökumanns þá teljist hann óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Rannsóknarnefndin álítur þessa breytingu nauðsynlega. Eyða þurfi óvissu um akstur undir áhrifum ólöglegra lyfja og taka hann föstum tökum líkt og ölvunarakstur. Telur nefndin heppilegast að setja núllmörk í þessu efni þar sem akstur krefjist fullkominnar athygli og engin ástæða sé til að leyfa hann undir áhrifum ólöglegra fíkniefna, sama hve lítill skammturinn sé.

salvar@frettabladid.is




Flutningabílar og ferðamenn á sama vegkafla:

# Öryggi ábótavant

**UMFERÐ** Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur að umferðaröryggissjónarmið hafi ekki fengið nægjanlegt vægi við undirbúning framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu nefndarinnar fyrir árið 2005. Að mati hennar er afar óheppilegt að umferð flutningabifreiða sé beint í gegnum fjölsóttan ferðamannastað líkt og Hallormsstaðaskóg og hefði þess í stað átt að skoða af fullri alvöru að byggja nýja brú yfir Lagarfljót, bæta Upphéraðsveg norðanmegin og beina þungaumferð þar um. „Við teljum það afar óheppilegt að það sé verið að blanda saman umferð flutningabíla og ferðamanna. Þetta er mismunandi umferð sem gerir kröfur um mismunandi vegi. Við bendum á að það er breytilegur hugsunarháttur, við erum að setja okkur markmið um að fækka umferðarslysum eins og við getum og nútímahugsun í umferðaröryggismálum leyfir ekki að við gerum svona aftur.“ sagði Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa. - sþs





PinUp.as/Massimo Leardini - HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5537
MUNIÐ BÍLBELTIN
UMFERÐARSTOFA





DEBENHAMS

25% afsláttur af öllum vörum í DEBENHAMS í dag nema 15% af snyrtivörum



Þú getur sótt um e-kortið á ekort.is og e² Vildarkortið á e2.is

Þeir sem greiða með e-korti eða e² Vildarkorti í dag 13. júní fá 25% afslátt af fatnaði og heimilisvörum. Einnig 15% af snyrtivörum.

e kort www.ekort.is

e² Vildarkort


Friðargæsluliðar hugsanlega of margir í heiminum:

# Meira fé eytt í heri

**SVÍÞJÓÐ, AP** Fjárútlát vegna herja heims jukust um 3,4 prósent milli áranna 2004 og 2005, að því er fram kemur í árlegri skýrslu sænsku friðarrannsóknarstofnunarinnar, SIPRI, sem birt var í gær.

Alls eyddu lönd heims 82.700 milljörðum króna í herkostnað í fyrra. Þar af báru Bandaríkin ábyrgð á 48 prósentum upphæðarinnar, aðallega vegna stríða þeirra í Írak og Afganistan, sem og vegna björgunarstarfsemi Bandaríkjahers vegna fellibyljarins Katrínar í fyrrahaust.

Höfundar skýrslunnar sögðu jafnframt að Sameinuðu þjóðirnar og aðrir aðilar gætu verið farnir að senda of marga friðargæsluliða út í heim. **- smk**



**BANDARÍSKUR HERMAÐUR Í ÍRAK** Bandarísk stjórnvöld eyddu 48 prósentum af heildarupphæðinni sem lönd heims vörðu í heri sína í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ PALESTÍNSKA ÞINGINU** Palestínskur þingmaður fórnar höndum í þingsal í gær. Þingið samþykkti að halda áfram að ræða við Mahmoud Abbas forseta um Fangaskjalið svokallaða, sem leggur til að Palestínumenn stofni sjálfstætt ríki við hlið Ísraels. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Áfram rætt um saming

**Þingmenn Hamas samþykktu í gær að halda áfram viðræðum við forseta Palestínu um Fangaskjalið. Forsætisráðherra Ísraels er í Bretlandi í leit að stuðningi í friðarumleitunum milli Ísraels og Palestínu.**

**GAZA-SVÆÐIÐ, AP** Hamas-leidd heimastjórn Palestínu ákvað í gær að seinka kosningu í þinginu um þjóðaratkvæðagreiðslu sem Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, ákvað um síðustu helgi að haldin yrði í júlí. Í stað þess ætla þingmenn að eyða meiri tíma í viðræður um málið við Abbas.

Þjóðaratkvæðagreiðslan yrði um hvort Palestínumenn skuli stofna sjálfstætt ríki við hlið Ísraels og byggist á svokölluðu Fangaskjali sem þingmenn Fatah og Hamas, sem sitja í ísraelskum fangelsum, hafa samið.

Meðlimir Hamas-hreyfingarinnar eru mótfallnir orðalagi skjalsins, því það viðurkennir óbeint tilverurétt Ísraels, og hafa þingmenn hreyfingarinnar hótað að reyna að koma í veg fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslan nái fram að ganga.

Verði tillagan samþykkt, munu landamæri Palestínu færast aftur til þeirra sem voru í gildi fram að stríðinu sejnt á sjöunda áratugnum, þegar Ísraelar hernumu mikil landsvæði og hröktu Palestínumenn burt af þeim.

Ehmud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hefur gefið Palestínumönnum frest til ársloka á næsta ári til að samþykkja friðarsamning, ella muni Ísraelar draga endanleg landamæri milli Ísraels og Palestínu fyrir árið 2010, hvort sem Palestínumenn samþykki þau eður ei.

Það setur því enn frekari pressu á Palestínumenn að ná einingu um landamæradeiluna sem fyrst, því ella verður staða þeirra mun veikari í baráttunni um hernumdu svæðin.

Í heimsókn til Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, í gær, sagðist Olmert vilja gera allt sem hægt væri til að semja frið við Palestínu, en tók jafnframt fram að Ísrael væri enn sem fyrr tilbúið til að draga landamæralínurnar einhliða.

Blair sagði alþjóðasamfélagið einhuga í þörfinni á friðarsamkomulagi milli Ísraels og Palestínu, og lofaði Olmert stuðningi í þeirri umleitan. Á þeim rúma mánuði síðan Olmert var kosinn til valda, hefur hann ferðast til Bandaríkjanna, Egyptalands og Jórdaníu í leit að frekari stuðningi í þeim málum.

Palestínumenn eru rúmar níu milljónir talsins. Þar af eru allt að 6,5 milljónir þeirra flóttamenn, samkvæmt Frelsissamtökum Palestínu, PLO. **smk@frettabladid.is**

Sýknaður af ákæru um líkamsárás á salerni Players:

# Framburði vitna bar ekki saman

**DÓMSMÁL** Reykvískur karlmaður var í gær sýknaður í Héraðsdómi Reykjaness af líkamsárás á konu á salerni veitingastaðarins Players í Kópavogi. Skaðabótakröfu konunnar var vísað frá dómi.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa slegið konuna í andlitið með krepptum hnefa inni á salerni veitingastaðarins þannig að hún hlaut blóðnasir, eymsli og bólgur hægra megin í andliti, glóðarauga og sprungu eða brot í augnbotni.

Framburði vitna bar ekki saman og taldi dómurinn ekki hafa komið fram sönnun, sem ekki yrði véfengd með skynsamlegu rökum, fyrir því að maðurinn hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök. **- jss**

Nýtt tákn um gæði

**sóltilboð**

**Frábær sumarauki**
**Verðmæti 265.000 kr.**
**-þér að kostnaðarlausu**

Aðeins **22** sportjeppar eru til á þessu sérstaka sóltilboði

Sóltilboð með aukahlutapakka 2.990.000 kr.*

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active tilbúinn til afhendingar núna

**Tilboðið gildir til 16. júní**



Ford Escape 4x4 GPS Active
2,3i, 5 dyra, sjálfskiptur, 153 hestöfl.

# Rataðu á Escape
## og þú nýtur þess að vera til



**Ford** Escape 4x4
**GPSActive**
Sóltilboð með aukahlutapakka*
# 2.990.000 kr.
Rekstrarleiga 54.169 kr. Bílasamningur 36.768 kr.

## Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.
**Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:**

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

*Og sportjeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni*

### Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kauptu Ford Escape GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Islantilla golfvellinum á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensínstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?




**Aukalega 265 þús. - þér að kostnaðarlausu.**
**Komdu í dag. Vertu á Ford Escape 4x4 GPS Active.**

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active er til afhendingar strax
**Tilboðið gildir til 16. júní**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 16. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er söllúga.




Gildir 13. júní á meðan birgðir endast.


99 kr/stk.
Texas pizzur 300 g
99 kr/pk.
Maryland kex
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
McCormick svartur pipar
99 kr/stk.
Ritter Sport 100 g
99 kr/stk.
Queen hvítlauksbrauð
99 kr/pk.
Samsölu Beyglur
99 kr/pk.
Borgarnes skinka 140 g
99 kr/stk.
Myllu baguette brauð
99 kr/stk.
Kökur
99 kr/stk.
GK súkkulaði ís 1 l
99 kr/kg.
Appelsínur
99 kr/pk.
Lögmálin 9
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

**Loksins mikið í könnunum**

*„Ég tel bara að ég hafi nóg á minni könnu. Ég er að taka við utanríkisráðuneytinu, sem er mjög krefjandi og er í pólitískri forystu í mínu kjördæmi.“*

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR, VERÐANDI UTANRÍKISRÁÐHERRA, UM ÞAÐ HVERS VEGNA HÚN SÆKIST EKKI EFTIR FORMANNSSTÓLI FRAMSÓKNARFLOKKSINS. FRÉTTABLAÐIÐ 12. JÚNÍ.

**Svíum verður á**

*„Ég held þeir hafi aðeins vanmetið okkur en þeir gera það ekki lengur.“*

ALFREÐ GÍSLASON, LANDSLIÐSÞJÁLFARI ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í HANDKNATTLEIK, EFTIR SIGURINN GEGN SVÍUM. FRÉTTABLAÐIÐ 12. JÚNÍ.

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GRÍMUR ATLASON TÓNLEIKAHALDARI OG ATHAFNAMAÐUR

# Ham og Mezzoforte eru svipuð bönd

„Það sem er helst að frétta er að ég er bara að fá mér sojalatte á Kaffitári og Ham ætlar að spila 29. júní,“ sagði Grímur Atlason tónleikahaldari þegar blaðamaður hitti á hann í gærmorgun. „Þetta verður á NASA og Nine-elevens hita upp. Mezzoforte spilar svo á Akureyri 23. júní. Þessi keimlíku bönd eru þau sem ég er mest að vinna að núna. Svo verður dagskrá Innipúkans kynnt 29. júní og miðasala hefst sama dag.“

Þegar blaðamaður reyndi að veiða upp úr honum nöfn einhverra hljómsveita sem kæmu fram á þeirri hátíð, sem er haldin um verslunarmannahelgina, vildi Grímur ekkert gefa upp. „Dr. Gunni mun spila, það er það eina sem ég gef upp. Ég spila á bassa með honum,“ sagði hann og hló.

Grímur vann áður sem þroskaþjálfi, en vinnur nú nær alfarið við tónleikahald og virðist nóg hafa að gera. „Ég var áður þroskaþjálfi og tónleikahald var aukabúgrein, en fyrir tveimur árum hætti ég og tónleikahald varð fullt starf,“ sagði Grímur, en honum gengur vel í starfi.

„Það er uppselt á Belle & Sebastian, bæði á NASA og fyrir austan,“ sagði hann og vísaði þar til tónleikanna sem fyrirtæki hans Austur-Þýskaland mun standa fyrir í júlí, þar sem annars vegar kemur fram Emilíana Torrini og hins vegar skoska stórhljómsveitin Belle & Sebastian. Fyrri tónleikarnir verða á NASA, en þeir seinni í Bræðslunni á Borgarfirði eystri. „Ég mun að sjálfsögðu fara austur til að horfa á. Svo er heimsmeistarakeppnin í fótbolta í gangi, sem er alveg stórkostlegt.“



## SJÓNARHÓLL
SJÓMANNADAGURINN



RÚNAR JÚLÍUSSON

### Úr sjómennsku í sjóbissnis

„Ég hélt upp á sjómannadaginn með Sjómannafélaginu Vísi á heljarinnar sjómannaskemmtun í Stapanum á laugardaginn,“ segir Rúnar Júlíusson, tónlistarmaður frá Keflavík. „Ég var eitt sumar á trillu fyrir nokkrum áratugum og svo vann ég í frystihúsinu í Keflavík þannig að maður hefur ekki látið sitt eftir liggja í sjávarútveginum. Ég var reyndar svolítið sjóveikur en það var ekki þess vegna sem ég hætti á sjónum heldur ákvað ég bara að söðla um og fara úr sjómennsku í sjóbissnis og ég sé ekkert eftir því.

Það er mun meira um hátíðarhöld í tilefni dagsins í Grindavík og Sandgerði enda hefur þetta breyst svo mikið hér í Keflavík. Þegar ég var að alast upp voru 300 bátar í höfninni og tvær manneskjur að vinna í bankanum en nú hefur þetta snúist við og það eru tveir bátar í höfninni en 300 manns sem vinna í bankanum. En ég gleymi ekki upprunanum enda syng ég mikið af sjóaralögum og samgleðst sjómönnum því á þessum degi.“

# Sjómannadagur fjarri heimahöfn

**Þótt útgerðarmönnum sé fyrirlagt að hafa flota sinn í höfn á sjómannadag voru nokkrir sjómenn staddir fjarri heimahöfn og við lítinn hátíðarbrag. Meðal þeirra var áhöfnin á Engey sem var að fylla togarann af kolmunna og síld í færeyskri lögsögu meðan landinn hlýddi á ræðuhöld og horfði á kappróður.**

„Við vorum norðaustur af Færeyjum á kolmuna og síldveiðum á sjómannadaginn,“ sagði Þórður Magnússon, skipstjóri á Engey, þegar hann var á stíminu af miðum. „Það var öruggleg engu verra en að kúldrast í rigningunni við Reykjavíkurhöfn að hlusta á



**FULLUR POKI AF KOLMUNNA** Kolmunnaveiðar hafa gengið mjög vel og hérna sést fullur poki eftir gott kast. PÓRÐUR MAGNÚSSON

ræður. Við heyrðum þær að mestu í útvarpinu hvort sem er. En nú erum við hinsvegar á leið til Kollafjarðar í Færeyjum með kjaftfullt skip. Samskip á stóra frystigeymslu þar,“ bætti hann við en það eru rúm 2000 tonn sem þarf til að fylla fleyið.

En þó að 27 manna áhöfnin hafi ekki haft tóm til hátíðarhalda þá reyndu menn að minnast dagsins með einhverjum hætti. „Það var góður matur borinn á borð í tilefni dagsins. Reyndar er alltaf svo góður matur hérna að ég man ekki hvað var á borðum; það rennur allt saman í eitt. Ég reyni bara að sveigja mér framhjá öllum þessum hlaðborðum sem eru að svigna undan kræsingum hér um borð svo að þetta endi ekki í óefni með holdarfarið.“

Ekki er nóg með að hann verði að forðast kræsingarnar um borð heldur einnig þegar í land er komið. „Nú fer stærsti hlutinn af þessari áhöfn í frí og ég þar á meðal en aðrir taka næsta túr og þar sem við misstum af hátíðarhöldunum ætlar Grandi að bjóða okkur út að borða. Þannig að það væsir ekki um mann. Það gerir það heldur ekki þegar við erum í höfn í Færeyjum en þar eru menn alveg frábærir heim að sækja. Það kom til dæmis gamall yfirhafsögumaður að taka á móti okkur hér fyrir skömmu og hann tók ekki annað í mál en að ég þægi heimboð. Þar var hvalkjöt og spik borið á borð þannig að það virðast vera örlög mín um þessar mundir að koma hvarvetna að svignandi borðum.“

Þórður segir að áður fyrr hafi það heyrt til undantekninga að hann væri í landi á sjómannadag en það hafi breyst árið 1987 þegar leitt var í lög að skip í íslenskri lögsögu skyldu vera í landi á þessum hátíðardegi. „Þetta minnir mann því bara á gamla daga,“ sagði karlinn í brúnni á heimstíminu í gær. jse@frettabladid.is



**LÖNDUN Í KOLLAFIRÐI** Kolmunni og síld koma svo niðurpökkuð til hafnar í Kollafirði í Færeyjum en þar er Samherji með frystigeymslur. Færeyingar taka áhöfninni vel og var skipstjóra fyrir skömmu boðið í hvalkjöt og spik hjá gamla yfirhafsögumanninum. MYND/ÞÓRÐUR MAGNÚSSON




Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fór fram um helgina víða um land:

# Hlaupandi þrátt fyrir háan aldur

Milli 16 og 17 þúsund konur víða um land tóku þátt í kvennahlaupinu á laugardag en keppt var á yfir 90 stöðum. Er það álíka þátttaka og á síðasta ári en þetta er í sautjánda sinn sem hlaupið er haldið.

Eldri konur létu sitt ekki eftir liggja frekar en fyrri daginn og elsti keppandinn var Torfhildur Torfadóttir frá Ísafirði en hún er 102 ára. Í Garðabæ lét Herdís Steinarsdóttir ekki undir höfuð leggjast að taka þátt frekar en undanfarin ár. „Þetta var ósköp hressandi,“ sagði Herdís sem var á leið í verslunarleiðangur með Fjólu, yngstu systur sinni, þegar blaðamaður hafði upp á henni. Aðspurð um það hvernig hún haldi svo góðri heilsu miðað við aldur sagði hún að ömmur sínar hefðu einnig verið hinar hraustustu á þessum aldri svo eflaust er leyndarmálið falið í góðum erfðum og daglegri hreyfingu.

En karlmenn skutu einnig upp kollinum en Hjalti Árnason, oft nefndur Hjalti Úrsus, veitti konunum verðlaunapening að hlaupi loknu í Mosfellsbæ. Ekki veitti af kraftakarli við það verk því 700 konur tóku þátt og varð kappinn að afhenda jafn marga verðlaunapeninga. Einnig segist Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs, hafa séð feður í hlaupinu vera ungum dætrum sínum til halds og trausts.

Um næstu helgi mun svo kvennahlaupið fara fram á Seyðisfirði, Ólafsfirði, Drangsnesi og Hveragerði. Einnig munu Íslendingafélög í Kaupmannahöfn, Brussel og víðar halda kvennahlaup síðar í þessum mánuði.



**TORFHILDUR TORFADÓTTIR** Sú elsta sem tók þátt í hlaupinu er hér komin í mark en hún Torfhildur er 102 ára og hljóp hún í kvennahlaupinu á Ísafirði.

# Úrval af sófasettum á HM tilboði

*Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri*



**TILBOÐ**
**199.990 kr**
Verð áður 236.990,-

Glæsilegt Relax leðursófasett. Hægindastólar við sitthvorn endann sem hægt er að halla aftur, innbigðir glasahaldarar og geymsluhólf. Fótaskemil með geymsluhólfi.

Gildir á meðan birgðir endast eða til 19. júní

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Svona erum við

> Innflutt hráefni til fiskvinnslu eftir fisktegund, magni og verðmæti 1995-2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** BARIST GEGN FORDÓMUM Í PÓLLANDI:

# *Hinsegin-dagarnir haldnir í Varsjá*

Hinsegin-dagarnir, hátíð samkynhneigðra, voru haldnir í Varsjá í Póllandi á laugardag. Allt að sex þúsund manns mættu í gönguna, sem fór mestmegnis friðsamlega fram, ólíkt því sem áður hefur verið því gangan hefur hingað til verið mörkuð ofbeldi og opinberum bönnum. Tugir eða hundruð erlendra gesta, bæði stjórnmálamenn og aðrir, mættu í gönguna, en yfir henni vöktu um tvö þúsund lögreglumenn.

**Hvers vegna allt þetta umstang?**
Samkynhneigð er enn fordæmd í Póllandi þar sem meirihluti landsmanna aðhyllist kaþólska trú, en kaþólska kirkjan leggur blátt bann við samkynhneigð. Samkvæmt skoðanakönnum telja um 90 prósent Pólverja samkynhneigð vera „ónáttúrulega“. Íhaldssamir stjórnmálamenn hafa ítrekað reynt að berja á bak aftur hreyfingu samkynhneigðra, og bannaði



fyrrverandi borgarstjóri Varsjár og núverandi forseti Póllands, Lech Kaczynski, gönguna árin 2004 og 2005 undir því yfirskini að hún ógnaði „siðmenningu“. Göngurnar voru samt haldnar og vakti eggja- og grjótkast mótmælenda reiði manna víða um Evrópu. Í ár gáfu borgaryfirvöld hins vegar leyfi fyrir göngunni, og hefur athygli annarra landa Evrópu, sem og löggæsluvaktin, sjálfsagt gert sitt til að stuðla að friði og hátíðleik dagsins, þrátt fyrir tilraunir háttsettra stjórnmálamanna til að tengja samkynhneigð við barnaníðinga og skipulagða glæpastarfsemi.

**Því eru enn svo miklir fordómar í Póllandi?**
Pólskir baráttumenn hafa bent á að lítið fór fyrir jafnréttisbaráttu sjöunda og áttunda áratugarins í Póllandi, sem og í öðrum austantjaldslöndum. Á þeim árum fór jafnréttisbaráttan eins og eldur í sinu yfir Vesturlönd, og barðist fólk einna helst fyrir jafnrétti kynjanna og gegn kynþáttahatri, en jafnframt fyrir réttindum samkynhneigðra. Því geta þeir fordómar sem dvínuðu til muna í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum fyrir um fjórum áratugum reynst illskiljanlegir yngri Evrópubúum. Samkynhneigðir Pólverjar minntu á laugardag á að baráttan gegn fordómum tekur sinn tíma, eins og sést best á Vesturlöndum þar sem enn ríkja töluverðir fordómar gagnvart samkynhneigð. Sögðu þeir að smám saman, með aukinni fræðslu og umræðu, geta Pólverjar lært að skilja og sætta sig við samkynhneigð sem eðlilegan þátt í mannlífinu.

## SPURT OG SVARAÐ
VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR



GUÐRÚN ÞÓRSDÓTTIR
SKÓLASTJÓRI VINNUSKÓLA REYKJAVÍKUR

### *Komið til að vera*

Duglegum nemendum í Vinnuskóla Reykjavíkur gefst kostur á að vinna viku lengur í sumar. Þessi nýjung er fyrst og fremst tilkomin vegna töluverðrar fækkunar á starfskröftum milli ára. Guðrún Þórsdóttir er skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur.

**Telur þú að krakkar komi til með að sækjast eftir þessari aukavinnu?**
Tvímælalaust, vegna þess að það eru margir sem vildu gjarnan vinna meira og fá tækifæri til þess að auka tekjur sínar.

**Stendur þetta öllum nemendum Vinnuskólans til boða?**
Krakkarnir safna sér inn punktum hjá sínum leiðbeinendum yfir sumarið varðandi hvernig þau koma fram í sinni vinnu og því hefur leiðbeinandinn um það að segja hvort þau fá tækifæri til þess að fá auka vinnuviku. Allir hafa því raunverulega jafnt tækifæri.

**Áttu von á því að krakkar vilji frekar vinna þessa viku heldur en að vera í fríi?**
Mörg já, því að þau eru mörg hver að safna sér peningum. Sum eru líka ekki með skipulagt frí og því til í að vinna frekar en að gera ekki neitt.

**Er þetta komið til að vera?**
Vonandi og þá að einhverju leyti sem hvatning fyrir þá sem eru duglegir og vilja vinna sér inn aukapening.

# RusAl í viðræðum við stjórnvöld

**Forsvarsmenn rússneska álframleiðslufyrirtækisins RusAl vonast til þess að geta reist álver hér á landi í framtíðinni. Viðræður fyrirtækisins við íslensk stjórnvöld hafi staðið yfir síðan árið 2004. Upplýsingafulltrúi RusAl staðfesti þetta í viðtali við Fréttablaðið á laugardaginn.**




Unnið að uppbyggingu álvers. Þrjú umsvifamikil stóriðjuverkefni eru nú í undirbúningi hér á landi. Uppbygging álvers og virkjunar á Austurlandi er langt komin en í undirbúningi er uppbygging álvers við Húsavík og Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eftir að fulltrúar Norðuráls, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur undirrituðu yfirlýsingu um orkusölu vegna álvers í Helguvík, hinn 1. júní, benti ýmislegt til þess að frekari áform um stóriðju yrðu lögð til hliðar. Ekki síst vegna ólgu og óróleika í íslensku efnahagslífi.

Merkilegt var því þegar rússneskur blaðamaður fréttastofunnar The Moscow Times, sem staddur var hér á landi í tengslum við fund Eystrasaltsráðsins um síðustu helgi, spurði Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, út í gang viðræðna RusAl og íslenskra stjórnvalda um hugsanlega uppsetningu álvers og orkuvers.



**PÁLL MAGNÚSSON** Aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra segir engar formlegar viðræður hafa farið fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Halldór svaraði því til, að eins og mál stæðu nú bæri á milli íslenskra stjórnvalda og RusAl, en ef til vill yrði samvinnan þróuð áfram. Viðræðurnar hafa ekki komist á það stig að staðsetning eða stærð álvers og vatnsorkuvers hafi borið á góma.

**Vonast eftir jákvæðri niðurstöðu**
Vera Kurochkina, upplýsingafulltrúi RusAl, sagði fyrirtækið vonast til þess að niðurstaða viðræðnanna yrði jákvæð fyrir RusAl sem hefði hug á því að „reisa álver sem fengi orku frá vatnsorkuveri,“ eins og hún sagði orðrétt í samtali við Fréttablaðið.

Miðað við þessi svör frá RusAl er ljóst að fyrirtækið bindur miklar vonir við það að samningar við íslensk stjórnvöld náist.

RusAl er þriðji mesti álframleiðandi heims. Starfsstöðvar og álver fyrirtækisins eru að stærstum hluta í löndum innan gömlu Sovétríkjanna. Alls eru starfsstöðvar fyrirtækisins í þrettán löndum. Rúmlega fimmtíu þúsund starfsmenn starfa hjá RusAl, en fyrirtækið er ekki skráð á almennan hlutabréfamarkað.

**Engar formlegar viðræður**
Páll Magnússon, aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir engar formlegar viðræður hafa átt sér stað á milli íslenskra stjórnvalda og forsvarsmanna RusAl.

RusAl sendi fyrirspurn til íslenskra stjórnvalda árið 2004 í gegnum Fjárfestingastofu, en hún starfar á grundvelli samkomulags viðskiptaráðuneytis og útflutningsráðs, meðal annars við að hjálpa erlendum fjárfestum sem vilja starfa hér á landi. Að sögn Páls hafa ekki miklar viðræður farið fram um uppsetningu álvers hér á landi, en hann staðfestir jafnframt að engu hafi verið hafnað ennþá.

Samskiptin milli Fjárfestingastofu og RusAl hafa aðeins verið bréfleg og að sögn Páls hafa ekki verið í gangi nein samskipti síðan síðla árs 2004. Þá hafi RusAl verið gert ljóst að „ekki væri rétt að fara í formlegar viðræður við félagið vegna stóriðjuverkefna sem til skoðunar væru á næstu misserum hér á landi.“

Forsvarsmenn RusAl staðhæfa að viðræðum um álver og orkukaup vegna þess, verði fram haldið, en að þær séu á upphafsstigum. Þetta hefur komið fram í viðtölum forsvarsmanna fyrirtækisins við The Moscow Times og Fréttablaðið. Svörum frá RusAl og úr íslenska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu ber því ekki saman, þó svo að Páll Magnússon hafi staðfest að engu hafi enn verið hafnað.

**Efnahagslegur óróleiki gæti skapast**
Vera Kurochkina segir RusAl líta á Ísland sem áhugaverðan kost fyrir starfsemi sína þar sem



**GYLFI MAGNÚSSON** Segir nauðsynlegt að fara varlega í frekari áform um uppbyggingu stóriðju hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aðstæður hér á landi séu hagstæðar fyrir starfsemi fyrirtækisins. Ef af því yrði að RusAl næði samningum við íslensk stjórnvöld um stóriðjuáform í framtíðinni, hræðast það margir að efnahagslegur óróleiki skapaðist hér á landi í kjölfar þeirrar ákvörðunar.

Gylfi Magnússon, prófessor í hagfræði, sagði í viðtali við Fréttablaðið ómögulegt að segja til um hver áhrifin af ákvörðun um stóriðjuuppbyggingu á vegum RusAl yrðu, þar sem engar ákvarðanir eða áform um uppbyggingu lægju fyrir. Hins vegar væri ástæða til þess að fara varlega í stóriðjuuppbyggingu, eins og staða efnahagsmála væri, þar sem mikil verðbólga og þensla ógnaði stöðugleika.

Þá hélt Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, því fram í viðtali við Fréttablaðið að íslensk stjórnvöld yrðu að sýna þá lágmarksábyrgð að slíta öllum viðræðum um frekari stóriðju, meðan staða efnahagsmála væri með þeim hætti sem nú væri.



**STARFSSTÖÐVAR RUSAL UM ALLAN HEIM** Starfsemi RusAl hefur aukist mikið á síðustu árum. Álframleiðsla fyrirtækisins nam tæplega fjögur þúsund tonnum á síðuasta ári. Tæplega 6 milljónir tonna voru framleidd Báxíti á síðasta ári, en það sem af er ári hefur fyrirtækið meðal annars einblínt á mikla uppbyggingu í Ástralíu og Singapúr.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is



# Eitt ár í Síðumúlanum...

## og við í afmælisskapi!




HEIMSKLASSA MERKI Á BOÐSTÓLUM:

LOEWE. SAMSUNG Pioneer OLYMPUS NEC QONIX SHARP Nintendo Nikon



SHARP
**LC15SH1E**
15" LCD sjónvarp
**Verð: 59.900**

Gerðu þér mat úr m.a. þessum frábæru **afmælis-tilboðum**



Pioneer
**PDP–436SXE**
**PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43")
Skjáhlutfall 16:9
Upplausn 1024 x 768 punktar
HD ready / HDMI
Pureblack/Pure drive 2HD
Skerpa: 3.000:1
Innbyggður móttakari
Hátalarar og borðstandur fylgja
**Verð: 459.900**



SAMSUNG
**LE-32R41B**
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 199.900**

... kynntu þér málið, kíktu í heimsókn og gerðu dúndur góð kaup!

SHARP



**SHARP ERA-220 SJÓÐVÉL**
15/30 vöruflokkar · Allt að 500 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning · Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill · Mjögfyrirferðarlítil skúffa
**Verð: 38.900**
(Áður 45.900)



Pioneer
**PIONEER DCS 232 HEIMABÍÓ**
**Verð: 33.900**



**PIONEER DVR-440H**
DVD upptökutæki með 80Gb hörðum disk
**Verð: 55.900**

OLYMPUS

**OLYMPUS MJU700**
7.1 milljón pixlar
3ja ÁRA ÁBYRGÐ
**Verð: 26.900**



**OLYMPUS MJU720**
7.1 milljón pixlar
Högg- og vatnsþétt
3ja ÁRA ÁBYRGÐ
**Verð: 36.900**



NINTENDO DS



**NINTENDO DS**
Leikjatölva · Fjöldi frábærra leikja
**Verð: 13.900**
**- einn leikur fylgir**



LOEWE.
**LOEWE XELOS**
32" Háskerpusjónvarp · HD Ready · Upplausn:1366 x 768 · Innbyggður DVB-T stafrænn · sjónvarpsmóttakari · Skerpa: 800:1 · Birta: 450 cd/m2
**Verð: 299.900**

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL.



SHARP
**SHARP AL-1566**
Prentari, skanni og ljósritunarvél
**Verð: 89.900**



SHARP
**SHARP AR-M160D**
Prentari, skanni og ljósritunarvél
**Verð: 119.900**
Frumritamatari á mynd er aukabúnaður.

SHARP



**SHARP XR10X**
Skjávarpi · Birta: 2000 ANSI LUMEN
Upplausn: XGA 1024 x 768 · Þyngd: 3.9 kg.
3ja ÁRA ÁGYRGÐ
**Verð: 114.900**

SHARP



**SHARP UX-P410**
Faxtæki · Sími · Hitafilmuprent · 50 blaða pappírsbakki · 10 blaða arkarmatari · 448Kb móttökuminni (24 bls)
**Verð: 15.900**

Fjöldi annarra tilboða!

Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON í **Síðumúla 9**

ORMSSON

*Þú gengur að gæðunum vísum!*

Sími 530 2800 · www.ormsson.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Vaxandi andstaða við fangabúðirnar:

## Bandaríkin loki Guantanamo

Enn og aftur eru Guantanamo-fangabúðir Bandaríkjanna á Kúbu í heimsfréttunum, og nú vegna sjálfsvíga þriggja fanga þar um helgina. Búðir þessar hafa verið mjög umdeildar um allan heim allt frá upphafi, þótt Bandaríkjamenn hafi reynt að fullvissa menn um að uppsetning þeirra væri nauðvörn í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum eftir atburðina í september 2001. Tryggustu stuðningsmenn þeirra þá féllust sumir hverjir á nauðsyn búðanna, en á undanförnum mánuðum hafa jafnvel þeir látið í ljósi miklar efasemdir um tilvist þeirra, og jafnvel sjálfur Bush bandaríkjaforseti hefur sagt að hann óski þess að þær verði lagðar niður. Hvers vegna er það þá ekki gert, spyrja menn. Jú það er vegna þess að Bandaríkjamenn segjast ekki vita hvað eigi að gera við fangana, hvert eigi að senda þá eða koma þeim fyrir. Það sýnir glöggt ráðleysi þeirra í þessum málum. Bush verður að tala skýrt í þessu máli og taka af skarið um að búðunum verði lokað, áður en fleiri sjálfsvíg eiga sér þar stað.

*Það var svo til að bíta höfuðið af skömminni nú um nýliðna helgi, að formælandi Bandaríkjastjórnar lét hafa það eftir sér að sjálfsvígin í Guantanamo-búðunum væru „gott kynningarátak“ fyrir málstað fanganna.*

Það var svo til að bíta höfuðið af skömminni nú um nýliðna helgi, að formælandi Bandaríkjastjórnar lét hafa það eftir sér að sjálfsvígin í Guantanamo-búðunum væru „gott kynningarátak“ fyrir málstað fanganna. Að hugsa sér að nokkrum manni skuli detta í hug að láta slíkt út úr sér á opinberum vettvangi, enda hlupu menn vestra upp til handa og fóta til að bera í bætifláka fyrir þessi ósmekklegu ummæli háttsetts embættismanns í bandaríska utanríkisráðuneytinu.

Það er leitt til þess að vita að þjóð sem kennir sig við frelsi og réttlæti skuli halda uppi fangabúðum sem þeim á Guantanamo. Allflestir þeirra sem eru þar í haldi eru ungir piltar frá Arabalöndum og hafa mál þeirra hvorki verið tekin fyrir hjá almennum dómstólum eða herrétti, en alþjóðasamfélagið hefur hins vegar fordæmt ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að vista þá þarna, í blóra við almenn lög, herreglur eða almenna skynsemi. Það hefur hins vegar fram til þessa ekki dugað til þess að Bandaríkjastjórn sjái að sér í þessu máli - því miður.

Atburðir helgarinnar bætast enn við syndaregistrið varðandi hina svokölluðu baráttu gegn hryðjuverkamönnum og nægir þar að nefna atburðina í Abu Ghraif-fangelsinu, þar sem troðið var á rétti fanga í orðsins fyllstu merkingu. Þessir atburðir eiga enn eftir að sverta aðalleikarana í Íraksstríðinu, - Breta og Bandaríkjamenn - í Arabaheiminum.

Guantanamo-búðirnar eru á einskis manns landi, ef svo má að orði komast, og það var með ráðnum hug að Bandaríkjastjórn setti þær upp þar sem þær eru, svo alþjóðastofnanir svo sem Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóða Rauði krossinn gætu ekki verið með nefið ofan í rekstri þeirra og kannað aðbúnað fanganna með eðlilegum hætti. Alþjóðasamfélagið krefst þess því að búðunum verði lokað undanbragðalaust og fangarnir sendir til síns heima.






### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Mæla með Dorrit**
Dorrit Moussaieff forsetafrú er í miklu uppáhaldi hjá stórum hluta þjóðarinnar. Finnst fólki gaman að fylgjast með henni og oft fylgir sú skýring að hún sé glæsilegur fulltrúi forsetaembættisins hvar sem hún kemur. Ekki finnst fólki verra að hún hefur nú sótt um íslenskan ríkisborgararétt eftir hremmingarnar í Ísrael á dögunum. Lagði hún inn umsókn í dómsmálaráðuneytið 22. maí síðastliðinn. Þá voru liðin þrjú ár frá því að hún og Ólafur Ragnar Grímsson giftu sig. Samkvæmt lögum er dómsmálaráðherra heimilt að veita umsækjendum íslenskan ríkisborgararétt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um búsetu, hegðun og framfærslu. Einnig er lagt til í umsóknarferlinu að tveir íslenskir ríkisborgarar mæli sérstaklega með viðkomandi umsækjenda. Í tilviki Dorritar voru það Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, og herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sem mæltu sérstaklega með því að hún fengi íslenskan ríkisborgararétt.



**Henda handklæðinu**
Verðbólgutölurnar eru orðnar það háar að unga fólkið í fjármálaheiminum hefur aldrei kynnst öðru eins. Talar það um að henda þurfi handklæðinu og sækir líkinguna í hnefaleikaheiminn þegar þjálfarinn þolir ekki að horfa á blóðbaðið lengur og vill stöðva leikinn. Það er kannski ekkert skrítið því meginþorri starfsfólksins var kannski í unglingavinnunni þegar verðbólgan steig reglulega hátt á áttunda og níunda áratugnum. Í dag verður haldinn fundur á vegum Fitch, matsfyrirtækisins sem gerði allt vitlaust á dögunum. Munu sérfræðingar Fitch útskýra horfur í efnahagsmálum á Íslandi, Kína og í löndum Austur-Evrópu. Er því nokkur titringur meðal manna hvernig sá fundur mun enda. Útlitið er augljóslega svart sé horft á þróun verðlags.

**Erindi Framsóknar**
Guðni Ágústsson sagði í þættinum Pressunni á NFS, sem Róbert Marshall stjórnar, að hann teldi ósennilegt að Halldór Ásgrímsson færi í Seðlabankann. Í sama þætti náði Jón Sigurðsson, hinn nýi ráðherra Framsóknarflokksins, að útskýra nokkuð vel fyrir hvað flokkurinn stæði. Og sannfæra marga sem hlustuðu að hann ætti fullt erindi á miðju stjórnmálanna. Það er meira en mörgum þingmanni flokksins hefur tekist undanfarna mánuði.

arndis@frettabladid.is

## Vinna unglingar of mikið?

Í DAG
STARFSUMHVERFI UNGA FÓLKSINS ER MIKILVÆGT



INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR

Einn ljúfra sumarboða á Íslandi eru snyrtilegri útivistarsvæði í þéttbýli. Allt vetrarruslið sem við höfum fleygt frá okkur er tekið upp og fjarlægt, gömul laufblöð og dauðar greinar hverfa og í staðinn koma falleg sumarblóm. Hraustlegir unglingar vinna daglangt við snyrtingu umhverfisins og árangur lætur ekki á sér standa. Sami hópur plantar nýjum trjám þar sem það á við, grisjar og lagfærir göngustíga. Starfsmennirnir sem annast þetta verkefni eru að stórum hluta unglingar úr elstu bekkjum grunnskóla og yngstu bekkjum framhaldsskóla. Þeim veitir sjálfsagt ekki af að dusta af sér námsbókaryk vetrarins og komast út í sólina og sumarið, rigninguna og rokið, því sumarveðrið er fjölbreytt hér á landi.

Mig brestur þekkingu til að vita upphaf slíkrar starfsemi fyrir unglinga á vegum bæjarfélaga. Lengi vel var talað um unglingavinnu og líklegt er að upphafið hafi tengst litlu atvinnuframboði fyrir unglinga. Á þeim tíma lauk skólaárinu í maí og það hófst að nýju í september. Unglingar höfðu því rúma þrjá mánuði í sumarfrí og sumir reyndar lengri tíma, einkum í dreifðum byggðum enda næg verkefni til sveita fyrir vinnufúsar hendur. Á Íslandi hefur vinnusemi löngum þótt dyggð og betra að vinna meira. Nú fjölgar þeim röddum sem efast um gæði mikils vinnuálags og rætt er um álagsbundna sjúkdóma svo sem vöðvabólgu, vefjagigt og fleira. Sumarfrí nemenda í skólum hafa styst verulega og grunnskólanemendur gengu flestir út í sumarið 6. júní og eiga að mæta aftur til starfa 21. eða 22. ágúst. Sumarfrí þeirra er því tæpar ellefu vikur þetta árið. En eftir að 13 ára aldri er náð er sumarfrí unglinga í fæstum tilvikum svo langt. Margir fara reyndar í frí með foreldrum sínum en aðrir vinna sumarlangt og fá því lítið frí. Við hljótum að fara að velta því fyrir okkur hvort vinnuálag á unglingum sé ekki orðið of mikið, ekki síst í ljósi þess hve algengt er að nemendur í tíunda bekk grunnskóla og jafnvel þeim níunda líka vinni með skóla. Flestum ætti að vera ljóst að nám er fullt starf en af einhverjum ástæðum eru mörg dæmi um að unglingar afli fjár með náminu. Spyrja má hvort þarna liggi að baki fjárhagsörðugleikar heimilanna en í ljósi veltu samfélagsins og innkaupum er það hæpið nema í fáum tilvikum. Þá má velta því fyrir sér hvort hrein og bein peningagræðgi sé ástæða allrar þessarar vinnu eða mikil neysluhyggja unga fólksins. Og svo má líka hugleiða hvort með þessu almenna viðhorfi samfélagsins sé verið að gera lítið úr námi.

*Flestir eru þó sammála um að það sé af hinu góða að hafa nóg fyrir stafni og iðjulausir unglingar í dag eyddu sjálfsagt tíma sínum í misgóða tölvuleiki yfir örfáar sumarvikur.*

Flestir eru þó sammála um að það sé af hinu góða að hafa nóg fyrir stafni og iðjulausir unglingar í dag eyddu sjálfsagt tíma sínum í misgóða tölvuleiki yfir örfáar sumarvikur, frekar en útiveru, sem veitir þó ekki af eftir langan og dimman vetur. Þess vegna þóttu mér það daprar fréttir að dæmi eru um niðurskurð verkefna á vegum sveitarfélaga þar sem vinnufúsar hendur í vinnuskólum þeirra eru ekki nógu margar. Unglingar velja frekar önnur störf þar sem þau eru í boði og sjálfsagt liggja ýmsar ástæður þar að baki. Foreldrar ættu þó að íhuga starfsumhverfið vel áður en ákveðið er hvar unglingurinn vinnur sumarlangt. Í vinnuskólum sveitarfélaga er að öllu jöfnu vel hugsað um starfsfólkið, þetta eru almennt reyklausir vinnustaðir (vænti ég) og hugað er að uppbroti á starfi, farið í vettvangsferðir og leiki, grillað og ýmislegt skemmtilegt í boði auk útiveru og góðrar hreyfingar í starfi. Vissulega bjóða fleiri vinnustaðir ágætt starfsumhverfi en vinnuskólarnir hafa þó nokkra sérstöðu að þessu leyti. Hitt er annað að víða bjóðast hærri laun en hjá sveitarfélögum og þó kannski frekar fleiri vinnustundir á viku og fleiri starfsvikur yfir sumarið. Vonandi ræður það þó ekki úrslitum þegar valinn er vinnustaður sumarsins. Mikilvægt er að unglingar hafi gott starfsumhverfi og góðar fyrirmyndir á vinnustað. Af einhverjum ástæðum hefur það ekki þótt sérlega flott að vinna í vinnuskólum. Hér þarf að verða hugarfarsbreyting í huga fullorðna fólksins, sem má ekki bara hugsa um væntanlegar tekjur unglingsins yfir sumarmánuðina heldur ekki síður starfsumhverfið. Og vonandi fækkar dæmum um vinnu unglinga í grunnskóla á starfstíma skóla.


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871







allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Rannsóknaráð Íslands** vinnur nú að rannsókn á högum íslenskra doktora í öðrum löndum. Fjöldi langskólagenginna Íslendinga sem hefur farið utan til náms hefur ílenst í útlöndum og er markmiðið með rannsókninni að komast að því hvernig megi laða þá aftur til Íslands.

**Farsóttafréttir** voru að koma út og í nýja tölublaðinu er meðal annars fjallað um inflúensu liðins vetrar, hringormasmit sem greinst hefur hér á landi upp á síðkastið og nóró-veirusýkingu í skemmtiferðaskipi sem kom til hafnar á Akureyri.

**Krabbameinsfélagið** sendi nýlega út miða í sumarhappdrætti sínu en dregið verður í því þann 17. júní. Aðalvinningurinn er sjálfskiptur RAV4 4WD GX en auk þess eru 170 vinningar í formi úttekta hjá verslunum eða ferðaskrifstofum að verðmæti 100 þúsund krónur hver. Happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur verið helsta tekjulind þess frá því 1955.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 13. júní, 164. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.59 | 13.28 | 23.58 |
| Akureyri | 1.48 | 13.12 | 24.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Rósa fer nánast daglega út að ganga með syni sínum, oft í tvo til þrjá tíma í senn. „Við erum ekki innifólk á þessu heimili," segir hún hlæjandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hreyfing er ástríða

***Rósa Guðmundsdóttir líkamsræktarþjálfi hreyfir sig að minnsta kosti fimmtán sinnum í viku. Hún ráðleggur fólki að borða oft og rétt og hafa fjölbreyttar venjur.***

Rósa Guðmundsdóttir á ekki erfitt með að svara því til hvernig hún heldur sér í formi, enda lærður og starfandi líkamsræktarþjálfi. „Ég hreyfi mig mikið og borða hollan mat. Svo er það þessi gamla þumalputtaregla að borða oft og rétt og hafa fjölbreyttar venjur."

Spurð hversu oft maður eigi að hreyfa sig segist Rósa ekki vera gott dæmi sjálf þar sem hún kenni minnst ellefu brennslutíma á viku. „Það er kannski svolítið öfgakennt," segir Rósa hlæjandi. „Þess á milli reyni ég að lyfta þrisvar til fjórum sinnum í viku til þess að halda vöðvamassanum við."

Rósa kveðst hreyfa sig allan ársins hring og fátt geti stoppað hana af. „Þegar ég var ólétt kenndi ég alveg fram á síðasta dag en síðan fékk ég frí í sex vikur á eftir. Ég þyki nú bara góð í dag miðað við hvað ég var áður en ég varð ólétt, þá kenndi ég 24 sinnum á viku." En hvað veldur þessari miklu þörf fyrir hreyfingu, er það ofvirkni? „Já, ég held það. Ég gagnrýni ekki fólk sem stundar ekki ræktina en þetta er mín ástríða. Ég verð að fá útrás, það bjargar alveg heimilislífinu."

Á heimili Rósu er passað upp á mataræðið. „Við borðum til dæmis ekki smjör og ef við höfum kjöt þá er fitan skorin af því. Nammi og gos má fá einu sinni í viku og síðan er nautakjöt yfirleitt haft vikulega og kjúklingur og fiskur, hvort um sig, tvisvar í viku."

mariathora@frettabladid.is

## Blóðgjöf er lífgjöf

ALÞJÓÐLEGI BLÓÐGJAFADAGURINN ER Á MORGUN.

Alþjóða heilbrigðisstofnunin, WHO, helgar 14. júní ár hvert blóðgjöfum heimsins. Af því tilefni verður blóðgjöfum þakkað ómetanlegt framlag þeirra til heilbrigðisþjónustu um allan heim á morgun. Að deginum standa WHO, Alþjóða Rauði krossinn, Alþjóðasamtök blóðgjafafélaga og Alþjóðasamtök blóðgjafar. Blóðgjafafélag Íslands og Blóðbankinn standa fyrir opnu húsi bankans við Barónsstíg í Reykjavík meðan opið er frá 8 til 16. Pylsur verða grillaðar af mikilli list og fólki gefst gott tækifæri til að kynna sér starfsemi Blóðbankabílsins og Blóðgjafafélags Íslands að ógleymdum Blóðbankanum sjálfum. Vel verður tekið á móti öllum og blómabændur færa blóðgjöfum blóm sem þakklæti fyrir framlag þeirra á þessum merka degi.

Þennan sama dag verður Blóðbankahlaupið haldið í annað sinn. Lagt er upp frá sundlauginni í Laugardal kl 18.00 og fá hlauparar ókeypis óáfenga drykki og viðurkenningu að loknu hlaupi.



Opið hús verður í húsi Blóðbankans við Barónsstíg auk þess sem lagt verður í Blóðbankahlaupið frá sundlauginni í Laugardal.

**Getur verið að þú sért með ofnæmi?**

***Byrjar þú að hnerra um leið og allt fer að lifna við á vorin?***

*Þannig er um marga án þess að þeir átti sig á því að um ofnæmi geti verið að ræða.*

***Lóritín og Histasín fást án lyfseðils***




***Það er engin ástæða til að láta sér líða illa á besta tíma ársins. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.***

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

Lóritín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Loratadin. Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. Varúðarreglur: Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. Aukaverkanir: Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. Skömmtun: Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2–14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

Histasín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Cetirizín. Notkunarsvið: Histasín er ofnæmislyf. Histasín virkar gegn öllum algengustu tegundum ofnæmis, svo sem frjóofnæmi og rykofnæmi. Histasín er líka notað við ofnæmisbólgum í nefi og ofnæmiseinkennum eins og útbrotum og kláða. Varúðarreglur: Lyfið getur dregið úr viðbragðsflýti og skal það haft í huga við akstur og nákvæmnisvinnu. Aukaverkanir: Einstaka sinnum veldur lyfið munnþurrki og syfju. Skömmtun: 1 tafla á dag fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri. Börnum 6–12 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

**Sumarið er komið** en þrátt fyrir það virðist skaðræðis hálsbólga vera að ganga. Farið vel með ykkur.

allt bílar
Alla laugardaga

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

KRIYA YOGA
Það er vegurinn sem hinir uppljómuðu vísa
Swami Mangalananda
Peter Van Breukelen
Swami Mangalananda Giri og Peter Van Breukelen halda kynningarfund um Kriya yoga í Sal Rósarinnar, Bolholti 4 (áður Lífsýnarsalurinn) föstudaginn 16. júní klukkan 20:00. Kennsla í Kriya yoga verður dagana 17. - 19. júní í Yogastöðinni Heilsubót, Síðumúla 15. Afmælishátíð Paramahamsa Hariharananda verður haldin sunnudaginn 18. júní í Sal Rósarinnar, Bolholti 4, frá klukkann 12:00 til 16:00. Nánari upplýsingar í síma 6918565 og 8697151

Precision Burner
Hámarks fitubrennsla.. í flösku!
EAS
Precision Burner

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr.
á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr.
á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Frábært fjölvítamín með spírolinu, lecetíni og fleiru í jurtabelgjum. Aðeins ein á dag
Spektro
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lifsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Epli á dag
kemur línunum í lag
*AppleSlim Xtra styður að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.*
*Náttúruleg innihaldsefni:*
*Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.*
AppleSlim Xtra
árangursrík leið til að grennast.
Fæst í apótekum



Góð þátttaka var í hlaupinu en á bilinu 16 til 17 þúsund konur mættu til leiks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stemning og samstaða í kvennahlaupi

***Þúsundir íslenskra kvenna tóku þátt í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ síðastliðinn laugardag. Hlaupið var á yfir 40 stöðum um allt land.***

„Þetta gekk bara alveg ofboðslega vel og við erum mjög ánægð með þetta allt saman,“ segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Kvennahlaupsins. Þátttaka í hlaupinu var sambærileg og í fyrra en á milli 16 og 17 þúsund konur tóku þátt. „Það á enn eftir að hlaupa á nokkrum stöðum á landinu þannig að við erum ekki alveg komin með endanlegar tölur. Svo verður líka hlaupið víða erlendis um næstu helgi, t.d. í Berlín og Kaupmannahöfn en þar er hlaupið tvinnað saman við dagskrár Íslendingafélaganna á þjóðhátíðardaginn 17. júní,“ segir Jóna.

Fjölmennasta hlaupið fór fram í Garðabæ en þar hlupu um fimm þúsund konur. Siv Friðleifsdóttir flutti hvatningarorð til þátttakenda og að hlaupi loknu steig Idol-stjarnan Snorri á svið. „Það var mikil stemning og gaman að horfa yfir hópinn. Þarna voru mömmur, ömmur, langömmur og barnabörn og allir hlupu á sínum eigin forsendum í þessum skemmtilegu grænu bolum. Meira að segja hundarnir voru klæddir í kvennahlaupsboli,“ segir Jóna og bætir því við að aldurinn aftri konum ekki frá því að taka þátt. „Elsti keppandinn í Garðabæ var 92 ára og á Ísafirði gerði hin 102 ára Torfhildur Torfadóttir sér lítið fyrir og hljóp fjóra kílómetra,“ segir Jóna. „Það er alveg magnað að sjá konur sýna svona mikla samstöðu og við erum ofsalega ánægð með hversu vel tókst til,“ segir Jóna, en Kvennahlaupið er einn fjölmennasti íþróttaviðburðurinn sem haldinn er hér á landi.

Samhliða hlaupinu stóð UNIFEM fyrir söfnun fyrir bágstaddar konur í Afganistan. Sérstök armbönd voru seld á keppnisstöðum og hluti bolasölunnar rann til UNIFEM. Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi er ánægð með hlaupið og segir að samstarfið hafi gengið vel í alla staði. „Það var ofsalega skemmtilegt að taka þátt í þessu og söfnunin gekk mjög vel,“ segir Birna, en ekki var komið í ljós hversu mikið fé hafði safnast til styrktar málefninu þegar Fréttablaðið hafði samband við hana. „Við erum enn að fara í gegnum þetta. Fólk sýndi málefninu mikinn áhuga og það var gaman að sjá hvað konur í hlaupinu voru viljugar að styðja góðan málstað,“ segir Birna.

*thorgunnur@frettabladid.is*



Þátttakendur voru á öllum aldri og þessir krakkar virtust skemmta sér vel.



Meira að segja hundarnir fengu að taka þátt.



Grænir bolir settu svip á hópinn.



Persona.is
BJÖRN HARÐARSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Langar þig nógu mikið að lifa heilsusamlegu lífi?

Þegar við eigum við vandamál að stríða er sennilega eðlilegast að við finnum lausnir fyrst og hefjumst svo handa við að breyta til hins betra. Þetta á við um nánast alla hluti eins og erfiðleika í samskiptum, fíkn, reykingar, hreyfingarleysi og slæmar matarvenjur. Þegar heimilislæknirinn, makinn, foreldrið eða vinurinn tekur eftir að einstaklingur á í vanda sem mikilvægt er fyrir hann að breyta til þess að líf hans og líðan verði góð, eru flestir þessara aðila fljótir að leggja til breytingar. Hættu að reykja! Farðu í líkamsrækt! Ekki borða svona mikið! Eða: Þú verður bara að fara í meðferð! Meðferðaraðilar, á stofnunum eða á einkastofum, bíða líka í ofvæni, þegar þeir hitta skjólstæðinga sína, eftir að veita þeim meðferð og hjálpa þeim að líða betur. Við sem um meðferðina sjáum segjum jafnvel: „Þú þarft bara að byrja, fylgja planinu og eftir ákveðinn tíma þolirðu ekki sígarettur, verður orðinn léttur, laus við áfengislöngun eða finnur ekki lengur fyrir þunglyndi.“ Þrátt fyrir þetta er það því miður þannig að fólk mætir í næsta tíma og hefur ekki fylgt plani eða náð árangri. Fólk reynir aftur og aftur að komast á Vog, hættir að reykja um hver áramót og notar ekki líkamsræktarkortin nema í viku. Rannsóknir hafa sýnt innan við 30% árangur af aðferðum til að hætta að reykja, aðeins 5% fólks notar líkamsræktarkortin út tímabilin, lítill árangur er af fyrstu vímuefnameðferð fólks og algengast er að fólk verði aftur þunglynt. Við skiljum þetta ekki, þar sem rannsóknir sýna að um er að ræða frábærar meðferðir, allir vita að reykingar drepa, fíkn hefur verið viðurkenndur vandi eða sjúkdómur síðan SÁÁ var stofnað, og það er mikilvægt að hreyfa sig. Hvað er að klikka, vill fólk ekki vera heilbrigt, lifa lengur og brosa?

Jú, sennilega gerir fólk sér grein fyrir þessu öllu, en það sem við öll hin, vinirnir, fagaðilarnir og allir hinir, gleymum stundum líka er að það er gott að borða, drekka, reykja og liggja upp í sófa og sú staðreynd að það er ákveðin nautn og gleði með „heilsuspillinum“ gerir það að verkum að fólk tvístígur þegar kemur að því að breyta til hins „betra og heilsusamlegra lífs“. Það vill breyta en er vant vananum sínum góða og á erfitt með að hugsa sér breytingar. Það veit líka að nautnin kemur strax en það tekur tíma að upplifa vellíðan eftir að byrjað er að breyta. Það er ekki einu sinni víst að það muni takast og þá hugsa margir „er nokkur tilgangur með því að þjást ef ég gefst hvort sem er upp“. Slæmu afleiðingarnar sem geta komið í kjölfar óheilbrigða lífsstílsins eru auk þess hlutir sem eru líklegir en ekki öruggir eins og að fá t.d. lungnakrabbamein, kransæðasjúkdóma, og vanlíðanin eftir að hafa dottið í það kemur yfirleitt í fyrsta lagi daginn eftir að það rennur af fólki, og svo framvegis.

Það hafa verið gerðar rannsóknir á þeim sem ná árangri við að breyta heilsuspillandi hegðun sinni og komið hefur í ljós að það er miklu mikilvægara að vinna vel í að styrkja einstaklinginn til þess að hann langi sjálfan til að breyta áður en hann framkvæmir breytingarnar heldur en að pressa á hann til breytinga. Það hefur meðal annars verið sýnt að ef við vekjum upp áhugahvöt hjá einstaklingi, svo hann breyti óæskilegri hegðun sinni, með þremur klukkutíma viðtölum, er hann líklegri til að ná árangri til að hætta að drekka (jafnvel án frekara inngrips) heldur en ef hann fer strax í sex vikna meðferð. Þar af leiðandi er mikilvægt að staldra við og vekja löngun fólks til að vilja breyta, og styrkja löngunina og trúna á að það geti gengið. Auk þess hafa þessar rannsóknir leitt í ljós að algengt er að fólk misstígi sig 3-5 sinnum á leiðinni og segir það okkur hversu mikilvægt það er að koma sér sem fyrst af stað aftur. Ef við styrkjum löngun fólks til breytinga og löngunina í heilsusamlegan lífsstíl, mun fólk frekar ná árangri til að vera edrú, nota líkamsræktarkortin sín, vera reyklaust, borða hollan mat, og síðast en ekki síst mun því líða betur.

*Lifið heil*

leikjanámskeið
... fyrir börn 3-6 ára
Íþrótta og miklu meira en það!
577 2555
WWW.HREYFILAND.IS
MJÖG SKEMMTILEGT
HREYFI LAND®
Sumarnámskeiðin eru í fullum gangi í Hreyfilandi.
Mikill sumarafsláttur fyrir alla



Mæðrafimi alla daga kl. 9
Hreyfifimi fyrir börn 1-3 ára
Gþ-fimi fyrir börn 3-6 ára
WWW.HREYFILAND.IS | 577 2555



Koma þarf upp skriflegri neyðaráætlun við setlaugar um hvernig bregðast skuli við þegar slys ber að höndum.

# Hreinlæti er gott í setlaugum

***Hreinlæti og þrif eru í góðu lagi við setlaugar en skráningu og mælingum á klór er ábótavant.***

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar lét nýlega kanna innra eftirlit, hreinlæti og öryggisþætti í og við setlaugar í líkamsræktarstöðvum, íþróttahúsum og hótelum.

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu janúar til apríl 2006 af heilbrigðisfulltrúum hollustuháttа á umhverfissviði og voru alls átta staðir skoðaðir. Farið var með gátlista sem innihélt spurningar er varða ákvæði sem rekstraraðilum ber að uppfylla. Einnig var mældur frír og bundinn klór og örverusýni tekin.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að hreinlæti og þrif eru í góðu lagi á öllum stöðunum. Hins vegar er skráningu og mælingum á fríum og bundnum klór verulega ábótavant. Starfsmenn höfðu sótt skyndihjálparnámskeið á sex af átta stöðum en skriflega neyðaráætlun um hvernig bregðast á við slysi var hvergi til staðar.

Í tíu mælingum af 35 var klórgildi of lágt og í tveimur mælingum af 35 var klórgildi of hátt. Þá voru tekin ellefu sýni til örverurannsókna. Þar af voru 9 sýni innan viðmiðunarmarka.

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Ostur sem allir kunna að meta



JÚNÍ Kafbátur mánaðarins
6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 598
BMT



...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
Gildir í júní 2006 • Gildir ekki í Stjörnumáli • Gildir ekki með öðrum tilboðum






Fjöldi innlendra og erlendra gesta kemur í Jarðböðin við Mývatn á hverju ári.

# Jarðhiti til heilsubótar

***Mývetningar hafa nýtt jarðhita sér til heilsubótar í mörg hundruð ár. Hvergi annars staðar á Íslandi stígur hrein vatnsgufa, laus við brennistein og aðra mengun, upp úr jörðinni.***

Aðdragandi að því að Jarðböðin við Mývatn voru opnuð í þeirri mynd sem þau eru núna var langur. Í sumar eru tvö ár liðin síðan böðin voru opnuð í þessari mynd eftir að undirbúningur hafði staðið yfir í áratugi. Mörg þúsund ferðamenn koma í Jarðböðin á ári hverju og segir Birgir Steingrímsson, starfsmaður fyrirtækisins, að staðurinn geti bara vaxið. „Gufuböðin hér eiga sér margra alda hefð, staðurinn sem gufuböðin eru á heitir Jarðvatnshólar vegna þess að hér grófu menn sér holur í jörðina og böðuðu sig í gufunni til þess að sækja sér lækningu og yl.“

Affallslón frá gufuvirkjunum hefur verið á svæðinu síðan um 1960 og fljótlega eftir þann tíma fór fólk að baða sig í lóninu. „Þeir sem voru með exem og psoriasis fengu góðan bata og því fór þetta að þróast. Þetta hefur mjög svipaða eiginleika og Bláa lónið en munurinn liggur aðallega í því að þar er salt í vatninu sem er ekki hér,“ segir Birgir en fyrirtækið hefur nýlega hafið framleiðslu á tveimur tegundum af kremi með efnum úr böðunum.

Gufuböðin við Mývatn eru einstök að því leyti að hús var byggt yfir sprungu þar sem upp streymir heit gufa og segir Birgir að þau líkist einna helst gufuböðunum á Laugarvatni þar sem byggt er yfir hver. „Þeir eru sennilega einu mennirnir sem monta sig ekkert af gufuböðunum sínum hérna,“ spaugar Birgir.

Þrátt fyrir lækningamátt Jarðbaðanna hafa tryggingafélög ekki enn farið að greiða fyrir meðferð þar vegna húðsjúkdóma. Birgir segir það vera vegna þess að læknir sé ekki á staðnum og þurfi gestir að leita til næsta þéttbýliskjarna.

Heimsóknir hafa verið töluverðar og hafa yfir þúsund gestir heimsótt lónið á einum degi þegar best lét. „Við settum það met tvisvar sinnum fyrsta sumarið eftir að við opnuðum aðstöðuna og þá var líka svo gott veður. Síðasta sumar náðum við ekki að slá metið, enda var veðrið ekki næstum því jafn gott. Það kom varla sumar hérna, það var bara Suðurnesjaveður.“

*valgeir@frettabladid.is*



Ungir og aldnir skemmta sér vel í sundi enda er sund svo sannarlega fyrir alla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Frítt í sund á sunnudögum

***Í sumar verður sett af stað sérstakt sundátak í Hafnarfirði undir yfirskriftinni: Sund er fyrir alla.***

Allir sem leggja leið sína í sunlaugar Hafnarfjarðar á sunnudögum í sumar fá frítt í sund. Kristbjörn Óli Guðmundsson, formaður Sundfélags Hafnarfjarðar, á von á líflegu sumri í laugum bæjarins. „Þetta er verkefni sem við erum að fara af stað með í samstarfi við sveitarfélagið og ýmis fyrirtæki í bænum,“ segir Kristbjörn, en hugmyndin að átakinu kom frá Sundfélagi Hafnarfjarðar. „Við lögðum þessa hugmynd undir sveitarstjórnina sem tók vel í málið og ákvað að gefa aðgangseyrinn í sundlaugarnar á sunnudögum. Alla sunnudaga í sumar, frá 18. júní til 20. ágúst verður því frítt í sund fyrir alla,“ segir Kristbjörn.

„Í okkar huga er þetta heilsuátak og miðar að því að hvetja sem flesta til þess að stunda sund sér til heilsubótar,“ segir Kristbjörn. „Þetta virkar þannig að þú mætir í sund, syndir ákveðna vegalend, skrifar hana á sérstakt spjald og setur í kassa. Í lok sumars förum við í gegnum þetta allt og teljum saman hversu margir kílómetrar liggja að baki og hver hefur synt lengst,“ segir Kristbjörn en skemmtileg verðlaun verða í boði fyrir þá sem standa sig vel. Auk þess verður mikið um að vera í sundlaugunum á sunnudögum í tengslum við átakið. „Við reynum að vera með alls konar skemmtilegheit fyrir sundlaugargesti. Á hverjum sunnudegi verður einhver dagskrá í gangi og við verðum með kennslu í réttu sundtökunum. Þá verður líka boðið upp á veitingar í boði þeirra fyrirtækja sem styrkja okkur,“ segir Kristbjörn. Það er því von á lífi og fjöri í sundlaugum bæjarins í sumar og um að gera að leggja leið sína í Hafnarfjörðinn og skreppa í sund. Í Hafnarfirði eru tvær sundlaugar og verið er að byggja þá þriðju.

*- þo*

# Bresk börn vantar lýsi

***Bresk stjórnvöld og heilbrigðisstarfsmenn hafa áhyggjur af því að börn fái ekki nægilegt magn af omega-3 fitusýrum.***

Á borði ríkisstjórnar Bretlands liggja nú fyrir tillögur um að börn í Bretlandi fái lýsi í skólanum vegna skorts á fitusýrum í hefðbundinni fæðu. Talið er að skortur á fitusýrum geti leitt til lakari námsárangurs, óróa og jafnvel ofbeldis í kennslustundum.

Nú er verið að rannsaka nánar áhrif mataræðis á námsárangur og þá einkum þátt omega-3 fitusýra. Ríkisstjórnin fylgist vel með framvindu mála og mun grípa til viðeigandi aðgerða þegar niðurstöður liggja fyrir, meðal annars hrinda í framkvæmd tillögum ríkisstjórnar um að gefa börnunum lýsi í skólanum.

Frá þessu var greint í breska blaðinu The Independent.



Lýsi er ríkt af omega-3 fitusýrum.



# Kannabis í lækningaskyni

***Kannabisefni hafa um árabil verið notuð til að lina þjáningar dauðvona sjúklinga.***

Þegar önnur verkjalyf eru hætt að virka eða aukaverkanirnar orðnar of alvarlegar hefur kannabis verið notað sem síðasta úrræði með góðum árangri.

Þetta er ólöglegt á Íslandi, enda er kannabis ólöglegt eiturlyf unnið úr ólöglegum plöntum. Nú hins vegar eru læknar erlendis farnir að gefa sjúklingum sem eru að jafna sig eftir aðgerð slík efni.

Um er að ræða efni sem unnið er úr kannabisplöntunni, svokallað kannador, sem er verkjastillandi. Niðurstöður rannsókna lofa góðu ef lyfið er gefið í litlum skömmtum en aukaverkanir, hraður hjartsláttur og ógleði, gera vart við sig sé skammturinn stækkaður. Fylgismenn kannabisnotkunar benda á að hér sé enn ein sönnun þess að kannabis geti nýst í læknisfræðilegum tilgangi. Nú þegar er á markaðnum lyf unnið úr kannabis sem linar þjáningar MS sjúklinga með góðum árangri. *-tg*



Kannabis getur nýst í læknisfræðilegum tilgangi.

allt
heimili
Alla fimmtudaga



Áföll eins og einelti í æsku getur leitt til þess að fólk missi trúna á eigin dómgreind. NORDICPHOTOS/GETTY

# Auðtrúa af harðræði

FÓLKI SEM HEFUR ÁTT ERFITT UPPDRÁTTAR ER HÆTTARA VIÐ ÞVÍ AÐ VERÐA AUÐTRÚA.

Ný rannsókn sálfræðideildar háskólans í Leicester bendir til þess að harðræði geti frekar ýtt undir að fólk verði auðtrúa og auðblekkt. Þetta er andstætt almennu viðhorfi fólks sem gerir ráð fyrir að harðræði geri fólk hart. Sýndi rannsóknin meðal annars að þeir verði frekar fyrir áhrifum af fjölmiðlum og auglýsingum og láti frekar leiðast af leiðandi spurningum í yfirheyrslu hjá lögreglu. Þó að þetta sé vissulega ekki algilt bendir margt til þess að erfið reynsla í æsku leiði til þess að fólk missi trúna á eigin dómgreind. Þetta getur skýrt það að sumir eru líklegri til að láta undan þrýstingi eins og til dæmis hópþrýstingi og til að taka slæmar ákvarðanir. Rannsóknin, sem stóð yfir í hálft ár, tók til ýmissa erfiðleika eins og veikinda, fósturláts, starfsörðugleika, eineltis, að verða fórnarlamb glæps, skilnaðar foreldra og dauða ástvina. Niðurstöðurnar sýndu að sjötíu prósent breytileikans í áhrifagirni mátti skýra af ólíkum tegundum neikvæðrar lífreynslu. Við endurtekna erfiðleika lærir fólk að vantreysta eigin dómgreind og því hættir til að hundsa hana og taka upp skoðanir annarra.
Frétt af www.persona.is



Hitaeiningar hafa sitt að segja í baráttunni í við ellina.

# Færri hitaeiningar

***Nýleg rannsókn á rottum sýnir að hitaeiningasnautt fæði hægir á öldrun.***

Það borgar sig að innbyrða ekki of margar hitaeiningar á degi hverjum. Nú hefur ný rannsókn á rottum leitt í ljós að það að borða færri hitaeiningar skilar sé ekki einungis í lægri tölu á baðvigtinni heldur getur það einnig hægt á öldrun. Vísindamenn komust að því að með því að gefa rottunum átta prósent færri hitaeiningar en venjulega og auka hreyfingu þeirra dálítið, urðu þær langlífari, heilsan betri og lifrarstarfsemin heilbrigðari.

Ef rannsóknin er heimfærð yfir á mannfólkið samsvarar þetta því að minnka hitaeininganeyslu um nokkur hundruð hitaeiningar á dag og fara í stuttan göngutúr á hverjum degi. *-þo*



# Nýjar reglur um ílát úr leir

*Glerungur á leirhlutum getur innihaldið hættuleg efni eins og blý og kadmíum.*

Umhverfisráðuneytið hefur gefið út nýja reglugerð um leirhluti sem nota á undir matvæli en mikilvægt er að leirhlutir séu ekki notaðir undir matvæli nema þeir séu hugsaðir til þeirra nota, þar sem litríkir leirhlutir geta gefið frá sér mikið magn af blýi, kadmíum og öðrum þungmálmum.

Samkvæmt reglugerðinni eiga framleiðendur og dreifingaraðilar að sjá til þess að leirhlutir séu framleiddir samkvæmt viðurkenndum framleiðsluháttum þannig að öruggt sé að heilsu manna stafi engin hætta af notkun þeirra og aðferð til að mæla flæði blýs og kadmíum úr leirhlutum í matvæli má finna í viðauka við reglugerðina.



Úr litríkum leirhlutum getur losnað mikið magn af blýi og kadmíum yfir í matvælin.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Orðið vart við hringormasmit

FJALLAÐ ER UM HRINGORMASMIT, INFLÚENSU OG NÓRÓVEIRUSÝKINGU Í NÝJASTA TÖLUBLAÐI FARSÓTTAFRÉTTA.



Fjallað er um hringormasmit sem vart hefur orðið við á síðustu misserum hér á landi.

Farsóttafréttir Landlæknisembættisins eru komnar út. Þar er meðal annars fjallað um hringormasmit sem vart hefur orðið við á síðustu misserum hér á landi.
Einnig er skýrt frá gangi inflúensunnar á liðnum vetri og loks greint frá nóróveirusýkingu um borð í skemmtiferðaskipi sem kom til hafnar á Akureyri fyrir skemmstu.
Farsóttafréttir er rafrænt fréttabréf frá sóttvarnalækni sem kemur út einu sinni í mánuði, á íslensku og ensku. Því er dreift á vef Landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Í Reykjavík er alltaf eitthvað sem er nýjasta nýtt

Líf, fréttir og viðburðir á ensku

Vefurinn Reykjavik.com og blaðið Reykjavikmag eru nýjar upplýsingaveitur á ensku.

Þær bjóða upp á ferska umfjöllun og nýjustu upplýsingar um allt sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma; menningarviðburði, skemmtistaði, veitingastaði, söfn, gallerí, tísku, verslanir og næturlíf.

Nýjustu fréttir frá Íslandi

Reykjavíkmag blaðið kemur út hálfsmánaðarlega og verður dreift um alla borg. Vefurinn Reykjavík.com flytur alltaf nýjustu fréttir frá Íslandi og er stöðugt uppfærður í samstarfi við Fréttablaðið og NFS.

Be prepared,
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG



Margar stúlkur eiga erfitt með að segja nei við kærastann sinn.

# Stúlkur undir þrýstingi

***Unglingsstúlkur upplifa mikinn þrýsting frá kæröstum sínum um að stunda kynlíf, samkvæmt nýrri amerískri könnun.***

Í rannsókninni voru 279 stúlkur á aldrinum fjórtán til sautján ára spurðar út í samband sitt við kærastann sinn og hvort kærastinn yrði reiður eða hótaði að hætta með þeim ef þær neituðu kynlífi. 41 prósent af öllum stúlkunum sögðust hafa að minnsta kosti sagt einu sinni já við kynlífi þegar þær langaði það alls ekki. Um tíu prósent stúlknanna sögðu að kærastinn þeirra hefði þröngvað þeim til samræðis. Stór hluti stúlknanna, eða 38 prósent, óttaðist að kærastinn yrði reiður eða fúll ef sagt yrði nei við kynlífi. Stúlkurnar létu því undan til að halda þeim góðum án þess að langa sjálfar að stunda kynlíf.

Samkvæmt könnuninni voru stúlkurnar líklegri til að segja já við kynlífi, án þess að vilja það sjálfar, ef þær voru í langtímasambandi. Talið er að kynlíf sem þröngvað er upp á stúlkur í samböndum, hvort sem hótanirnar eru duldar eða ekki, leiði oft til þunglyndis og kvíða sem getur fylgt þeim lengi vel á lífsleiðinni.

Nánari upplýsingar um rannsóknina og niðurstöður hennar er hægt að lesa í júníhefti *Archives of pediatrics & adolescent medicine.*

*- ebg*

## Tölvuleikir sem hjálpa við skilnað

BARNIÐ TEKST Á VIÐ NÝJAR AÐSTÆÐUR Í GEGNUM LEIKINN

Barnasálfræðingar hafa ásamt leikjaframleiðanda búið til nýjan tölvuleik sem á að hjálpa börnum að takast á við aðskilnað foreldra. Leikurinn er hannaður með börn á aldrinum 8-14 ára í huga sem eiga við sálfræðileg vandamál að stríða í kjölfar skilnaðar foreldra eða breyttra heimilisaðstæðna. Þetta er fyrsti leikurinn sem er hannaður með það í huga að takast á við aðstæður sem þessar.
Í leiknum, sem heitir „Earthquake on Zipland“ eða „Jarðskjálfti á Klofningslandi,“ leikur barnið elg sem býr á eyju sem hefur klofnað í tvennt. Hlutverk elgsins er svo að tengja hlutana tvo á ný með því að takast á við ýmsar þrautir og eiga samskipti við aðra íbúa eyjunnar. Leikurinn er fullur af ævintýrum og skemmtun en í leiðinni er tekist á við ýmis vandamál sem geta komið upp hjá barninu þegar foreldrar skilja.
Á meðan barnið leikur leikinn lærir það að setja raunveruleikann sem það býr við í nýtt og betra samhengi.
Frekari upplýsingar fást á heimasíðu framleiðanda: www.ziplandinteractive.com

*- ebg*




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

21 fm bílskúr til leigu, leigist sem geymsla. Uppl. í s. 864 4931.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

### Mothers and Others!
Help needed! Part time $500 - $2000 Full time $2000 - $8000 Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

### Pizzabakari
Viljum bæta við okkur pizzabakara. Vanir pizzabakarar ganga fyrir.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

### Ert þú hárgreiðsluveinn eða nemi?
Hárhönnun á Skólavörðustíg er að leita að duglegum nema og hárgreiðslusveini til að hefa störf hjá okkur. Flott stofa sem notar eingöngu AVEDA vörur.
**Nánari uppl. gefur Þórhildur í síma 847 7690 eða á Hárhönnun í síma 551 3130. Einnig er hægt að skila inn umsóknum til okkar á Skólavörðustíg 8. 101 Rvk.**

### Útkeyrsla-lagerstörf
Subway leitar að starfsmanni til að hafa umsjón með pöntunum og útkeyrlsu á vörum. Um er að ræða 100% starf. Umsækjendur verða að hafa meirapróf og lyftararéttindi, hafa mikla þjónustulund og hafa gaman að vinna með fólki.
**Nánari upplýsingar veitir Sigfús S: 696-7002. Umsóknum er hægt að skila inn á netinu subway.is, sigfus@subway.is , eða á skrifofu Subway á Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík.**

### Aðföng
óska eftir starfsmönnum.
Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að duglegum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsækinu fyrirtæki.
**Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Rvk.**
**Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is**
**Uppl. í s. 693 5602.**

### Veitingahúsið Nings
Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fulla vinnu. Unnið er 15 daga í mánuði.
**Upplýsingar í síma 822 8833 hægt er að senda umsókn á www.nings.is**

### Pítan
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Erum með laus störf í vaktavinnu og kvöld- og helgarvinnu bæði í sal og í eldhúsi.
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is. Umsækjendur þurfa að geta haft störf sem fyrst.**

### Vantar þig vinnu
IMG-Gallup óskar eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri íslenskukunnáttu og hafa framúrskarandi þjónustulund. Lágmarksaldur umsækjenda 18 ár.
**Nánari upplýsingar gefur Hjördís í síma 540-7180.**

### Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára 12.
Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Góðir tekjumöguleikar, ekki yngri enn 18 ára. Upplýsingar í síma 822 8840
**Upplýsingar í síma 822 8840 eða á staðnum.**

### Atvinna.
Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1 í Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga. Góður vinnustaður fyrir gott fólk.
**Áhugasamir leiti upplýsinga í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.**

### Veitingahúsið - Lauga-ás.
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í eldhús og í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

### Skemmtileg og lærdómsrík störf!
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

### Óska eftir góðu fólki!
Viltu lifa góðu, skuldlausu lífi og hafa miklar tekjur? Lausnin er á Gott-Folk.com.

### Hagsæld og öryggi!
Þú getur fengið miklu hærri tekjur og losnað við skuldirnar. Kíktu á Hagnadur.com

### Sigur er innan seilingar!
Viltu lifa skuldlausu lífi og hafa miklu hærri tekjur? Skoðaðu þá Sigradu.com.

### Fyrir þig og fyrir alla!
Að skapa sér háar tekjur og skuldlaust líf er ekkert mál! Skoðaðu FyrirAlla.com.

Sælgætisgerðin Freyja óskar eftir röskum og jákvæðum starfsmanni í framleiðslusal. Vinnutími: má-fi kl. 8.00-18.00, frí á föstudögum. Uppl. í síma 825 2048.

### Nonnabiti
Starfskraftur óskast í kvöld og helgarvinnu Reyklaus. Uppl. í s. 898 5956 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

Afgreiðslustarf Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir. Upplýsingar í síma 8200065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í emali stodin@hn.is Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58 Hafnarfirði

### Atvinna í Hafnarfirði
Starfskraftur óskast til ýmisa starfa í fatahreinsun.í sumar Vinnutími frá kl. 13-18. Upplýsingar á staðnum. Nýja fatahreinsunin eða í síma 555 2030 og 565 2620

Vantar starfsfólk í ræstingar, á kvöldin og um helgar, sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 899 6016.

### Veitingahús
Starfskraftur óskast í ca. 80% vinnu. 8 morgunvaktir frá kl. 7-14 og 12 dagvaktir frá kl. 12-19 Ca. 140 klst í mán. Upplýsingar í síma 843 9950 & 898 2975.

### Go Go dansarar!
Erum að leita að gogo dönsurum, 18 ára og eldri. Kvöld og næturvinna. Uppl. í s. 822 1471

Óskum eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Söluturn í Kópogvogsnesti Nýbílavegi. Góð laun í boði 18 ára og eldri. Upplýsingar í síma 892 8417 og á staðunm.

## Atvinna óskast

Tækjastjóri með öll réttindi og meirapróf, mikla starfsreynslu m/hlutdeild í stjórnun, vanur að vinna sjálfstætt, m/ góð meðmæli og hreint sakavottorð. Hugsanlega koma inní fyrirtæki sem meðeigandi, margt kemur til greina. Tilboð sendist til Fbl eða smaar@frettabladid.is merkt “atvinna” öllum svarað.

Aðstoðum fyrirtæki við að útvega starfsfólk frá Póllandi úr hinum ýmsu starfstéttum s.s. verkfræðinga, forritara, iðnaðarmenn, sjómenn, hótelstarfsfólk, verkafólk, bakara og fleira. Upplýsingar í síma 821 1714

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Kisan okkar er týnd. Hún týndist 20. maí sl. Hún er hvít með svart skott og svart á höfði. Hún er ekki með ól. Sími 866 8311.

## Fundir

O.A. (Overeaters Anonymous) fundur fyrir karlmenn á þriðjudögum klukkan 21.00 í Gula Húsinu (Tjarnagata 20), herbergi B. Allir karlmenn velkomnir, sérstaklega nýliðar. www.oa.is

## Ýmislegt

### Gröfuþjónusta
Smágrafa/traktorsgrafa, sandmold/ gróðurmold
**Upplýsingar í síma 843 0904**

Endurvinnslan er opin alla virka daga frá 10 til 18. Endurvinnslan Knarrarvogi.

Dregið 17. júní. Glæsilegir vinningar. Greiðslukortaþjónusta Happdrætti Krabbameinsfélagsins.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# ÞJÓNUSTA







# SKEMMTANIR




# TIL SÖLU





Barbara Wdwiak
Löggiltur
leigumiðlari

Einar Kristinsson
Viðskiptastjóri

Elsa Björg
Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri

Guðbjörg S.
Sveinbjörgsdóttir
Viðskiptastjóri

Halldór Jensson
Viðskiptastjóri

Hlín
Þorsteinsdóttir
Leigumiðlun

Rósa Pétursdóttir
Viðskiptastjóri

Ævar Dungal
Viðskiptastjóri

Inga Rós
Unnarsdóttir
Skjalavarsla

## Berjarimi - 112 Rvk




Glæsileg 3ja herb. 86,3 fm. íbúð ásamt 27,9 fm. bílageymslu. Eikarparket á gólfi nema baðherbergi en þar eru flísar á gólfi. Falleg kirsuberjainnrétting í eldhúsi. Hér er um að ræða gullfallega og vel skipulagða íbúð sem staðsett er á vinsælum stað í Grafarvogi.



Elsa Björg
Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/ 440 6013

Verð 20,9 millj.

## Fellahvarf - frábært útsýni




Glæsileg 135,8 fm 4ra til 5 herbergja íbúð á fyrstu hæð. Sérinngangur er inn í íbúðina. Óhindrað útsýni er úr íbúðinni yfir Elliðavatnið og til fjalla. Pallur í garði. Baðherbergi með baðkari og sturtu með fallegri innréttingu. Eldhús með fallegum eldhúskrók , granítborðplata, AEG eldhústæki. Þvottahús inn af eldhúsi.



Rósa Pétursdóttir
Viðskiptastjóri
rosa@domus.is
s. 698 7067/440 6012

Verð 39,4 millj.

## Njálsgata - 101 Rvk




Gullfalleg 2-3ja herb íbúð á 3ju hæð í mikið endurnýjuðu fjölbýli. Húsið hefur algjörlega verið tekið í gegn að utan jafnframt því sem skipt hefur verið um pípulagnir og raflagnir. Íbúðin sjálf hefur einngi verið endurnýjuð og má þar nefna ný gólfefni, nýjir gluggar og nýr sólskáli innaf eldhúsi auk þess sem baðherbergi hefur algjörlega verið tekið í gegn. Eign sem vert er að skoða.



Linda B Stefánsdóttir
Sölu- og markaðsstjóri
linda@domus.is
s. 664 6015/440 6015

Verð 23,7 millj.

## Gautavík - 112 Rvk - LÆKKAÐ VERÐ




Vönduð 124,4 fm 4ra til 5 herbergja endaíbúð. Íbúðin er á efstu hæð með sérinngangi. Í dag eru 3 svefnherbergi öll með skápum. Baðherbergi með baðkari. Þvottahús inn í íbúðinni. Mjög fallegt útsýni er úr íbúðinni. Stutt í alla þjónustu og skóla.



Rósa Pétursdóttir
Viðskiptastjóri
rosa@domus.is
s. 698 7067/440 6012

Verð 27,9 millj.

## Safamýri - 108 Rvk




Mjög glæsileg 100,4 fm. íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli með miklu útsýni. Parket á öllum gólfum nema eldhúsi og baðherbergi. Barnaherbergin eru mjög rúmgóð. Útgengi á stórar hornsvalir út frá stofu með mjög góðu útsýni. Frábær staðsetning miðsvæðis í Reykjavík



Elsa Björg
Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/ 440 6013

Verð 21,9 millj.

## Gyðufell - 111 Rvk



Góð kaup

Sölusýning í dag milli kl 18 og 18,30. Glæsileg 3ja herbergja 84,1 fm íbúð á þriðjuhæð. Tvö svefnherbergi, rúmgóð stofa, eldhús með hvítri innréttingu. Hús og sameign nýlega endurnýjað. Stutt í skóla leikskóla svo og alla almenna þjónustu. Laus fljótlega.



Elsa Björg
Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/ 440 6013

Verð 14,9 millj.

## Rjúpufell - 4ra herbergja




Glæsileg, algerlega endurnýjuð 111,5 fm íbúð á fyrstu hæð með stórum sólpalli. Falleg gólfefni, innréttingar og tæki. Ný sólstofa, sérþvottahús, eldhús hálf opið við stofu. Húsið hefur verið klætt að utan og skipt um glugga. Vel skipulögð og vönduð eign. Stutt er í leikskóla- skóla, sundlaug, göngu- og útivistarsvæði.



Rósa Pétursdóttir
Viðskiptastjóri
rosa@domus.is
s. 698 7067/440 6012

Verð 20,5 millj.

## Öldugata - 220 Hfj.




Fallegt einbýli 6 herb 165 fm ásamt 12 fm. þakrými og 20,1 fm. bílskúr samtals 185,1 fm. Timburhús með steyptum kjallara og klætt með bárujárni. Stór og fallegur sólpallur er fyrir framan húsið. Útgengi út í garð út frá þvottahúsi. Um er að ræða fallegt einbýli á friðsælum stað nálægt miðbæ Hafnarfjarðar.



Elsa Björg
Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/ 440 6013

Verð 35,9 millj.

## Sogsbakkavegur - Grímsnesi



Bókaðu skoðun

Glæsileg lúxus heilsárshús við Sogið í Grímsnesi. Húsin skilast fullbúinn að utan og innan á afar vandaðan máta. Hiti í öllum gólfum. Eikar innréttingar, parket og flísar á gólfum. Um 100 fm verönd er við húsið með heitum potti. Þetta eru afar vönduð hús á frábærum stað. Teikningar og nánari skilalýsing á skrifstofu.



Elsa Björg
Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/ 440 6013

Verð 35 millj.

## Laufbrekka - 200 Kóp. - Lækkað verð!




Falleg efri sérhæð 4ra herb. 113,4 fm. íbúð ásamt 26,3 fm. bílskúr. Eikarparket á öllum gólfum nema baðherbergi, eldhúsi og anddyri en þar eru flísar á gólfi. Ný og falleg Kirsuberjaviðarinnrétting í eldhúsi. **Búið að breyta bílskúr í einstaklingsíbúð sem býður upp á góðar leigutekjur**.



Elsa Björg
Þórólfsdóttir
Viðskiptastjóri
elsa@domus.is
s. 664 6013/ 440 6013

Verð 29,2 millj.

www.domus.is

# TOPP 5: B-MYNDA LEIKARAR

Líkt og Tom Cruise og Brad Pitt eru konungar Hollywood myndanna þá eru þessir fimm sérvöldu menn konungar ódýrra kvikmynda sem ná aldrei í kvikmyndahús heldur fara beint á myndbandaleigur eða í sjónvarp.


Chuck Norris

**1. Steven Segal**
Jafnvígur í tónlist og kvikmyndum. Þegar hann leikur ekki spakan og réttsýnan bardagamann einbeitir hann sér að tónlist. Árið 2004 gaf hann út plötuna Songs From the Crystal Grave og um þessar mundir er hann að fylgja eftir plötunni Mojo Priest sem kom út nú á vordögum. Matreiðslumaðurinn Casey Ryback úr Under Siege myndunum er væntanlegur á skjáinn í þriðju myndinni á næsta ári.

**2. Michaell Dudikoff**
Þó svo að fáir þekki nafn þessa geðþekka manns þá á hann langan feril að baki í kvikmyndum. Allt frá árinu 1980 hefur hann leikið í hverri myndinni á fætur annari sem ratað hafa beinustu leið í neðstu hillurnar á myndbandaleigum. Þó svo að hann hafi ekki leikið í kvikmynd síðan árið 2002 hefur hann leikið í yfir þrjátíu myndum á tuttugu ára ferli. Dæmigerð Dudikoff mynd fjallar um hann einan í baráttu við fjölda illmenna sem öll fá að kenna á ótrúlegri bardagalist og byssufimi hans.

**3. Dolph Lundgren**
Frægðarsól hins sænska Dolph Lundgren skein hæst eftir að hann sló í gegn sem Ivan Drago í Rocky IV árið 1985. Þrátt fyrir að honum hafi brugðið fyrir í James Bond myndinni A View To a Kill og Johnny Mnemonic með Keanu Reeves í aðalhlutverki þá hefur Lundgren ekki verið stórt nafn í Hollywood í mörg ár. Lundgren leikur í sirka tveimur til þremur hasarmyndum á ári og hefur haldið þeim dampi í nokkuð mörg ár.

**4. Mr. T**
Af er það sem áður var. Þessi stórstjarna níunda áratugarins hefur ekki náð að fanga frægðarsólina síðustu árin. Mr. T heitir réttu nafni Lawrence Tureaud og er orðinn 54 ára gamall. Safaríkustu hlutverk Mr. T síðustu árin eru þegar honum bregður fyrir í einni og einni kvikmynd í algjöru aukahlutverki.

**5. Chuck Norris**
Allt að því ofurnáttúrulegir bardagahæfileikar virðast vera lykillinn að því að slá í gegn sem b-mynda leikari. Chuck Norris hóf kvikmyndaleik árið 1969 og hefur hann leikið í fjölda kvikmynda síðan þá. Þrátt fyrir að vera orðinn 65 ára gamall þá er Norris ennþá í fullu fjöri og lætur hann finna kröftuglega fyrir sér í hverri myndinni á fætur annarri.


Meirapróf – Nýir tímar
Nýlegir kennslubílar sem uppfylla Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið hefst 14. júní

allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

SERICA
Opið frá 11-18 virka daga • Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 5651504

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM :: OUTLET FISKISLÓÐ 75
Ótrúlegt úrval af dömu, herra og barnaskóm á góðu verði
STÆRÐIR 41-47 4.900,-
STÆRÐIR 36-41 3.500,-
STÆRÐIR 41-45 2.900,-
STÆRÐIR 41-47,7 4.000,-
OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
X18 SKECHERS every1

HLÍFÐU BÍLNUM



*Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldar gerðir bíla:*
*Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover*
*Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru*
*Suzuki · Toyota · Volkswagen*
ARCTIC TRUCKS
Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is
06-010 KC

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 5.590 **-1,10%**

**Fjöldi viðskipta:** 204
**Velta:** 1.837 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atorka** | 0,86% | **Mosaic** | 3,17% |
| | | **Flaga** | 2,23% |
| | | **Straum.-Burð.** | 1,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 64,40 -0,77% ... Alfesca 3,80 -0,78%... Atorka 5,85 +0,86% ... Bakkavör 47,80 +0,00% ... Dagsbrún 5,89 -0,68% ... FL Group 18,70 -1,06% ... Flaga 3,94 -2,23% ... Glitnir 17,80 -1,66% ... KB banki 754,00 -0,92% ... Landsbankinn 21,30 -1,39% ... Marel 69,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,30 -3,17% ... Straumur-Burðarás 17,60 -1,68% ... Össur 111,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Lög sett á verkfall í Noregi

Norska ríkisstjórnin kom í veg fyrir verkfall og verkbann á starfsmenn fjármálafyrirtækja sem bresta átti á í gær, mánudag.

Á sunnudag boðaði atvinnumálaráðherra landsins að sett yrðu lög sem bönnuðu vinnudeiluna. Í byrjun mánaðarins fóru um 6.000 tryggingastarfsmenn í verkfall og í gær áttu að bætast við starfsmenn sparisjóða og atvinnurekendur ætluðu að setja á verkbann.

Ríkisstjórnin kvað óviðunandi að láta átökin stigmagnast þannig, enda hefði athafnalíf í landinu lamast. Deilunni var því vísað til nefndar. Finansforbundet mótmælir og telur óeðlilegt að gripið sé inn í launadeilu á frjálsum markaði með þessum hætti. **- óká**




**BNBANK Í OSLÓ** BNbank er systurbanki Glitnis. Ef ekki hefði verið gripið í taumana hefði lítið verið unnið þar í gær.




**HOUSE OF FRASER** Bréf ganga kaupum og sölum töluvert undir líklegu yfirtökuverði.

# HOF á afslætti

Gengi hlutabréfa í verslanakeðjunni House of Fraser er nokkuð undir því verði sem rætt hefur verið um að Baugur bjóði þegar og ef formlegt yfirtökutilboð verður lagt í félagið. Hluturinn í HOF kostaði 136 pens á markaði í gær en stjórn fyrirtækisins hefur átt í viðræðum við Baug um að yfirtökuverð hljóði upp á 148 pens á hlut.

Þykir þetta benda til þess að sérfræðingar álíti vafa leika á því hvort Baugi takist að taka yfir HOF þar sem íslenska fyrirtækið hafi of mörg járn í eldinum. **- eþa**

# Hátt vaxtastig tekið að bíta í skuldara

Ingvar Arnarson, sérfræðingur hjá Glitni, segist efast um að nýlegar vaxtahækkanir erlendis skapi í raun þörf á að hækka vexti hér á landi mikið frekar. Hann reiknar með að Seðlabankinn fari hæst með stýrivexti sína í 13 prósent fyrir árslok en þeir eru nú í 12,25 prósentum.



**INGVAR ARNARSON HJÁ GLITNI** Háir innlendir vextir og mikil verðbólga eru farin að hafa áhrif á almenning.

Að mati Ingvars er ekki eins rík ástæða og ætla mætti til að hækka vexti í takt við þær vaxtahækkanir sem orðið hafa erlendis. „Þeir háu vextir sem ríkja á íslenska markaðnum eru skyndilega farnir að bíta miklu meira í en þeir gerðu áður þar sem aðgangur að erlendum lánum hefur minnkað. Verðbólguskotið sem nú gengur yfir þyngir auk þess greiðslubyrði almennings af lánum og hefur þannig sambærileg áhrif og vaxtahækkun.“ Hann segir hins vegar ljóst að ef Seðlabankinn vilji viðhalda vaxtamuninum, sem hefur verið til staðar milli Íslands og útlanda, þá þurfi hann að hækka vexti frekar. **- eþa**

# 4,7 milljarða útlán

Útlán Íbúðalánasjóðs námu 4,7 milljörðum króna í maí samkvæmt mánaðarskýrslu sjóðsins. Þar af námu almenn lán 3,9 milljörðum króna og leiguíbúðalán tæplega 800 milljónum. Það eru mestu útlán sjóðsins í einum mánuði það sem af er ári. Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að útlán bankanna hafi á sama tíma lækkað milli mánaða. Því megi segja að sjóðurinn hafi unnið á markaðshlutdeild bankanna á íbúðalánamarkaði. **- jsk**





# tímamót

timamot@frettabladid.is

**BENNY GOODMAN (1909-1986), LÉST ÞENNAN DAG.**



*„Of margir ungir listamenn nú til dags vilja vinna almenningshylli áður en þeir læra á hljóðfærin sín.“*

***Djasstónlistarmaðurinn Benny Goodman var rómaður fyrir ákaflega mikla færni á klarínettu.***

## ÞETTA GERÐIST: 13. JÚNÍ 2000

## *Sögulegur fundur Kóreuforseta*

Á þessum degi árið 2000 hittust Kim Jong-il og Kim Dae-jung, forsetar Norður- og Suður-Kóreu. Fundur forsetanna var haldinn í höfuðborg Norður-Kóeru, Pjongjang, en í meira en fimmtíu ár höfðu þjóðirnar tvær eldað grátt silfur saman.

Mikillar eftirvæntingar gætti í löndunum tveimur vegna fundarins. Þegar Kóreu hafði verið skipt ríflega hálfri öld áður, var mörgum fjölskyldum sundrað og voru væntingar um að betri samskipti ríkjanna myndu leiða til þess að fjölskyldurnar sameinuðust á ný.



KIM JONG-IL OG KIM DAE-JUNG TAKAST Í HENDUR.

Fundurinn fór vel af stað þegar Kim Jong-il, forseti Norður-Kóreu, tók á móti kollega sínum á flugvellinum, öllum að óvörum. Þeir tókust brosandi í hendur og lýstu yfir ánægju með þessa sögulegu stund. Fundurinn stóð í þrjá daga og að þeim loknum fór Kim Dae-jung aftur heim til Suður-Kóreu með persónulega gjöf frá Kim Jong-il, tvo hvolpa sem fengu nöfnin Sameining og Sjálfstæði.

## MERKISATBURÐIR

**323** fyrir Krist. Alexander mikli deyr í Babýlon.

**1846** Sölvi Helgason, alþýðulistamaður og landsþekktur flakkari, er dæmdur í Hæstarétti til að sæta 27 vandarhögga refsingu fyrir flakk og svik.

**1870** Gránufélagið er stofnað á Akureyri til að efla innlenda verslun.

**1922** Gengisskráning íslensku krónunnar hefst, en áður fylgdi hún þeirri dönsku.

**1941** Sigurður Jónasson býður ríkinu að taka við Bessastöðum sem gjöf.

**1971** Viðreisnarstjórnin fellur í alþingiskosningum eftir tólf ára setu.

**1991** Boris Jeltsín er kosinn forseti Rússlands.

## AFMÆLI



**Ragnar Aðalsteinsson** lögmaður er 71 árs.



**Selma Björnsdóttir** leik- og söngkona er 32 ára.

## JARÐARFARIR

15.00 **Einar Ögmundsson**, fyrrverandi formaður Landssambands vörubifreiðastjóra, Grímshaga 3, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

15.00 **Sigurður Narfi Jakobsson**, Reykjadal 2, Mosfellsbæ, verður jarðsunginn frá Mosfellskirkju.

## DR. ERLINGUR JÓHANNSSON: PRÓFESSOR Í ÍÞRÓTTAFRÆÐUM

# Mikil aðsókn að skólanum

Fyrsti prófessor Íslands í íþróttafræðum hefur verið skipaður við Kennaraháskóla Íslands. Dr. Erlingur Jóhannsson útskrifaðist með doktorsgráðu í íþróttalífeðlisfræði frá Norska íþróttaháskólanum í Osló árið 1995 og hefur frá 1998 kennt hjá Kennaraháskólanum. Hann starfar sem forstöðumaður íþróttafræðiseturs Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni.

„Þetta sýnir stöðu íþróttafræðinnar hér á landi, að búið sé að skipa í prófessorsstöðu,“ segir Erlingur. Hann bendir á að mikil gróska hafi verið í rannsóknum í íþróttafræði upp á síðkastið og sé nú framlag hans til rannsóknanna að skila sér í prófessorsstöðunni. „Ég hef verið í forsvari fyrir rannsóknir á lífsstíl níu og fimmtán ára Íslendinga þar sem hugað er að hreyfingu, heilsufari og fleira í þeim dúr.“ Erlingur stýrir einnig umfangsmiklu rannsóknarverkefni sem hefst í sex grunnskólum í Reykjavík í haust ásamt því að leiðbeina þremur doktorsnemum í fræðunum og nokkrum meistaranemum.

Námið er mjög fjölbreytt og farið yfir vítt svið til að tryggja sem bestan undirbúning í íþróttafræðum. „BS námið er bæði verklegt og bóklegt. Nemendur læra bæði hefðbundnar íþróttagreinar miðaðar að kennslu í grunnskólum, og svo þjálfun íþróttamanna, næringarfræði, kennslufræði, íþróttasálfræði og margt fleira.“ Ljóst er að mikill áhugi er á meðal ungs fólks að velja sér nám í íþróttafræðum. „Nú er mikil aðsókn að skólanum og erum við með 140 nemendur í grunnnáminu. Við erum líka byrjuð með meistaranám þar sem þrjátíu nemendur stunda nám. Eftir að náminu lýkur fer fólk að vinna við íþróttakennslu í grunn- og framhaldsskólum, sem og þjálfun íþróttaliða og kennslu innan íþróttafélaga. Prófið er mjög gott og breitt.“

Erlingur segir að þrátt fyrir bóklegu hlið námsins sé líkamlegt hreysti mikilvægur grunnur í íþróttafræðunum. „Þó eru engin úrslitaskilyrði að menn séu afreksmenn í íþróttum, langt því frá. Menn þurfa samt að vera vel á sig komnir enda er farið í gegnum fjóra til fimm verklega tíma á dag. Það er samt alveg nóg að vera venjulegur trimmari til að komast í gegnum skólann, þótt íþróttirnar hjálpi þér auðvitað.“

Aðspurður um hvernig honum lítist á sameiningu KHÍ við Háskóla Íslands sem nú er í umræðunni segir Erlingur sitt mat að sameiningin komi til með að styrkja enn frekar marga þætti í starfi Kennaraháskólans. „Að mínu mati er jákvætt fyrir Íþróttafræðisetrið á Laugarvatni að sameinast Háskóla Íslands. Við vinnum mjög mikið með námsbraut í sjúkraþjálfun og öðrum skyldum fögum í Háskóla Íslands.“



**DR. ERLINGUR JÓHANNSSON ER FYRSTI PRÓFESSOR ÍSLANDS Í ÍÞRÓTTAFRÆÐUM** Að sögn Erlings er mikil gróska í íþróttafræðum hér á landi sem sést í öflugu rannsóknarstarfi og mikilli aðsókn í námið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Aðalsteinn Jósepsson**
Sóltúni 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi 10. júní.
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Þorbergsdóttir**
**Þórir Aðalsteinsson**
**Þorbergur Aðalsteinsson**
**Hilmar Már Aðalsteinsson Sigrún Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Arnar Hilmarsson**
Stórási 7, Garðabæ,

sem lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði fimmtudaginn 8. júní, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 15. júní kl. 13.00.

**Sigríður Sverrisdóttir**
**Elsa Björk Gunnarsdóttir Jakob Kristjánsson**
**Gunnar Örn og Sigrún Ósk.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þorgerðar Gunnarsdóttur**
Hörðalandi 10, Reykjavík.

**Hrefna Þórarinsdóttir Gústaf Gústafsson**
**Þorsteinn Friðriksson Svanhildur Skúladóttir**
**Ingibjörg Friðriksdóttir**
**Friðrik Friðriksson Nanna Leifsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bára Sigurjónsdóttir**
kaupkona,

lést á heimili sínu, Fjarðargötu 17, Hafnarfirði, fimmtudaginn 8. júní sl. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 15. júní nk. kl. 14.00.

**Sigurjón Pétursson og Þóra Hrönn Njálsdóttir**
**Guðjón Þór Pétursson og Ólöf Anna Jónsdóttir**
**Magnús Sigurjónsson, Pétur Sigurjónsson, Bára Sigurjónsdóttir, Pétur Þór Guðjónsson, Bylgja Guðjónsdóttir, Bjartur Guðjónsson og Pétur Arnar Pétursson.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Guðbrandsson**
læknir,

er lést á Droplaugarstöðum 8. júní, verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 15. júní kl. 13.00.

**Matthildur Björnsdóttir Malcolm Sherard**
**Anna S. Björnsdóttir Einar B. Gústafsson**
**Inga Dóra Björnsdóttir Björn Birnir**
**Skúli J. Björnsson Anna S. Garðarsdóttir**
**Helga B. Björnsdóttir Kristinn Hallgrímasson**
**Sigrún Björnsdóttir Magnús Stephensen**
**börn og barnabörn.**

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S. HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


SUMAR tilboð!
Eitt flottasta úrval landsins
ELDHÚS
blöndunartæki
Glæsileg hönnun og gæði
fyrir þitt eldhús
MM1099 staðgreiðsluverð 19.900
MM1049 staðgreiðsluverð 19.900
MM1068 staðgreiðsluverð 24.900
MM1079 staðgreiðsluverð 11.900
MM1099 staðgreiðsluverð 9.900
OPEN staðgreiðsluverð 3.500
ANTICO staðgreiðsluverð 8.900
MTH staðgreiðsluverð 5.900
MK6100 staðgreiðsluverð 8.900
LINE H staðgreiðsluverð 5.900
MM6204 staðgreiðsluverð 14.900
LINE staðgreiðsluverð 4.900
TH003 staðgreiðsluverð 19.900
MT staðgreiðsluverð 4.900
Eldhús
STÁLvaskar
í úrvali bæði
undir borð og yfir
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Ísland er best í heimi

**KRISTÍN EVA** ÞÓRHALLSDÓTTIR TELUR SIG VERA Í RÉTTU LIÐI



Tungumálið er hluti af því hver maður er og á Íslandi er tungumálið eitt af því sem gerir okkur sérstök, segir klisjan. Ég hafði heyrt hana svo mörgum sinnum að ég var löngu hætt að spá í merkinguna, þar til einn dag að ég rölti um íbúahverfi í Brooklyn í New York. Þrjár vikur höfðu þá liðið frá árásinni á Tvíburaturnanna og við hvert einasta hús voru tveir til þrír bandarískir fánar og jafnvel stytta af Maríu mey og Jesú. Annar hver bíll sem stóð í götunni var prýddur bandaríska fánanum og fólk sem ég mætti var annaðhvort með fánann nældan í jakkann sinn eða saumaðan á hafnarboltahúfuna sína. Mér þótti þetta ótrúlega ýkt og menn fara yfir strikið í sjálfsvorkunn með þessari fánadýrkun, þó ég gæti vel skilið þær kenndir sem blossuðu upp við þessar aðstæður. Við frekari umhugsun áttaði ég mig þó á því að þetta var það eina sem íbúar borgarinnar eiga sameiginlegt. Ekki á það sameiginlega sögu, menningu, tungu, eða trú. Enda byggist borgin upp á hugmyndinni um frelsi einstaklinganna þar sem hver sér um sig. En þarna vaknaði þörfin fyrir því að vera í sama liði og liðið fylkti sér undir einn fána sem ein heild. Og fólk hélt dauðahaldi í fánann.

Allt í einu varð ég svo hrikalega ánægð að eiga íslenskuna, söguna og menninguna með minni þjóð. Þjóðremban gaus upp í mér og mér fannst og finnst enn við svo svakalega flott þjóð að eiga okkar sérkennilega og erfiða tungumál sem aðeins við tölum. Þó það gagnist okkur lítið í viðskiptum á alþjóðavettvangi, eins og það skipti svo sem einhverju máli. Svo eigum við líka fána, meira að segja mjög flottan fána sem við erum ekkert að flagga nema við sérstök tækifæri. Ég skildi klisjuna, þó það sé nokkuð sorglegt að ég hafi áttað mig þegar ég stóð yfir rústum New York-borgar. En ég held að fólkið þar hafi áttað sig á þessu líka. Ekki hvað íslenskan sé frábær fyrir Íslendinga, heldur hvað það skiptir máli að eiga eitthvað saman og vera í sama liði. Einstaklingurinn er ekki einn sérstakur, heldur heildin líka. Hvað er líka gaman að vera sérstakur, ef enginn skilur mann?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Afmælistilboð á öllum fæðuaukum frá Weider, Multipower, Maximuscle og EAS**

Þú borgar fyrir 3 einingar en færð 4

**Kynning á mest selda fæðuaukamerki Bretlands, Maximuscle**

**Sjáið nýja og glæsilega tækjalínu frá LIFE FITNESS, 16 mismunandi tæki þar af 8 hlaupabrautir**

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 / Laugardaga frá kl. 11-15

KORTER.IS

**Kl. 20.00**
*Þorsteinn Árbjörnsson og Janette A. Zilioli syngja á rómantískum tónleikum í Salnum í Kópavogi. Yfirskrift tónleikanna er L'AMOUR. Meðleikari er Aladar Rácz.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Bók fyrir gönguhrólfa

Göngugarpar og aðrir þeir sem hyggja á rölt um íslensk firnindi í sumar geta haft gagn og gaman af leiðsögubókinni Bíll og bakpoki sem Mál og menning gefur út. Höfundur hennar er Páll Ásgeir Ásgeirsson, kunnur blaða- og útvarpsmaður, en útivistar- og gönguleiðabækur hans hafa notið mikilla vinsælda, þar á meðal Útivistarbókin, Hornstrandir, Gönguleiðir og Hálendishandbókin.

Í bókinni má finna lista yfir stuttar og viðráðanlegar gönguleiðir þar sem farið er um fjölbreytileg landsvæði utan alfaraleiðar en skipulag ferðanna miðast, eins og nafn bókarinnar gefur til kynna, við að gist sé í tjaldi og gengið með vistir og útbúnað og að þær hefjist og endi á sama stað og þær hófust, við bílinn. Þannig er til dæmis lýst göngu umhverfis Langasjó og Eiríksjökul og ferð þar sem gengið er fyrir Siglunes, Enn fremur má finna ýmis hollráð og fróðleik í bókinni, svo sem um hentugan klæðnað og ráðgjöf um vistir og nauðsynlegan búnað.

Bókin er liðlega 160 síður, í hentugu vasabroti og í þar til gerðum plastvasa svo hún þarf ekki að líða fyrir volk og vætu á ferðalögum.




**NÝ LEIÐSÖGUBÓK UM ÍSLENSKA NÁTTÚRU** Handbækur Páls Ásgeirs Ásgeirssonar hafa notið mikilla vinsælda.

## > Ekki missa af...

einleik Benedikts Erlingssonar, **Mr. Skallagrímsson**, sem sýndur er í **Landnámssetrinu** í Borgarnesi í júní og júlí. Á staðnum er enn fremur fræðslusýning um landnám Íslands.

afmælissýningu **Braga Ásgeirssonar** listmálara í Galleríi Fold við Rauðarárstíg.

leikritinu **Fullkomið brúðkaup** sem sýnt hefur verið norðan heiða. **Leikfélag Akureyrar** sýnir fjörmikinn farsa í **Borgarleikhúsinu**.

# Okkar rómantíska fortíð

**Á sumarsýningu Minjasafnsins á Akureyri geta gestir fræðst um brúðkaup að fornu og nýju. Sýningin „Ef þú giftist“ geymir forvitnilega muni og myndir, þar á meðal elstu áletruðu ástarjátninguna sem fundist hefur hérlendis.**

„Elstu gripirnir á sýningunni eru lánsgripir frá Þjóðminjasafni Íslands, þeir eru frá 18. öld en yngstu gripirnir eru frá því í fyrra, það eru hlutir sem einstaklingar hafa lánað okkur í tilefni af þessari sýningu,“ útskýrir Guðrún María Kristinsdóttir safnstjóri hjá Minjasafni Akureyrar. Efni sýningarinnar byggir á brúðkaupssýningunni „Í eina sæng, íslenskir brúðkaupssiðir,“ sem sett var upp í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands árið 2004 en þar er fjallað um trúlofunar- og brúðkaupssiði fyrr og nú, veislur, gjafir og klæðnað, og einnig ungbarnaumönnun.



**BRÚÐKAUP ÁRIÐ 1938** Brúðhjónin Guðrún Ragnars og Geir Borg ganga í það heilaga. Myndina tók Hallgrímur Einarsson, ljósmyndari á Akureyri.

### Formfesta fram á 18. öld

„Ljósmyndir rekja söguna, til dæmis hvernig brúðkaupsklæðnaðurinn breytist á þessu rúmlega hundrað ára tímabili. Elstu ljósmyndirnar eru frá því rétt fyrir aldamótin 1900 en þær yngstu frá þessu ári og þær koma frá starfandi ljósmyndurum hér á Akureyri.“

„Það má segja að íslenskir brúðkaupssiðir hafi einkennst af ákveðinni íhaldssemi eða formfestu fram undir árið 1750 því fyrir þann tíma var hjónabandið oftar en ekki ráðstöfun foreldranna, eins konar kaupsamningur til að tryggja að auður og völd vaxi og haldist innan fjölskyldunnar. Á þeim tíma voru siðirnir gríðarlega formfastir, bæði aðdragandinn og giftingin sjálf fór fram eftir föstum reglum. Eftir 1750 dregur úr formfestunni og um leið þeim íburði sem áður var. Það er ekki fyrr en eftir 1980 að íburðurinn eykst aftur en þá eru teknir upp nýir siðir og brúðkaupin verða sífellt glæsilegri, dýrari og margbrotnari.“

### Aftur til fortíðar

Guðrún María útskýrir að talsvert sé um að fólk vilji búa brúðkaupum sínum gamaldags íslenska umgjörð og því séu mörg brúðkaup haldin úti í náttúrunni eða í nágrenni við torfbæi eða torfkirkju. Nýjustu brúðkaupssiðirnir, til dæmis sá að keyra um í skreyttum bíl eða henda hrísgrjónum, séu hins vegar komnir erlendis frá og jafnframt séu þeir samkvæmisleikir sem tíðkist í nútímabrúðkaupum líka af erlendri fyrirmynd.

„Það væri voðalega gaman að verða vitni af gamaldags brúðkaupi þar sem öll seremónían fer fram. Það er til dæmis fyrirbæri sem heitir brúðargangur. Þá er brúðurinn klædd í skrúðann inni í bænum og gengur síðan til kirkjunnar í skrúðgöngu, fær hátíðlega fylgd alla leið í kirkjuna. Í góðu veðri hlýtur þetta að vera mjög hátíðlegt. Margir velja sumartímann til giftinga því fólk vill hafa náttúruna með í brúðkaupinu og því væri auðvelt að endurvekja þennan sið.“

### Rómantískar minningar

Guðrún María segir að gripirnir á sýningunni komi hver úr sinni áttinni en hún heldur mikið upp á suma þeirra og nefnir til dæmis öskju frá því um aldamótin 1800 en á hana er grafin ástarjátning. „Á henni stendur „Ég elska þig,“ en það er elsta áletrunin af þessu tagi sem fundist hefur. Það passar alveg við þá kenningu að á þessum tíma hafi ráðstöfuð hjónabönd verið á undanhaldi.“ Guðrún María nefnir enn fremur muni úr eigu þekktra Íslendinga, til dæmis úrfesti úr hári Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta, sem sat í festum heima á Íslandi í tólf ár á meðan heitmaður hennar var í Danmörku. „Hún klippti á sér hárið og fléttaði þessa úrfesti og gaf honum,“ segir Guðrún María og áréttar að slíkt hljóti nú að teljast mjög rómantískt. „Það er gaman að hugsa til þess að þetta fólk hafi handleikið þessa muni. Maður kemst í allt aðra snertingu við þetta fólk þegar maður hefur þessa muni fyrir framan sig.“

Sýningin er opin á þjónustutíma Minjasafns Akureyrar, alla daga milli klukkan 10 og 17.



**NÚTÍMALEGAR BRÚÐIR** Brúðkaupin nú eru ekki jafn hátíðleg og fyrr og meira fer fyrir fjörinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kristrun@frettabladid.is



Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Félagsheimili Blönduósar
14. og 15. júní
Miðasala í síma 847-1852
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði


www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Baðlegur!!!
Sími: 565-5566
sturta.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
„Besta söngleikjauppfærsla ársins“ S.S - Fréttablaðið
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN
Fi 15/6 kl. 20 UPPS. Su 18/6 kl. 20
FOOTLOOSE
Fim 29/6 kl. 20 Frums. Fö 30/6 kl. 20
Lau 1/7 kl. 20 Fi 6/7 kl.20
Fö 7/7 kl. 20 Lau 8/7 kl. 20
Miðasala hafin
GRÍMAN
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19
Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 örfá sæti laus, lau. 24/6 nokkur sæti laus. Sérstakar aukasýningar í tilefni 12 tilnefninga til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna.
Tryggðu þér sæti! Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



**INGVELDUR ÝR JÓNSDÓTTIR, SÖNGKONA** Kennir áhugasömum grunnatriði í söng, öndun og raddbeitingu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Allir geta lært að syngja

Söngkonan Ingveldur Ýr hefur kennt ungum sem öldnum að syngja og beita rödd sinni rétt. Í sumar heldur hún námskeið fyrir unglinga og fullorðna þar sem jafnvel þeir sem hljóma eins og laglausir gaularar geta lært að syngja.

„Það er hægt að kenna öllum að syngja,“ segir Ingveldur Ýr. „Fólk er misjafnlega næmt fyrir tónum - alveg eins og það er misjafnlega næmt fyrir litum. Þetta orð að vera falskur eða laglaus er dálítið misnotað. Það er til fólk sem man ekki tóna jafn vel og aðrir.“ Ingveldur útskýrir að á námskeiðunum sé kennd grunnbeiting raddarinnar í söng, öndun og farið yfir líkamsstöðu og raddæfingar auk þess sem kennd eru einföld sönglög. „Þetta eru námskeið sem kenna heilbrigða raddbeitingu, þjálfa tóneyrað og gefa fólki innsýn í sönginn,“ segir hún.

Ingveldur útskýrir að þegar fólk læri að beita röddinni rétt þá lagist oft söngröddin líka. „Þetta er oft tengdara raddbeitingunni sjálfri heldur en tóneyranu. Við áttum okkur ekki á því að tónheyrnin er einn hluti af heilastöðvunum en ekki í eyranu sjálfu. Um leið og röddin og allt sem tengist önduninni lagast þá fer þetta oft að vinna með,“ segir Ingveldur og bendir á að þá blómstri oft einhver hæfileiki sem fólk vissi ekki að það hefði.

Ingveldur hefur verið með námskeið hjá tómstundaskóla Mímis í nokkur ár auk þess að kenna raddbeitingu í fyrirtækjum og skólum víða um land. Unglinganámskeiðin eru ætluð aldurshópunum frá 12-15 ára og 16-19 ára og þar er lögð meiri áhersla á að vinna með framkomu líka. „Þá notum við líka meira lög úr söngleikjum og kvikmyndum,“ segir Ingveldur.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.songstudio.ehf.is.

RÓBERT BANGSI
...og unglingarnir

Erum flutt í Hlíðarsmára 17
Höfum opnað glæsilega
verslun undir nafninu

ROBBI...

Frábær opnunartilboð

ROBBI...

Hlíðarsmári 17 • S. 555 6688
(Áður Krakkafjör)

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands
hvetur sveitastjórnir til að skipa konur jafnt sem karla í nefndir á vegum sveitafélaga í samræmi við ákvæði jafnréttislaga
stjórn KRFÍ

All Conditions Gear = hannað fyrir útivist





Loftpúði í hæl
ALL-TRAC
Hámarksgrip og ending

Air Takao III
Létt, sterk og þægileg leður yfirbygging.
Mjúkurog léttur Phylon millisóli með stuðnings/jafnvægisplötu

St. 41-47.5 leiðb. verð kr. 7.990.-

Útilíf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Fjölsport / Veiðiflugan
SÚN búðin / Blómsturvellir / Brúarsport / Skógar / Íþróttabúðin



Loftpúði í hæl
ALL-TRAC
Hámarksgrip og ending
TRAILFRAME
Stöðugleikagrind

Air Deschutz CVT
Sterkur og léttur.
Mjúkur og léttur Phylon millisóli

St. 41-47.5 leiðb. verð kr. 7.490.-

Útilíf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Fjölsport / Veiðiflugan
SÚN búðin / Blómsturvellir / Brúarsport / Skógar / Íþróttabúðin



Loftpúði í hæl
ALL-TRAC
Hámarksgrip og ending
TRAILFRAME
Stöðugleikagrind
WOMEN'S

Air Deschutz CVT
Sterkur og léttur.
Mjúkur og léttur Phylon millisóli

St. 37-42 leiðb. verð kr. 7.490.-

Útilíf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Fjölsport / Veiðiflugan
SÚN búðin / Blómsturvellir / Brúarsport / Skógar / Íþróttabúðin

# Getur ekki toppað Hótel Tindastól

Enski gamanleikarinn John Cleese er hættur að semja og leika í gamanþáttum vegna þess að hann telur sig ekki geta toppað hina vinsælu þáttaröð Fawlty Towers, eða Hótel Tindastól.

Þess í stað ætlar Cleese, sem gerði garðinn frægan með Monty Python-leikhópnum, að gefa út bók um sögu grínsins. Einnig ætlar hann að halda fyrirlestra þar sem hann útskýrir hvernig á að fá fólk til að hlæja.

„Það er mjög sjaldgæft nú til dags að sjá einhvern ná þessari gömlu og góðu fyndni,“ sagði Cleese. „Síðasta frábæra frammistaða einhvers var þegar ég sá Eddie Izzard. En Ricky Gervais er einnig náungi sem jafnast á við það besta sem hefur komið úr bandarísku sjónvarpi,“ sagði hann.

Cleese, sem er 66 ára, hefur haft í ýmsu að snúast undanfarin ár. Hann hefur leikið tæknitröllið Q í James Bond-myndunum, ljáð Haraldi konungi rödd sína í Shrek 2 og Shrek 3 sem er í vinnslu, auk þess sem hann átti þátt í að semja handritið að næstu teiknimynd þeirra sem sendu síðast frá sér hina vinsælu Wallace and Gromit.



**JOHN CLEESE** Gamanleikarinn vinsæli er hættur að semja og leika í gamanþáttum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ham á Nasa

Rokksveitin Ham heldur tónleika á Nasa fimmtudaginn 29. júní ásamt hljómsveitinni 9/11´s. Ham lagðist í dvala eftir tónleika í Tunglinu árið 1994. Eftir það kom sveitin aftur saman þegar hún hitaði upp fyrir Rammstein í Laugardalshöllinni fyrir fimm árum auk þess sem hún spilaði á Hætta-tónleikunum í Höllinni þann 7. janúar síðastliðinn.

Á tónleikunum á Nasa mun sveitin spila ný lög í bland við gömul. Miðasala á tónleikana hefst á fimmtudag kl. 10.00 á midi.is, í verslunum Skífunnar og í völdum BT-verslunum.



**SIGURJÓN KJARTANSSON** Rokksveitin Ham heldur tónleika á Nasa fimmtudaginn 29. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**MISSION: IMPOSSIBLE III** Tom Cruise fer með aðalhlutverkið í hasarmyndinni Mission Impossible III.

# Atriði klippt út í Kína

Kvikmyndaeftirlitið í Kína hefur klippt út nokkur atriði í hasarmyndinni Mission Impossible III vegna ofbeldis og menningarlegra tilvísana.

Í myndinni er Sjanghæ lýst sem niðurníddri og fátækri borg og það kunnu yfirvöld í Kína ekki að meta.

Myndin, sem hefur hjartaknúsarann Tom Cruise í aðalhlutverki, hefur nú verið tekin til sýninga í Kína í „endurbættu“ útgáfunni.

# Glæsileg taílensk hátíð

**Taílendingar sem og Íslendingar lögðu leið sína í Ráðhús Reykjavíkur á laugardag í tilefni af 60 ára valdaafmæli Taílandskonungs, hans hátignar Bhumibol Adulayadej.**



**HÁTÍÐARBÚNINGURINN** María, Guðrún og Inga skörtuðu hefðbundnum taílenskum hátíðarbúningum, en Inga bar einnig á höfði kórónu enda valin fegurðardrottning í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

„Þetta gekk mjög vel, við vorum rosalega ánægð,“ sagði Petra Deluxsana, verkefnisstjóri hátíðarinnar, en rúmlega tvö þúsund manns mættu. Oddný Elísabet Thorsteinsson, fyrrverandi sendiherrafrú Íslands í Taílandi, opnaði herlegheitin.



**KONUNGURINN** Hans hátign Bhumibol Adulayadej er dáður af þjóð sinni.



**TAÍLENSKIR TÓNAR** Saksan, sem er kennari, spilaði á trompet.



**OPNUN HÁTÍÐARINNAR** Kjartan Borg, ræðismaður Taílands á Íslandi, er fyrir miðju ásamt konu sinni, Arnheiði Borg. Til hægri við Kjartan er viðskiptafulltrúi sendiráðs Taílendinga í Kaupmannahöfn og fyrir aftan hann er Petra Deluxsana, verkefnisstjóri hátíðarinnar.




# Fjörugur bryggjudagur

Á laugardag buðu íbúar og fyrirtæki við Kópavogshöfn íbúum Kópavogs og öðrum nágrönnum sínum til mikillar bryggjuhátíðar. Hátíðin hófst á tónlistardagskrá með skólahljómsveit Kópavogs og ræðu bæjarstjórans Gunnars Birgissonar. Síðan tók við fjölbreytt dagskrá ætluð var allri fjölskyldunni. Mátti þar til dæmis sjá ýmiss konar handverk og myndlistarverk, hlýða á ljóðalestur Emils Hjörvars Petersen, sem er ungt Kópavogsskáld og svo stýrðu Jón Kjartan Ingólfsson og Magni Gunnarsson fjöldasöng. Þótti hátíðin takast vel og skemmtu íbúar bæjarins og gestir þeirra sér hið besta.



**KOKKAÐ Á BRYGGJUNNI** Matreiðslumaðurinn Úlfar Eysteinsson sem rekur veitingastaðinn Þrjá frakka í Reykjavík er einn af íbúum bryggjuhverfissins í Kópavogi. Hann stóð við grillið á bryggjudaginn og bauð upp á grillað sjávarfang. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



**LISTRÆN HJÓN** Ljósmyndarinn Einar Ólason sýndi ljósmyndir og eiginkona hans Jódís Hlöðversdóttir sýndi málverk á bryggjunni. Hér eru þau ásamt heimilshundinum Perlu sem sýndi ekkert nema sjálfa sig á bryggjudeginum.




**Á SJÓ** Það er spurning hvort þessir ungu strákar séu upprennandi sjómenn? Þeir höfðu að minnsta kosti afar gaman af því að fá að þeysast um voginn á þessari fleytu.

SKÍFAN KYNNIR

# ÍSLENSK ÁSTARLÖG




CD
1.899kr.

**Íslensk ástarlög**

**Andrea Gylfadóttir**
**Ellen Kristjánsdóttir**
**Hildur Vala**
**Ragnheiður Gröndal**
**Sigríður Eyþórsdóttir**

1. Með þér – Ragnheiður Gröndal
2. Við stóran stein – Hildur Vala
3. Perlan – Sigríður Eyþórsdóttir
4. Ástin mín ein – Ellen Kristjánsdóttir
5. Sólstafir – Andrea Gylfadóttir
6. Sólón Íslandus – Ragnheiður Gröndal
7. Tunglið mitt – Hildur Vala
8. Sameiginlegt – Sigríður Eyþórsdóttir
9. Þú ert mér allt – Ellen Kristjánsdóttir
10. Tvær stjörnur – Ragnheiður Gröndal
11. Sönn ást – Sigríður Eyþórsdóttir
12. Ólýsanleg – Hildur Vala
13. Eilíf ást – Andrea Gylfadóttir

## MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is







Enginn trúði á þau, en hann hjálpaði þeim að finna taktinn




Bíóklúbbur MasterCard býður í bíó!

Laugarásbíó í kvöld kl. 20

Pierre Dulaine (Antonio Banderas) tekur að sér danskennslu fyrir vandræðaunglinga í skóla í New York. Þau eru í fyrstu áhugalítil um samkvæmisdansana en Dulaine tekst að vekja áhuga þeirra og saman þróa þau sína eigin útgáfu og æfa af kappi fyrir danskeppni.

Frábær mynd með Antonio Banderas í sjóðheitri dansveiflu.

Myndin er byggð á raunverulegum atburðum.

Bíóklúbbur MasterCard býður MasterCard korthöfum á tvær forsýningar á myndinni, **í Laugarásbíói í kvöld kl. 20** og í Regnboganum fimmtudaginn 15. júní kl. 20. Meira á www.kreditkort.is/klubbar.

LAUGARÁS BÍÓ REGNBOGINN

**Myndin verður frumsýnd 16. júní!**

*Bíóklúbbur MasterCard*

*- góða skemmtun!*

**www.kreditkort.is/klubbar**


# Skuggaleg fortíð eða lygi?

**News of the World birti í sunnudagsblaði sínu frétt um að fyrrverandi eiginkona Pauls McCartney, fyrirsætan Heather Mills, hefði verið vændiskona og þjónað arabískum prins og alræmdum vopnasala. Mills neitar staðhæfingum blaðsins í yfirlýsingu sem barst breskum fjölmiðlum í gær.**

Bretland er allt á öðrum endanum. Enska landsliðið hafði sigur í sínum fyrsta leik gegn Paragvæ en mál Heather Mills hefur vakið mun meiri athygli. Öllum má vera ljóst að fyrirsætan á ekki mikla samúð inni hjá bresku blöðunum eftir að fregnir um skilnað þeirra hjóna birtust fyrst fyrir um hálfum mánuði síðan á síðum News Of the World. Fyrir nokkru birti götublaðið The Daily Mail myndir af fyrirsætunni fyrrverandi í ansi erótískum stellingum sem birtust fyrst í þýsku bókinni Die Freuden Der Liebe eða Unaður ástarinnar. Frétt News Of the World er því vatn á myllu þeirra sem halda því fram að Mills hafi gifst McCartney til fjár.

## Svæsnar kynlífssögur

Blaðið segist hafa undir höndunum upplýsingar um hver „hórumamma" Mills hafi verið og hvers slags kynlífsathafnir hún hafi stundað gegn greiðslu.

Frétt News of the World er klámfengin svo vægt sé til orða tekið. Þar er að finna nákvæmar lýsingar á einstökum fundum sem Mills átti við milljarðamæringa í London og annars staðar í Evrópu. Blaðamaðurinn Phil Taylor segist hafa viðað að sér upplýsingum frá Evrópu og Miðausturlöndum og tekur fram að viðælendur sínir séu eiðsvarnir og vitnisburðir þeirra undirritaðir en heimildarmenn hans koma allir fram undir nafni.

Í grein Taylor kemur fram að vopnasalinn Adnan Khasoggi hafi verið meðal viðskiptavina Mills og þau hafi mælt sér mót á hótelum í London og á Spáni. Samkvæmt heimildum blaðsins fékk Mills greiddar háar upphæðir fyrir kynlífsorgíur og í úttekt blaðsins kemur fram að þetta hafi ekki verið neitt stundarbrjálæði. Abdul Khoury, fyrrverandi ritari Khashoggi sem býr í Líbanon, staðfestir þessa fortíð í samtali við blaðið. „Ein af skyldum mínum var að útvega Khasoggi félagsskap og fylgismeyjar. Ég veit að Mills var ein þeirra sem átti náin samskipti við hann," sagði Khoury í samtali við blaðið. „Khasoggi hélt frábær teiti og vildi alltaf fá að vita hvernig kvenfólkið leit út. Ég benti honum á Mills og sagði hana vera mjög þokkafulla," útskýrir Khoury, en sádí-arabíski vopnasalinn á að hafa greitt henni tvö þúsund pund eða um 250 þúsund krónur fyrir hvert skipti.



**ADNAN KHASOGGI** Er ein af aðalpersónunum í sápunni sem orðið hefur til í kringum skilnað Mills og McCartney. Adnan er vel þekktur milljarðamæringur og var á forsíðu Time-tímaritsins árið 1987 þar sem glæsilegur lífsstíll hans var tíundaður.

## Teiti með arabískum prins

Khasoggi var efni úttektar fréttablaðsins Time árið 1987 og þar er hann sagður vera birtingarmynd vopnasalans sem lifir ljúfu lífi milljarðarmæringsins. Ritarinn Khoury brást ókvæða við þegar hann var spurður um viðbrögð Mills sem hefur ávallt neitað þessum sögum. „Hún er með svartan blett á tungunni." News of the World greinir einnig frá kynlífsteiti með arabískum prins sem Mills tók þátt í gegn greiðslu 140 þúsund króna. Fyrrverandi vændiskonan Petrina Montrose er einn heimildarmanna Taylor í greininni og greinir hún frá umræddri orgíu í samtali við blaðið. Lýsingar hennar eru ansi nákvæmar en í máli Montrose verður ekki annað séð en að Mills hafi verið þaulvön í þessum fræðum. „Heather var kunnuglegt andlit í okkar atvinnugrein," hefur blaðið eftir Montrose.

## Mills neitar öllu

Málið hefur óneitanlega vakið mikla athygli enda er Paul McCartney talinn vera einn ríkasti maður Bretlands. Hjónin skrifuðu ekki undir neinn kaupmála og því gæti Mills auðgast



**MCCARTNEY OG MILLS** Sögurnar um meint vændi Mills á hennar yngri árum birtust í sunnudagsblaðinu News of the World. Mills neitar öllum ásökunum en blaðið telur sig hafa áreiðanlegar heimildir um svæsna fortíð hennar sem getur sett strik í reikninginn þegar kemur að skilnaðinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

töluvert á skilnaðinum því eignir bítilsins fyrrverandi eru metnar á rúmar 900 milljónir punda eða 123 milljarða íslenskra króna.

Mills og McCartney giftust fyrir fjórum árum síðan og eiga saman eina dóttur, Beatrice. Lögfræðingur Heather birti í gær yfirlýsingu frá henni þar sem hún neitar öllum fréttum blaðsins. „Þetta eru ekki nýjar sögur og voru hraktar af lögfræðingum fyrir mörgum árum síðan. Greinin er augljóslega birt til að skaða Mills, eiginmann hennar og fjölskyldu á þessum viðkvæmu tímum," segir í yfirlýsingunni sem fréttavefur BBC birti. „Heimildarmennirnir í þessari grein eru óvandaðar manneskjur sem þegið hafa greiðslur fyrir sögurnar."

Þar er enn fremur útilokað að Mills muni birtast í viðtölum til að útskýra sína hlið á málinu en bresku blöðin höfðu gert að því skóna að hún myndi gera það til að svara ásökununum. „Skilnaðurinn er einkamál og þau ætla að hafa hagsmuni Beatrice að leiðarljósi," sagði talsmaður Mills. Paul McCartney hefur verið þögull sem gröfin og hefur einungis látið hafa eftir sér að hann vilji hag Beatrice sem mestan í skilnaðarferlinu.

**- fgg**




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S THE MAN | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 14 |
| SHE´S THE MAN VIP | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| POSEIDON | KL. 3:40-5:50-8-10:10 | |
| X-MEN 3 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 5:50-10:10 | |
| THE SHAGGY DOG | KL. 3:40-5:50 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:30 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 4-8 | B.I. 10 |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 8 | B.I. 14 |
| X-MEN 3 | KL. 8 | B.I. 12 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 10:10 | B.I. 14 |
| THE INSIDE MAN | KL. 10 | |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S THE MAN | KL. 8-10 | |
| POSEIDON | KL. 8-10 | B.I. 14 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S THE MAN | KL. 5:45-8-10:15 | |
| POSEIDON | KL. 6-8-10:10 | B.I. 14 |
| AMERICAN DREAMZ | KL. 8 | |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 10:10 | B.I. 14 |
| SHAGGY DOG | KL. 6 | |
| | | B.I. 10 |

SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| POSEIDON | KL. 7-9-11 | B.I. 14 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:30-8 | |
| | | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Dulmögnuð fegurð

**UMFJÖLLUN**

**[TÓNLIST]**

Verkið Haxan eftir Barða Jóhannsson á sér nokkuð langa forsögu. Sú saga er nokkuð merkileg en of löng til þess að hægt sé að segja hana hér en þess í stað hvet ég fólk til þess að athuga hana sjálft, en söguna má finna víða á netinu. Tónlistina á þessari plötu samdi Barði fyrir danska kvikmynd, Haxan að nafni, sem gerð var árið 1920 eða um það leyti. Hafði myndin verið bönnuð á sínum tíma þar sem hún þótti bæði dónaleg og of djöflaleg, en það gefur tónlistinni hálfgerða nostalgíustemningu.

Kvikmyndatónlist hefur þó þann stimpil á sér að vera ferlega leiðinleg á plasti, þar sem yfirleitt er um að ræða stutt stef sem koma vel út á einhverjum augnablikum á hvíta tjaldinu en lítið annað en flatar endurtekningar í spilaranum heima. Haxan er samt langt frá því að vera slíkt. Þvert á móti er platan mikilfengleg og óvenju heilsteypt. Hver hluti hennar á líf út af fyrir sig og gæti vel staðið einn og sér. Jafnvel er það svo að stundum hefur maður það á tilfinningunni að margir hlutar verksins ættu að vera miklu lengri.

Plötunni er skipt í sjö hluta, Haxan I til Haxan VII og nær hver hluti að kalla fram mjög ákveðna stemningu. Stemningin er þó alls ekki einsleit, heldur rokkar hún oftast fram og til baka. Á tímum finnur maður jafnvel fyrir ofsahræðslu en síðan hægir á ferðinni og maður finnur fyrir ró og öryggi. Hinn dulmagnaði kraftur plötunnar er þannig hennar helsti kraftur, sem endurspeglast jafnt í fegurð sem og myrkum öflum. Aðallega eru það strengjahljóðfærin sem ná fram þessum tilbrigðum en útsetning þeirra nær oft á tíðum að heltaka mann, þó á góðan hátt.

Greinilegt er að Barði hefur mest orðið fyrir áhrifum tónskálda frá byrjun seinustu aldar enda var myndin gerð á þeim tíma. Barði nær þó oft að brjóta upp formið með til dæmis hefðbundnum trommum. Hér skal þó sérstaklega litið til þess að þetta er fyrsta stóra verkið sem Barði semur fyrir sinfóníu þó svo að Þórir Baldursson eigi heiður skilinn en hann útsetti mikinn meirihluta verksins. Sem frumburður á þessu sviði er alveg hreint ótrúlegt hversu vel Barða tekst upp og vonandi að þetta verði til þess að auka bæði áhuga hans og ekki síst aðdáenda hans á þessari tegund tónlistar.

Steinþór Helgi Arnsteinsson



**BARÐI JÓHANNSSON**

HAXAN

**Niðurstaða:** Haxan er magnþrungið sinfóníuverk sem er óhemju gott af kvikmyndatónlist að vera. Dulmagnaður kraftur einkennir verkið sem er íburðarmikið og fallegt en jafnframt dulrænt og ógnvekjandi.

# Í Sviss með Zutons

Hljómsveitin Ampop er nýkomin heim úr tónleikaferðalagi þar sem hún hitaði meðal annars upp fyrir ensku sveitina The Zutons á tvennum tónleikum í Sviss.

Ennig hélt Ampop útgáfutónleika á staðnum Le Divian Du Monde í París í tilefni þess að platan My Delusions kemur út þar í landi í næstu viku.

Útgáfutónleikarnir í París gengu vel að sögn Jóns Geirs, trommuleikara sveitarinnar. „Þetta voru reyndar svolítið skrítnir tónleikar því þegar við komum á staðinn komumst við að því að staðarhaldarar áttu í lagadeilum við nágrannana. Þannig að það var risastór desibelamælir í húsinu sem mátti ekki fara yfir 92. Þetta var dálítil áskorun að skila öllu frá sér rétt og halda samt aftur af sér,“ segir hann.



**AMPOP** Hljómsveitin Ampop hitaði nýverið upp fyrir ensku hljómsveitina The Zutons.

# Sigur Rós heiðruð

Myndband við lag Sigur Rósar, Glósóli, var valið besta rokkmyndbandið á Sköpunar- og hönnunarverðlaununum sem voru afhent í Hammersmith Palais í London á dögunum.

Aðrar hljómsveitir sem voru tilnefndar voru Arctic Monkeys, Franz Ferdinand, Oasis, Kaiser Chiefs og Mew.

Myndbandið var unnið upp úr hugmynd Sigur Rósar og sáu þeir Stefán Árni og Sigurður Kjartansson um leikstjórnina. Þeir hafa áður m.a. leikstýrt myndbandi við lagið Love Will Come Through af síðustu plötu Travis, 12 Memories, og hafa því ágæta reynslu af gerð tónlistarmyndbanda.

Glósóli er annað lag plötunnar Takk sem Sigur Rós gaf út á síðasta ári við mjög góðar undirtektir. Sigur Rós heldur þrenna tónleika í Þýskalandi dagana 23. til 25. júní og heldur síðan áfram tónleikaferð sinni um Evrópu.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós fékk verðlaun fyrir myndbandið við lagið Glósóli.

Meðal annars mun sveitin spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku þann 29. júní.








AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR



Viðurkenndir bókarar
- Réttindanám fyrir bókara

Símennt Háskólans í Reykjavík býður einnar annar nám fyrir bókara. Um er að ræða réttindanám samkvæmt reglugerð nr. 473/2001 um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara.

**Námið skiptis í þrjá hluta:**

- Upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi (24 klst.)
- Skattskil (40 klst.)
- Reikningshald (40 klst.)

Verð kr. 244.000,-

**Námið er einkum ætlað:**
Starfsfólki bókhaldsstofa, fjármála- og hagdeilda fyrirtækja.

Námið er fagnám og er mjög umfangsmikið. Reynsla og þekking á bókhaldi, reikningshaldi og skattalegum atriðum er nauðsynleg. Að loknu námi hljóta útskrifaðir þátttakendur titilinn „Viðurkenndir bókarar“, sbr. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

Námið hefst 1. september nk. og lýkur 11. desember. Próf verða haldin eftir hvern hluta. **Umsóknarfrestur er til 17. júlí 2006.**
Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Undirbúningsnámskeið í bókhaldi og excel hefst 14. ágúst.
Verð kr. 15.000,- og tímalengd 16 klst.

Upplýsingar og skráning:
Þórunn Sigurðardóttir
Sími: 599 63 53
thorunns@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



## Arnór við það að semja

Handboltakappinn Arnór Atlason mun fljótlega ganga frá samningi við danska liðið FC Kaupmannahöfn. Arnór sagði við Fréttablaðið í gær að áhugi beggja væri til staðar og vonaðist hann til að málið skýrðist í vikunni.

# sport

sport@frettabladid.is

KÖRFUBOLTAKAPPINN JÓN ARNÓR STEFÁNSSON: NÁÐI FRÁBÆRUM ÁRANGRI MEÐ NAPOLI Á TÍMABILINU

# „Ég er mjög sáttur við mig og liðið“



Ítalska körfuboltaliðið Napoli lauk keppnistímabili sínu í fyrradag þegar liðið tapaði fyrir Bolognia í fimmta leik liðanna í undanúrslitum deildarinnar. Jón Arnór Stefánsson hefur leikið mjög vel með liðinu í vetur og er hæstánægður með framlag sitt.

„Við komum rosalega á óvart í ár, unnum bikarinn og tímabilið hefur verið hreint út sagt yndislegt. Við náðum einu af fjórum efstu sætunum og spiluðum í úrslitakeppninni og unnum okkur rétt til að spila í EuroLeague á næsta ári. Það eru því allir rosalega ánægðir með tímabilið. Þetta er mjög gaman, við erum að spila skemmtilegan körfubolta, skorum mikið og erum yfirleitt litla liðið en það hefur gengið vonum framar. Napólíborgin er mjög stolt af liðinu,“ sagði Jón Arnór við Fréttablaðið í gær, en hann var þá í afslöppun með félögum sínum á ströndinni á Ítalíu.

„Ég finn mig mjög vel hérna. Það er yndislegt fólk hérna og allt í kringum liðið er alveg frábært. Liðsfélagarnir eru mjög skemmtilegir og þjálfarinn góður. Ég er því gríðarlega sáttur hérna,“ sagði Jón Arnór en liðið er meðal annars með Ameríkana, Ítala, Íra og Frakka innanborðs, eða góða blöndu eins og Jón Arnór orðaði það en hann kveðst vera mjög sáttur við sína eigin frammistöðu á tímabilinu.

„Mér hefur gengið mjög vel og ég gæti ekki verið sáttari með tímabilið hjá mér. Ég er búinn að spila mikið og hef bætt mig í mörgum hlutum. Ég á enn eftir að bæta eitthvað en ég er sáttur við mitt hlutverk í liðinu og finnst ég hafa staðið mig ágætlega. Lífið er því gott á Ítalíu,“ sagði Jón Arnór Stefánsson að lokum en hann hyggst læra ítölsku í sumar og koma á óvart á Ítalíu á næsta tímabili.

## > Viðræður þokast áfram

Viðræður um hugsanlega sameiningu handknattleiksliða Þórs og KA eru enn í gangi. Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildar KA, staðfesti við Fréttablaðið að viðræðurnar væru komnar á alvarlegt stig og eins og staðan væri núna væri þetta að þróast meira út í sameiningu. Ef af sameiningu verður mun verða leikið undir kennitölu KA í efri deild en liðið hafnaði í sjötta sæti DHL-deildarinnar á meðan Þórsarar lentu í þriðja neðsta sæti og féllu í neðri deild.









**ALLAN DYRING** Meiddist í leiknum gegn Fylki og varð að fara út af vegna meiðsla. Hann hefur verið gagnrýndur nokkuð á tímabilinu enda á hann enn eftir að setja mark sitt á mótið og hefur ekki verið nálægt því að fylla skarð nafna síns Borgvardt sem var hans hlutverk hjá FH. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslandsmeistarar FH:

## Danirnir þrír allir meiddir

**FÓTBOLTI** Enginn í hinu danska tríói hjá FH, Tommy Nielsen, Allan Dyring og Peter Madzen, voru með í 1-1 jafntefli Íslandsmeistaranna gegn Breiðabliki á sunnudaginn. Ólafur Jóhannesson sagði við Fréttablaðið í gær að þeir yrðu mislengi frá vegna meiðsla.

„Peter er meiddur á nára og það er óljóst hversu lengi hann verður frá. Þetta hefur verið að trufla hann alveg frá því hann kom hingað og því hefur hann lítið sem ekkert getað spilað. Hversu alvarlegt þetta er vitum við þó ekki ennþá. Tommy er einnig meiddur á nára, hann verður líklega ekki með á fimmtudaginn gegn ÍBV en verður orðinn góður eftir það. Hann æfir með okkur en er ekki tilbúinn til að spila leik alveg strax,“ sagði Ólafur.

„Allan Dyring á við smávægileg meiðsli að stríða og hefði eflaust verið með gegn Breiðabliki ef mikið hefði legið við en við ákváðum að taka engar áhættur og hvíla hann bara. Hann þurfti á því að halda en hann verður með gegn ÍBV,“ sagði hinn geðþekki þjálfari FH. - hþh

# Þriðji tapleikur Keflavíkur í röð

**Fylkismenn náðu að rétta úr kútnum eftir slaka frammistöðu gegn Valsmönnum og unnu góðan heimasigur á Keflavík í gær. Þetta var þriðji tapleikur Keflavíkur í röð í Landsbankadeildinni.**

**FÓTBOLTI** „Við ætluðum okkur þetta og gerðum þetta, mjög sætur sigur,“ sagði Páll Einarsson, miðjumaður Fylkis, eftir að liðið vann góðan 2-1 sigur í Árbænum í gær gegn Keflavík. „Gott að ná að rétta úr kútnum eftir að við lékum hræðilega gegn Val í leiknum á undan. Við mættum vel stemmdir í dag og ætluðum að bæta fyrir mistökin þar og það gerðum við svo sannarlega. Það var mikil vinnsla og barátta í liðinu og viðvorum töluvert meira með boltann svo sigurinn var sanngjarn.“

Það var léleg mæting á Fylkisvöllinn í gær en Keflvíkingar voru nokkuð vængbrotnir; Kristján Guðmundsson þjálfari tók út leikbann og horfði á leikinn frá áhorfendastæðunum og sömuleiðis var Guðmundur Mete í leikbanni.

Fylkir var betra liðið á vellinum fyrri hálfleik, Sævar Þór Gíslason átti gott færi sem Ómar Jóhannsson í marki Keflvíkinga varði. Þá átti hinn danski Peter Gravesen hörkuskot sem Ómar varði einnig. Keflvíkingar fengu sín færi og þar ber hæst hörkuskot Hólmars Rúnarssonar og aukaspyrna Guðmundar Steinarssonar sem Fjalar Þorgeirsson varði vel.



**GRAVESEN OG JÓNAS**Jónas Guðni Sævarsson reynir hér að ná knettinum af hinum danska Peter Gravesen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snemma í seinni hálfleik leit síðan fyrsta markið dagsins ljós en það skoraði Sævar Þór af öryggi úr vítaspyrnu sem var réttilega dæmd eftir að Farah braut á Christian Christiansen. Farah fékk að líta rauða spjaldið fyrir brotið og útlitið því orðið ansi svart fyrir gestina. Það varð enn dekkra þegar Sævar Þór bætti öðru marki við af stuttu færi eftir sendingu frá Christiansen.

Þrátt fyrir að vera manni færri náði Keflavík að minnka muninn og var þar að verki Guðmundur Steinarsson eftir fyrirgjöf frá Simun Samuelsen en það kom of seint. Fylkismenn hrósuðu sigri en þetta var hinsvegar þriðji tapleikur Keflavíkur í röð.

„Þetta er orðið frekar svart og við verðum að rífa okkur upp. Mér fannst vera jafnræði fyrir vítaspyrnudóminn en um leið og við urðum einum færri gekk ekkert. Ég hljóp að Garðari þegar hann gaf Buddy rautt og spurði af hverju hann léti ekki gult spjald nægja en hann sagði að samkvæmt bókinni væri þetta rautt spjald,“ sagði Jónas Guðni Sævarsson, leikmaður Keflavíkur, eftir leik. „Það þýðir ekki að svekkja sig lengi á þessum leik. Framundan er Evrópuleikur á laugardaginn gegn liði frá Norður-Írlandi. Við vitum ekkert um þetta lið en erum fullir tilhlökkunar,“ sagði Jónas Guðni eftir leikinn.

elvar@frettabladid.is

Körfuboltakappinn Hlynur Bæringsson spilar að öllum líkindum með Snæfelli á næsta tímabili:

# Fer á Hólminn verði hann á Íslandi

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson mun spila með Snæfelli ef hann spilar á Íslandi á næstu leiktíð í körfuboltanum. Hlynur sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði enn nokkur járn í eldinum hvað atvinnumennskuna í Evrópu varðaði en þau mál skýrast ekki fyrr en seint í sumar.

„Ég verð í Snæfell ef ég verð á Íslandi. Mér líst rosalega vel á það sem er í gangi í Hólminum og þeir eru að sýna mikinn metnað, þeir gáfust ekkert upp eftir að Bárður fór heldur blésu þeir bara í seglin. Þeir náðu í frábæran erlendan þjálfara sem hefur náð góðum árangri og stýrði liði sínu meðal annars í undanúrslit í Evrópukeppni fyrir tveimur árum,“ sagði Hlynur en auk þess að fá Geof Kotila þjálfara fékk liðið landsliðsmanninn Sigurð Þorvaldsson, góðvin Hlyns, til sín.

„Ég býst við því að gera bara heiðursmannasamkomulag við þá að ég fengi að fara ef það kæmi eitthvað spennandi upp, ég veit að þeir myndu aldrei standa neitt í vegi fyrir mér með það en það er enn inni í myndinni að ég verði í Evrópu. Ég er að skoða sterkt lið um þessar mundir í Sviss en það er ekkert ráðið í þessu. Ég hef þó ákveðið það að ef það kemur ekki almennilegt tilboð þá ætla ég mér ekkert að fara út heldur bara vera hérna heima. Þeir ætla að skoða einhver myndbönd og slíkt en ég er ekki á leiðinni í neinar prufur eða slíkt, ekki nema þeir óski eftir því. Ef það gerist verður það líklega í júlí,“ sagði Hlynur sem var alls ekki sáttur við dvöl sína í Hollandi.

Hann spilaði ásamt Sigurði í WoonAris! en liðið vermdi eitt af botnsætum deildarinnar nánast allt tímabilið. Íslendingarnir stóðu þó fyrir sínu í Hollandi. „Ég nenni ekki að lenda í sama rugli og ég gerði í vetur. Ég var alls ekki sáttur í Hollandi, liðið sem ég lenti í var algjört rugl þrátt fyrir að deildin sem slík hafi verið ágæt og nokkuð sterkari en deildin hér heima,“ sagði Hlynur. Mörg lið sóttust eftir kröftum Hlyns og margir furðuðu sig á því af hverju hann vildi frekar búa í Stykkishólmi en í stærri bæjarfélagi á borð við Reykjavík. „Það er mjög gott að búa í Hólminum. Ég spyr á móti fólk sem á kannski heima í Reykjavík eða á Suðurnesjunum, af hverju færir þú þig ekki? Ég á heima hérna og líður rosalega vel í Hólminum, það er alltaf gott að vera heima hjá sér, hvar sem það er en ég er alinn upp á þessu svæði,“ sagði Hlynur Bæringsson. - hþh




Íslenska kvennalandsliðið:

# Einn nýliði í hópnum

**FÓTBOLTI** Einn nýliði hefur verið valinn í íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu sem mætir Portúgölum í undankeppni Heimsmeistaramótsins í knattspyrnu árið 2007 á sunnudaginn. Það er Guðný Óðinsdóttir, leikmaður Vals, sem kemur ný inn í landsliðið. Ásthildur Helgadóttir getur ekki leikið með liðinu en það verður Þóra Helgadóttir, systir Ásthildar, sem tekur við fyrirliðabandinu í fjarveru hennar.

Leikurinn á laugardaginn verður 100. kvennalandsleikur Íslands frá upphafi og aðgangur að leiknum á sunnudaginn er ókeypis. **- hþh**

**Fylkir 2-1 Keflavík**

Fylkisvöllur. Áhorf: 615 — Garðar Ö. Hinriksson (5)

*1-0 Sævar Þór Gíslason (víti, 48.)*
*2-0 Sævar Þór Gíslason (66.)*
*2-1 Guðmundur Steinarsson (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–10 (7–4) |
| Varin skot | Fjalar 5 – Ómar 4 |
| Horn | 4–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–19 |
| Rangstöður | 3–2 |

| **FYLKIR** 4–4–2 | | **KEFLAV.** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar | 7 | Ómar | 6 |
| Arnar Þór | 6 | Guðjón Árni | 6 |
| Ragnar Sig. | 7 | Badui Farah | 5 |
| Guðni Rúnar | 6 | Baldur Sig. | 6 |
| Jens Elvar | 6 | Milisevic | 7 |
| (75. Ólafur Stígss. | -) | Simun Eiler | 6 |
| Eyjólfur | 7 | Jónas Guðni | 7 |
| Páll Einarsson | 7 | Hólmar Örn | 6 |
| Jón Björgvin | 6 | (71. Einar Orri | -) |
| Peter Gravesen | 6 | Daniel Severino | 5 |
| ***Sævar Þór** | **8** | (53. Ólafur Þór | 5) |
| (80. Albert | -) | Guðmundur | 6 |
| Christian | 8 | Hallgrímur | 4 |
| (80. Björn Viðar | -) | (56. Magnús Sverrir | 4) |

**Maður leiksins*

**ÍBV 2-1 KR**

Hásteinsvöllur. Áhorf: 453 — Ólafur Ragnarsson (6)

*1-0 Atli Jóhannesson (23.)*
*2-0 Jonah Long (63.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 6–9 (4–2) |
| Varin skot | Hrafn 1 – Kristján 2 |
| Horn | 3–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–13 |
| Rangstöður | 1–1 |

| **ÍBV** 4–5–1 | | **KR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hrafn | 6 | Kristján | 6 |
| Andrew Mwesigwa | 6 | Gunnar Einarsson | 6 |
| Matt Garner | 5 | Guðmundur | 6 |
| Jonah Long | 6 | (45. Garðar | 5) |
| Andri Ólafsson | 7 | Gunnlaugur | 6 |
| (71. Bjarni Hólm | -) | Kristinn | 5 |
| **Atli Jóh.** | **8** | (71. Tryggvi Sveinn | -) |
| Pétur Runólfsson | 6 | Bjarnólfur | 6 |
| (66. Bjarni Rúnar | 5) | Sigmundur | 7 |
| Vorenkamp | 6 | Mario Cizmek | 4 |
| Bjarni Geir | 5 | (45. Sölvi Davíðs. | 6) |
| Páll Hjarðar | 7 | Dalibor Pauletic | 5 |
| Ulrik Dröst | 7 | Rógvi Jacobsen | 5 |
| | | Grétar Ólafur | 6 |

**Maður leiksins*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **6** | **5** | **1** | **0** | **12:4** | **16** |
| 2. VÍKINGUR | 6 | 3 | 1 | 2 | 9:6 | 10 |
| **3. VALUR** | **6** | **3** | **0** | **3** | **10:9** | **9** |
| 4. GRINDAVÍK | 6 | 2 | 3 | 1 | 8:7 | 9 |
| **5. FYLKIR** | **6** | **3** | **0** | **3** | **7:7** | **9** |
| 6. KR | 6 | 3 | 0 | 3 | 6:11 | 9 |
| **7. KEFLAVÍK** | **6** | **2** | **1** | **3** | **8:7** | **7** |
| 8. BREIÐABLIK | 6 | 2 | 1 | 3 | 12:13 | 7 |
| **9. ÍBV** | **6** | **2** | **1** | **3** | **5:9** | **7** |
| 10. ÍA | 6 | 1 | 0 | 5 | 6:10 | 3 |






ÍBV gerði sér lítið fyrir og lagði KR í Landsbankadeild karla í knattspyrnu í gær:

# KR rændir í Vestmannaeyjum

**FÓTBOLTI** Það var ekki að sjá að það væri nein ferðaþreyta í Vesturbæingum þegar flautað var til leiks í tvífrestuðum leik ÍBV og KR á Hásteinsvelli í gær. Þeir mættu mun ákveðnari til leiks og var Sigmundur Kristjánsson óheppinn að skora ekki strax á þriðju mínútu leiksins en það var aðeins fyrir frábæra markvörslu Hrafns Davíðssonar í marki ÍBV að KR-ingar voru ekki komnir marki yfir.

Vesturbæjarliðið hafði mikla yfirburði fyrri hluta hálfleiksins og Rógvi og Grétar Ólafur voru nálægt því að skora. Eyjamenn lögðu hins vegar minni áherslu á sóknarleik sinn og Ulrik Drost var oftar en ekki einn að berjast uppi á toppi. Barátta hans átti þó eftir að borga sig því á 23. mínútu átti hann fínan sprett og sendi síðan boltann á Atla Jóhannsson, besta mann ÍBV í leiknum, sem hamraði boltanum í slána og inn. Markið kom eins og köld vatnsgusa framan í KR-inga sem höfðu stjórnað gangi leiksins frá fyrstu mínútu. Eftir markið lifnaði aðeins yfir Eyjamönnum en það voru samt KR-ingar sem héldu áfram að stjórna miðjunni.

Þeim tókst hins vegar illa að komast framhjá Páli Hjarðar og félögum í vel skipulagðri vörn Eyjamanna. Páll lét líka til sín taka í sókninni og var nálægt því að skora þegar hann skallaði rétt framhjá eftir fyrstu og eina horn ÍBV í hálfleiknum. Marktækifærin urðu ekki fleiri og Eyjapeyjar gengu til hálfleiks einu marki yfir.



**ÞJÁLFARINN GLAÐUR** Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, gat svo sannarlega leyft sér að fagna í leikslok eftir sigurinn gegn KR í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Teitur Þórðarson var greinilega ekki sáttur við leik sinna manna í fyrri hálfleik og hann gerði tvær breytingar á liði sínu í hálfleik. Mario Cizmek og Guðmundur Gunnarsson fóru af velli og inn komu Sölvi Davíðsson og Garðar Jóhannsson. Seinni hálfleikurinn hófst eins og sá fyrri, Eyjamenn lágu til baka og keyrðu á skyndisóknum. Það bar árangur á 63. mínútu þegar Drost átti annan fínan sprett sem endaði með því að Dalibour Pauletic braut á honum rétt fyrir utan vítateig og hlaut að launum gult spjald. Spjaldið var hins vegar smáatriði miðað við það sem fylgdi í framhaldinu því Jonah Long sendi knöttinn beint úr frísparkinu í netið framhjá Kristjáni Finnbogasyni og staðan orðin 2-0 og Eyjamenn aðeins búnir að eiga þrjú skot á markið allan leikinn.

KR-ingar reyndu hvað þeir gátu til að skora það sem eftir lifði leiks og Teitur fækkaði meðal annars í vörninni en allt kom fyrir ekki. Grétar og Garðar voru aðgangsharðir undir lokin en tókst ekki að koma boltanum yfir línuna hjá ÍBV. Eyjagrýlan lifir því enn hjá KR en liðinu hefur gengið sérstaklega illa á Hásteinsvelli undanfarin ár. Eyjamenn nældu hins vegar í þrjú mikilvæg stig í botnbaráttunni en þeir höfðu tapað tveimur síðustu leikjum á heimavelli. **- jiá**



**OTTO** Verður á bekknum í dag þegar Tógó mætir Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Otto Pfister snýr aftur:

# Pfister stýrir Tógó í dag

**FÓTBOLTI** Ringulreiðin í kringum landslið Tógó á HM heldur áfram en Otto Pfister ákvað í gær að snúa aftur sem þjálfari liðsins. Hann hafði áður tilkynnt að hann væri hættur í kjölfar deilna um launamál milli leikmanna landsliðsins og knattspyrnusambandsins í Tógó. Pfister er 68 ára en hann segir að þrýstingur frá leikmönnum hafi gert það að verkum að hann ákvað að snúa aftur.

Leikmönnum Tógó finnst sem þeir séu ekki að fá sanngjarnar upphæðir fyrir þátttöku sína á HM en þjóðin er að taka þátt í sinni fyrstu lokakeppni. Tógó er neðst á styrkleikalista FIFA af þeim þjóðum sem keppa í Þýskalandi en liðið á sinn fyrsta leik í dag gegn Suður-Kóreu. **- egm**






**DAUÐAFÆRI** Japanski sóknarfiskurinn sækir hér hart að marki Ástrala.

Sædýrasafnið í Yokohama:

## Fiskar í fótbolta

**FÓTBOLTI** Mikil spenna ríkir fyrir HM í Japan. Á sædýrasafninu í Yokohama hefur verið útbúinn fótboltavöllur sem staðsettur er í stóru fiskabúri og þar etja fiskar kappi. Grænir fiskar sem eiga að tákna ástralska landsliðið og bláir fiskar sem tákna það japanska eru í fiskabúrinu Ekki fylgir sögunni hvort Japönsku fiskarnir hafi staðið sig betur en fótboltaliðið sem tapaði fyrir Áströlum 3-1 á HM í gær. - egm






Írski baráttujaxlinn Roy Keane tilkynnti í gær að hann væri hættur knattspyrnuiðkun eftir farsælan feril:

# Glæstur ferill Keane á enda kominn

**FÓTBOLTI** Það kom kannski ekkert mjög á óvart í gærmorgun þegar Roy Keane tilkynnti það formlega að hann væri hættur knattspyrnuiðkun. Nú er hálft ár síðan þessi goðsögn á Old Trafford yfirgaf Manchester United en hann hefur frá áramótum leikið með Glagow Celtic í Skotlandi. Meiðsli á mjöðm hafa verið að hrjá hann nokkuð lengi en hann er orðinn 34 ára og sá ekki annan kost í stöðunni en að legga skóna á hilluna á þessum tímapunkti eftir að hafa ráðfært sig við lækna.

Nafn Keane mun lifa meðal stuðningsmanna Manchester United um ókomna tíð en hann er lifandi goðsögn hjá félaginu. „Hann er leikmaður sem hefur allt. Hann er mjög hæfileikaríkur, leggur sig alltaf allan fram og með ótvíræða leiðtogahæfileika," sagði Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, fyrir rúmu ári síðan um Keane. Hann sagði þá Keane vera besta leikmann sem nokkurn tímann hefði spilað undir sinni stjórn.

Roy Keane var fyrirliði írska landsliðsins en ferill hans hófst hjá liði Cobh Ramblers í heimalandinu áður en Nottingham Forest fékk hann til Englands. Hann var fljótur að vekja á sér athygli þar fyrir óbilandi keppnisskap og Blackburn Rovers var nálægt því að kaupa hann 1993. En á síðustu stundu hrifsaði Sir Alex Ferguson hann til sín og hann var keyptur til United fyrir 3,75 milljónir punda sem á þeim tíma var talin mjög há upphæð fyrir leikmann.

Ferill Keane hjá Manchester United hefur verið litríkur en stórglæsilegur. Leikmenn liðsins báru gríðarlega virðingu fyrir honum, hann lá ekki á skoðunum sínum og var gerður að fyrirliða. Á ferli sínum vann hann sjö deildartitla og ensku bikarkeppnina þrívegis. Hann er einn allra besti miðjumaður sem leikið hefur í enska boltanum og enginn stuðningsmaður United mun gleyma frammistöðu hans í sigrinum gegn Juventus í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu 1999. Hann tók út leikbann í sjálfum úrslitaleiknum þar sem United bar sigur úr býtum.

Ferill Keane átti sínar skuggahliðar og olli hann oft miklum usla með ótálguðum ummælum sínum. Hann var rekinn úr írska landsliðshópnum fyrir heimsmeistaramótið 2002 eftir að hafa lent í deilum við landsliðsþjálfarann Mick McCarthy. Hans verður minnst fyrir að vera einn mesti harðjaxl í sögu enska boltans en hann lenti oft í útistöðum við dómara og var óhræddur við að tækla menn. Frægt er þegar hann gerði út um feril Alf Inge Haaland með ótrúlega grófri tæklingu.

Keane viðurkenndi það síðan í viðtölum að þetta var viljaverk og hann hefði ekkert samviskubit yfir gjörðum sínum, sagði Haaland hafa einfaldlega átt þetta skilið. Þess má geta að hann fékk rauða spjaldið ellefu sinnum á ferli sínum með United. Hann og Ferguson deildu oft en í nóvember síðastliðnum tók steininn úr og Keane yfirgaf Old Trafford. Hann spilaði þó aftur á vellinum þann 9. maí þegar settur var upp kveðjuleikur fyrir hann sem var milli Celtic og Manchester United.

„Þegar menn fara að velja besta lið allra tíma eftir einhvern tíma þá verður Roy þar. Ég hef aldrei kynnst leikmanni sem hefur jafnmikil áhrif á aðra leikmenn, bæði innan vallarins og utan hans. Hann fer í alla leiki staðráðinn í að sigra og það smitar út frá sér," sagði Ferguson um þennan magnaða fótboltamann en margir telja líklegt að hann muni í framtíðinni verða knattspyrnustjóri. - egm



**KÓNGURINN** Hér má sjá Roy Keane fagna ásamt félögum sínum hjá Manchester United á sínum tíma. Hann er einn allra besti miðjumaður, ef ekki sá besti, sem leikið hefur í búningi félagsins. NORDICPHOTOS/AFP








**SVEKKTIR** Dwayne Wade og Shaquille O´Neil, aðalstjörnur Miami-liðsins, sitja álútir á varamannabekknum undir lok leiksins þegar sigur Dallas var tryggður. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslitakeppnin í NBA körfuboltanum í fullum gangi:

# Dallas steig stórt skref að titlinum

**NBA** Flestir bjuggust við því að annar leikur Dallas Mavericks og Miami Heat í úrslitarimmu NBA deildarinnar í körfubolta í fyrrinótt yrði æsispennandi. Allt annað kom þó á daginn en Dallas-liðið var betra á öllum sviðum körfuboltans og vann auðveldan 99-85 sigur og hefur náð 2-0 forystu í einvíginu.

Dallas lék við hvern sinn fingur og í síðari hálfleiknum fór forysta þeirra hátt í 30 stig. Miami náði að bjarga andlitinu í lokin þegar úrslitin voru þó löngu ráðin. Shaquille O´Neil átti sinn lélegasta leik í úrslitakeppni á ferlinum og skoraði aðeins 5 stig. Dwayne Wade skoraði 23 stig fyrir Miami, en náði sér heldur aldrei á strik. Dirk Nowitzki skoraði 26 stig og hirti 16 fráköst í liði Dallas, Jerry Stackhouse skoraði 19 stig af bekknum, Jason Terry skoraði 16 stig og gaf 9 stoðsendingar og Josh Howard skoraði 15 stig.

„Við komum bara miklu einbeittari til leiksins og vorum staðráðnir í að fara með sigur af hólmi, það var meginmunurinn á liðunum. Vonandi náum við að fylgja eftir leikjunum gegn Phoenix þar sem við unnum þriðja leikinn á útivelli," sagði Nowitzki eftir leikinn en þrátt fyrir að einvígið sé hvergi nærri búið verður að segjast eins og er að Dallas er komið í ansi vænlega stöðu.

Fyrstu tveir leikirnir fóru fram í Dallas, en næstu þrír verða nú spilaðir í Miami. Ef með þarf fara svo síðustu tveir leikirnir fram í Dallas. „Við megum aldrei slaka á, ég held að það viti allir hversu sterkt Miami-liðið er. Við verðum að halda áfram að vera sterkir og ef við gerum það þá tökum við titilinn," bætti Þjóðverjinn við. - hþh



**CAHILL** Fyrstur til að skora fyrir Ástralíu á HM. NORDICPHOTOS/AFP

Keppni í F-riðli hófst í gær:

## Góður lokakafli ástralska liðsins

**FÓTBOLTI** Tim Cahill, leikmaður Everton, var í aðalhlutverki hjá ástralska landsliðinu í gær en hann skoraði tvö mörk í 3-1 sigri á Japan eftir að hafa komið inn sem varamaður. Þetta var fyrsti leikur F-riðils en Japan hafði forystu í hálfleik og allt stefndi í sigur þeirra þegar Ástralía jafnaði sex mínútum fyrir leikslok og bætti tveimur mörkum við áður en flautað var til leiksloka.

Shunsuke Nakamura kom Japan yfir með umdeildu marki en Ástralir vildu meina að brotið hefði verið á markverði þeirra. Cahill var tæpur fyrir keppnina vegna meiðsla á hné en hann kom inn sem varamaður og skoraði tvö mörk á fimm mínútum og skyndilega tók Ástralía forystuna. Það var svo annar varamaður, John Aloisi, sem innsiglaði sigurinn í viðbótartíma þegar vörn Japana brást illilega. Þetta var fyrsti leikur Ástralíu í lokakeppni HM og sigurinn því sögulegur. - egm

Ítalir eru í góðum málum eftir sigur á Ghanamönnum í E-riðli HM í gær:

# Ítalir sterkari í frábærum leik

**FÓTBOLTI** Flestir bjuggust við því að Ítalir, með alla sína ógnarsterku leikmenn innanborðs, myndu fara nokkuð auðveldlega í gegnum Afríkubúana frá Ghana sem hafa mun minni spámönnum á að skipa. Svo fór þó ekki.

Ghana er að spila í sinni fyrstu heimsmeistarakeppni og ætla svo sannarlega að láta finna fyrir sér. Ítalir komu þó ákveðnari til leiks í gær og hófu stórsókn að marki Ghanamanna sem áttu fullt í fangi með spræka Ítali í byrjun. Leikmenn Ghana sóttu þó í sig veðrið og úr varð frábær knattspyrnuleikur þar sem liðin skiptust á að sækja.



**FÖGNUÐUR** Vincenzo Iaquinta fagnaði marki sínu ógurlega enda ekki á hverjum degi sem maður skorar á HM. NORDICPHOTOS/AFP

Luca Toni átti góðan leik í sóknarlínu Ítala og hann átti meðal annars frábært skot í þverslána eftir að hafa tekið glæsilega við aukaspyrnu Alberto Gilardino. Addoquaye Pappoe fékk besta færi Ghana þegar hann var aleinn í vítateignum en skot hans þaðan fór yfir markið en Steven Appiah, fyrirliði Ghana, fór fyrir sínum mönnum og átti mjög góðan leik.

Rétt fyrir hálfleik tóku Ítalir svo forystuna. Andrea Pirlo skoraði frábært mark með skoti af 30 metra færi eftir að Fransesco Totti hafði sent á hann. Totti spilaði í 55 mínútur en ekki var búist við því að hann spilaði mikið í fyrsta leiknum. Hann stóð þó vel fyrir sínu, líkt og hann gerir endranær.

Leikmenn Ghana voru betri en Ítalir í síðari hálfleik og sóttu stíft eftir jöfnunarmarkinu. Hin sterka vörn Ítala, með Fabio Cannavaro fremstan í flokki, reyndist þeim þó of sterk og þeir létu engan bilbug á sér finna.

Það var svo varamaðurinn Vincenzo Iaquinta sem innsiglaði sigurinn eftir skelfileg mistök Samuel Kuffour sem sendi alltof lausa sendingu til baka og hinn frábæri sóknarmaður Udinese fór í kringum markmanninn og lagði boltann örugglega í netið. 2-0 sigur Ítala varð þar með staðreynd en Ghanamenn sýndu og sönnuðu að þeir eru sýnd veiði en ekki gefin. - hþh



**FAGNAÐ** Tékkar fagna fyrra marki Rosicky. NORDICPHOTOS/AFP

Öruggur sigur Tékklands:

## Tékkar í stuði

**FÓTBOLTI** Tékkar höfðu algjöra yfirburði gegn Bandaríkjunum í E-riðli í gær og unnu 3-0 sigur. Risinn Jan Koller braut ísinn með skallamarki á fimmtu mínútu en hann fór síðan meiddur af velli síðar í leiknum. Bandaríkjamenn áttu stangarskot áður en Tomas Rosicky, nýjasti liðsmaður Arsenal, bætti við tveimur stórglæsilegum mörkum fyrir Tékkland.

Tékkar hafa eitt skemmtilegasta landslið heims þegar þeir ná sér á strik og eru til alls líklegir á mótinu ef þeir halda áfram á þessari braut. Það verður þó að segjast eins og er að búist var við því að Bandaríkjamenn veittu meiri mótspyrnu en þeir gerðu í gær. - egm

Óánægja með jafnteflið:

## Rifrildi innan sænska hópsins

**FÓTBOLTI** Mikil óánægja er í Svíþjóð með að landslið þjóðarinnar hafi einungis gert jafntefli gegn Trínidad og Tóbagó um helgina. Stemningin innan leikmannahópsins virðist einnig vera brothætt en Olof Mellberg og Fredrik Ljungberg rifust heiftarlega eftir leikinn og Zlatan Ibrahimovic lét Tobias Linderoth heyra það. - egm

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**JÚNÍ**

10 11 12 **13** 14 15 16

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 12.30 **HM stúdíó** á Sýn. Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið.
- 12.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Suður-Kóreu** og **Tógó** í G-riðli.
- 15.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 15.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Frakka** og **Svisslendinga** í G-riðli.
- 18.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 18.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Brasilíu** og **Króatíu** í F-riðli.
- 21.00 **4-4-2** á Sýn. HM-uppgjör dagsins.

**HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

*C-riðill:*

| ÁSTRALÍA-JAPAN | 3-1 |
|---|---|

0-1 Shunsuke Nakamura (26.) 1-1 Tim Cahill (84.) 2-1 Tim Cahill (89.) 3-1 John Aloisi (90.+2).

*D-riðill:*

| BANDARÍKIN-TÉKKLAND | 0-3 |
|---|---|

0-1 Jan Koller (5.) 0-2 Thomas Rosicky (36.), 0-3 Thomas Rosicky (76.).

| ÍTALÍA-GHANA | 2-0 |
|---|---|

1-0 Andrea Pirlo (40.), 2-0 Vincenzo Iaquinta (83.).




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You're so wise. You're like a miniature Buddha, covered with hair.“**

Ron Burgundy úr Anchorman.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON FAGNAÐI SIGRI Á SUNNUDAGINN

# Minnimáttarkennd RÚV?

Mér þykir vænt um Ríkissjónvarpið. Ólst upp við það. Kynntist af eigin raun dagskrárleysinu á fimmtudögum, stillimyndinni sem þar blasti við. Svo kom samkeppnin, Stöð 2, Stöð 3 og Skjárinn. Stöðvar sem vissulega eru góðar en hafa ekki sama tilfinningalega gildi fyrir landsmenn og gamla, góða RÚV.
Hér áður fyrr vöndust íþróttaáhugamenn því að Ríkissjónvarpið sýndi frá öllum helstu íþróttaviðburðum. Margir supu hveljur þegar sá enski fór yfir á Stöð 2 og seinna meir Sýn en væntanlega eru fáir vælandi yfir þeirri þróun sem átt hefur sér stað á því frábæra sjónvarpsefni.

Ég veit ekki hvort íþróttadeild RÚV þjáist af einhverri minnimáttarkennd gagnvart íþróttastöðinni Sýn en framganga hennar í leiknum gegn Svíum á sunnudaginn var til háborinnar skammar. Þrátt fyrir að sumir telji handknattleikinn vera deyjandi íþrótt þá verður heimsmeistaramótið í Þýskalandi einn allra merkilegasti viðburður í sögu þessarar gömlu „þjóðaríþróttar“ okkar Íslendinga.



**SIGUR Á SVÍUM** Undirbúningur íslenska landsliðsins borgaði sig í leiknum gegn Svíum en RÚV svaf á verðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Útsendingin hófst án nokkurs fyrirvara, engar gamlar kempur dregnar fram í sviðsljósið sem gátu vitnað um hversu erfitt það hefur reynst íslenska landsliðinu að sigra það sænska. Þess í stað voru tveir þulir frá sömu stofnun sendir til Globen í Stokkhólmi. Einn lýsti í útvarpinu en annar í sjónvarpinu. Kempurnar sátu heima í stofu og hafa vafalítið fellt tár yfir sigrinum. Loksins, loksins var þetta vígi fallið.

Sigur landsliðsins var sætur. Þau eru ófá skiptin sem ég hef horft á „strákana okkar“ falla í valinn fyrir Svíagrýlunni, sást líka berlega í blöðum landsmanna hvað skipti máli þennan sunnudagseftirmiðdag. RÚV féll á prófinu og missti af kærkomnu tækifæri til að sitja eitt að einum mesta sigri íslenska landsliðsins, fyrr og síðar. Íþróttadeildin verður því að hysja upp um sig fyrir 17. júní þegar blessaðu Svíarnir mæta til leiks og Laugardalshöllin verður smekkfull af Íslendingum sem þrá ekkert heitar en að senda þá gulu aftur heim með skottið á milli lappanna.



20.05 *Drama*
GILMORE GIRLS



20.05 *Veruleiki*
AMAZING RACE



20.30 *Gaman*
SUSHI TV



22.30 *Drama*
CLOSE TO HOME



19.40 *Umræða*
HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**16.10** Kóngur um stund (1:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (40:52) **18.25** Andlit jarðar (3:6)

**18.30 Gló Magnaða (55:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.05 Mæðgurnar (15:22)** (Gilmore Girls V) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**20.50 Taka tvö (4:10)** Að þessu sinni er rætt við Róbert Douglas.
**21.40 Gríman 2006** Kynntar verða tilnefningar til Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögregluforinginn (2:6)** (The Commander II) Breskur sakamálaflokkur eftir Lyndu La Plante.

**23.15** Dýrahringurinn (7:10) **0.05** Kastljós **0.30** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Sisters

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Supernanny **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **15.55** Barnatími Stöðvar 2 **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** The Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
▶ **20.05 Amazing Race (11:14)** (Kapphlaupið mikla 8) Í áttunda kapphlaupinu keppa fjölskyldur saman.
**20.50 Las Vegas (15:23)** (Urban Legends) Ein af goðsögnum borgarinnar reynist sönn. B. börnum.
**21.35 Prison Break (19:22)** (Bak við lás og slá) Michael þarf að komast yfir lykil svo flóttaáforminn eigi að geta gengið upp á meðan fleiri fangar komast að áformunum. 2005. Bönnuð börnum.
**22.20 Curb Your Enthusiasm 5** (Rólegan æsing) Larry David er mættur aftur; nú önugri en nokkru sinni fyrr.
**22.55 Twenty Four (19:24)** (24)

**23.40** Bones **0.25** Death to Smoochy **2.10** Murder by Numbers (Str. bönnuð börnum) **4.05** Bad Day on the Block (Str. bönnuð börnum) **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (2:18) (e)**
**20.00 Friends (20:23)** (Vinir)
▶ **20.30 Sushi TV (1:10)** Sushi TV er sprenghlægilegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu. Allt það fyndnasta og furðulegasta sem þú finnur frá japönsku sjónvarpi er í þessum þáttum.
**21.00 Bernie Mac (10:22)** (J-O-R-D-A-N Spells Funny)
**21.30 Supernatural (18:22)** (Something Wicked)
**22.20 Ravenous** Höfuðsmaðurinn John Boyd er hækkaður í tign fyrir hetjudáð en síðar kemst upp að hann reyndist algjör bleyða á örlagastundu. Str. bönnuð börnum.

**0.00** Falcon Beach (2:27) (e) **0.50** Fashion Television (e) **1.15** Friends (20:23) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**15.40** Everybody Hates Chris (e) **16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills**
**19.45 Melrose Place**
**20.30 Whose Wedding is it anyways?** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbýr brúðkaup ríka og fræga fólksins.
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já** Nú er komið að því að Elín María fer í gang í sjöunda árið í röð með Brúðkaupsþáttinn Já.
▶ **22.30 Close to Home** Annabeth fer með mál þar sem fórnarlambið er kyrkt kvöldið fyrir brúðkaupsdag sinn. Á meðan á réttarhöldunum stendur kemst Annabeth að því að fórnarlambið hefur verið að fela hræðilegt leyndarmál sem kunna má að hafi leitt til morðsins á henni.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. (e) **0.50** Beverly Hills (e) **1.35** Melrose Place (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/íþróttir/Veður

**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir/íþróttir/Veður/Ísland í dag **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Laws of Attraction (Bönnuð börnum) **8.00** Interstate 60 **10.00** Big **12.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **14.00** Interstate 60 **16.00** Big **18.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **20.00 Laws of Attraction** (Lögmál ástarinnar) Rómantískt réttardrama með gamansömu ívafi með Pierce Brosnan og Julianne Moore í aðalhlutverkum. Myndina gerði breski leikstjórinn Peter Howitt sem gerði m.a. Sliding Doors. **22.00 The Notebook** (Æskuástir) Eldheit og sígild ástarsaga sem naut mikilla vinsælda er hún var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2004. Aðalhlutverk: Gena Rowlands, Starletta DuPois, Tim Ivey. Leikstjóri: Nick Cassavetes. 2004. **0.00** The Package (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Blue Collar Comedy Tour: The Movie (e) (Bönnuð börnum) **4.00** The Notebook

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** E! News Special **14.00** THS American Pie: Uncovered **15.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Johnny Depp **20.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **21.00** 10 Ways **21.30** Child Star Confidential **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Johnny Depp **1.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **2.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops!

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


GLÆNÝTT
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT







TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partítjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík

VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Curb Your Enthusiasm — Stöð 2 kl. 22.20

### *Saklaus vandræðagemsi*



Önugasta karlugla sem um getur, sá sem allir elska að hata, er mætt aftur á skjáinn. Larry David hefur aldrei verið önugri og sem fyrr gerir hann allt sem í sínu valdi stendur til að valda öðrum óþægindum og fá fólk upp á móti sér. Vandinn er nefnilega sá að Larry þekkir ekki takmörk sín og heldur sig jafnan alsaklausan. Í þessum fyrsta þætti er Larry sýndur sá mikli heiður að fá samloku skírða í höfuðið á sér, gallinn er bara sá að honum finnst samlokan alls ekki nógu góð.

## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN

*Ólafur Kristjánsson*



**G-riðill**
**Suður-Kórea - Tógó kl. 13**
S-Kórea vinnur 2-1, fylgja eftir frábæru HM í 2002 með sigri í fyrsta leik. Tógómenn eiga eftir að stríða þeim en þá skortir reynslu.

**G-riðill**
**Frakkland - Sviss kl. 16**
1-1 Svisslendingar leggja ofurkapp á vörnina og ná jafntefli, þessar þjóðir hafa oft mæst og Svisslendingar hafa áður náð að stríða Frökkum.

**F-riðill**
**Brasilía - Króatía kl. 19**
Einn af stórleikjum riðlakeppninnar 3-2 fyrir Brasilíu. Snilli Brassanna gerir útslagið gegn sterkum Króötum.



▶ 18.50 *HM*

BRASILÍA-KRÓATÍA

**SÝN** *besta sætið*

**8.00** HM 2006 (Bandaríkin – Tékkland) **9.45** HM 2006 (Ítalía – Gana) **11.30** 4 4 2 **12.30** HM 2006 – spjall

**12.50** HM 2006 (Kórea – Tógó) **15.00** HM 2006 – spjall **15.50** HM 2006 (Frakkland – Sviss) **18.00** HM 2006 – spjall

▶ **18.50 HM 2006** (Brasilía – Króatía) Bein útsending frá leik Brasilíu og Króatíu sem leika í F-riðli á HM 2006. Heimsmeistarar Brasilíu fá aldeilis verðugt verkefni í fyrsta leik því Króatar eru geysilega sterkir.

**21.00** **4-4-2** Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

**22.00** **KB banka mótaröðin í golfi 200** (KB banka mótaröðin 2006) Þáttur um Carlsberg-mótið sem er annað mótið á KB banka mótaröðinni í golfi í sumar.

**23.00** HM 2006 (Frakkland – Sviss) **1.00** NBA – úrslitakeppnin

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Íslenskar afþreyingarbókmenntir **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





ENNEMM / SÍA / NM22271

VERÐBÓLGAN HEFUR ENGIN ÁHRIF Á OKKAR BÍLA!

NÝ MICRA OG ÞÚ BORGAR AÐEINS 19.000* KR. Á MÁNUÐI!

Nissan Micra er nettur og ljúfur bíll en líka sá rúmbesti í sínum flokki. Micra er lyklalaus, með regnskynjara, 6 diska geislaspilara og svo eyðir hún nánast engu og nú fylgir 50.000 kr. bensínkort frá EGO öllum seldum Nissan Micra. **Öllu Micra verður það ekki!**

KAUPAUKI! 50 ÞÚSUND KRÓNA BENSÍNKORT FRÁ ego FYLGIR MEÐ!

Nissan Micra 5 dyra beinskiptur
**Verð aðeins 1.549.000 kr.**

*Miðað við 20% útborgun og bílasamning Lýsingar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960 |
|---|---|---|---|---|---|---|



## HRÓSIÐ

*... fær Alfreð Gíslason fyrir að leiða Íslendinga til frækins sigurs á Svíum í handbolta.*

## AÐ MÍNU SKAPI: HELGA INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR, SÖNGKONA OG STARFSMAÐUR GRUNDARTANGA

# *Elskar söngleiki og verslanir*

**Uppáhaldstónlist:** Ég er algjör alæta á tónlist og finnst flest öll tónlist mjög góð. Ef ég þyrfti að nefna eitthvað þá er það íslensk tónlist og söngleikjatónlist sem eru í uppáhaldi.

**Uppáhaldsbók:** Ég er nýbúin að lesa Da Vinci Code og mér fannst hún alveg frábær. Ég er ekki búin að sjá myndina en það er næst á dagskrá að fara á hana. Þótt ég hafi heyrt að hún sé ekkert rosalega góð þá langar mig samt að sjá hana.

**Uppáhaldsborg:** Kaupmannahöfn og Lúxemborg. Ég hef komið til beggja þessara borga og það var yndislegt að vera þar. Ég fór til Lúxemborgar núna apríl að hitta vinkonu mína sem er þar au-pair. Veðrið var mjög gott og við gengum um allt, borgin iðaði af mannlífi og var uppfull af verslunarmiðstöðvum sem er alltaf kostur því mér finnst mjög gaman að versla.

**Bíómynd:** Ég er algjört söngleikjafrík og mér fannst RENT alveg frábær.

**Verslunin:** Vero Moda. Bara í hvert einasta skipti sem ég fer að versla þá kaupi ég mér alltaf eitthvað þar. Ég keypti mér síðast brúnan jakka þar, rosa flottan.

**Verkefnið:** Ég er að vinna á fullu í Grundartanga og verð að vinna frekar mikið í sumar. Annars er ég líka að syngja hér og þar og það er náttúrulega bara alltaf gaman. Svo ætla ég bara að hafa það mjög gott í sumar og draumurinn er að komast eitthvað út í haust, annaðhvort að vinna eða í skóla.





**LÁRÉTT** **2** hyski **6** málmur **8** hæfileikamikill **9** hluti kynfæra **11** slá **12** teygjudýr **14** umstang **16** tveir eins **17** óhreinka **18** hluti verkfæris **20** gangþófi **21** not.
**LÓÐRÉTT** **1** drepa **3** frá **4** unnusti **5** knæpa **7** limlesta **10** hola **13** eiga heima **15** stórra herbergja **16** kaðall **19** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** pakk, **6** ál, **8** fær, **9** leg, **11** rá, **12** amaba, **14** stúss, **16** tt, **17** ata, **18** orf, **20** il, **21** gagn.
**LÓÐRÉTT: 1** kála, **3** af, **4** kærasti, **5** krá, **7** lemstra, **10** gat, **13** búa, **15** sala, **16** tog, **19** fg.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Kúbu
2 Alfreð Gíslason
3 Steinunn Sigurðardóttir






## HREIMUR ÖRN HEIMISSON: SÖNG FYRIR TOMMY LEE OG FÉLAGA Í LA

# Of kurteis fyrir Rockstar

„Þetta var ansi gaman og bæði mikil og góð lífsreynsla," segir söngvarinn Hreimur Örn Heimisson sem er nýkominn heim frá Los Angeles þar sem hann þreytti áheyrnarprufur fyrir sjónvarpsþáttinn Rockstar: Supernova. Fjórir Íslendingar fóru utan í prufurnar, auk Hreims þau Kristófer Jensson úr Lights on the Highway, Aðalheiður Ólafsdóttir Idolstjarna og Magni Ásgeirsson úr hljómsveitinni Á móti sól. Öll stóðu þau sig vel í prufunum, en Magni þó sýnu best því hann er kominn í 18 manna úrtak. Úr því verða svo valdir 15 söngvarar sem komast í þáttinn. „Magni bankar á dyrnar og hefur greinilega staðið sig alveg frábærlega. Hann er klárlega það sem þeir voru að leita að og það væri óskandi bæði fyrir hann og land og þjóð að hann komist áfram," segir Hreimur.

Hreimur segir að Íslendingarnir hafi dvalist í LA í rúma viku. Hann segir að allir hafi verið mjög vingjarnlegir við sig en keppendurnir hafi verið í hálfgerðri einangrun. „Maður mátti ekki tala við aðra keppendur og helst ekki yfirgefa hótelið. Það var helst að maður fengi fréttir frá starfsfólkinu. Það var því lítið annað að gera en sitja og bíða. Maður gat þó farið í sund sem var gott í góða veðrinu."

Áheyrnarprufurnar sjálfar tóku ekki mjög langan tíma að sögn Hreims. „Maður söng bara það sem þeir báðu um. Þetta var eins og í þáttunum, það var lagalisti sem maður fékk að velja úr. Svo átti maður að syngja eitt frumsamið lag og ég söng Von mín er sú." Auk áheyrnarprufanna þurftu þátttakendurnir að gangast undir alls kyns próf. Til að mynda fóru þeir í læknisskoðun til að kanna hvort eitthvað amaði að þeim og svo var krossapróf sem átti að skera úr um hvort geðheilsan væri ekki örugglega í lagi. „Við sluppum öll í gegnum það," segir Hreimur og hlær.



**HREIMUR ÖRN HEIMISSON** Stóð sig vel í áheyrnarprufum fyrir Rockstar: Supernova úti í Los Angeles en komst þó ekki í þáttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hreimur telur að hann hafi staðið sig vel í áheyrnarprufunum en hann hafi ekki verið það sem var verið að leita að. „Þeim fannst ég fínn söngvari. Ég þótti bara of mikill sætabrauðsdrengur til að leiða svona rokkhljómsveit. Helmingurinn af þessu er karakterinn, þetta er ekki eins og Idolið þar sem valinn er besti söngvarinn. Það hefur eflaust hjálpað Magna að hann segir alltaf það sem honum finnst á meðan ég fer öðruvísi að hlutunum. Ég er kannski bara of kurteis og Magni hefur þetta rokkaraviðmót sem vantar í mig." **hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** hefur verið á Bretlandseyjum að undanförnu. Fyrir helgi sat hún í dómnefnd fegurðarkeppninnar Ungfrú Wales og greinir frá ævintýrum sínum á bloggsíðu sinni, unnurbirna.blog.is. Svo vildi til að með Unni Birnu í dómnefndinni sat velski fótboltamaðurinn Robbie Savage sem leikur með Blackburn á Englandi. „Hann setti upp frekar hallærislega „ég er celeb" sýningu í þessum viðtölum. Klæddur í einhverja svaðalega múnderingu, með sólgleraugu á sér allan tímann og umboðsmann/aðstoðarmann með sér," skrifar Unnur Birna. Vel fór á með Unni og Savage þegar leið á kvöldið og hún komst fljótt að því að stjörnustælarnir væru bara á yfirborðinu.



Endir var bundinn á hátíðahöld vegna fimmtugsafmælis **Bubba Morthens** þegar kóngurinn bauð vinum og velunnurum sínum til veislu á borginni á laugardag. Meðal gesta voru Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Jakob Frímann Magnússon og Jón Baldvin Hannibalsson og Einar Kárason rithöfundur og Silja Aðalsteinsdóttir, ævisöguritari Bubba, héldu ræður honum til heiðurs. Aðeins var boðið upp á óáfenga drykki og hafði Bubbi á orði að annað væri óviðeigandi þar sem AA-samtökin hefðu bjargað lífi hans.



Ný auglýsing Icelandair með íslenska fótboltalandsliðinu hefur vakið verðskuldaða athygli. Í henni er aðalmaðurinn fótboltaáhugamaður sem lætur sig dreyma um að leika með hetjunum sínum. Það er leikarinn **Ari Matthíasson** sem er í aðalhlutverki ásamt landsliðsmönnum á borð við Brynjar Björn Guðmundsson, Ívar Ingimarsson, Hermann Hreiðarsson og Heiðar Helguson. Einstaklega vel þykir hafa tekist að velja í aðalhlutverkið því Ari fer hreinlega á kostum. Hann mun ekki hafa þurft að hafa mikið fyrir hlutunum því hann er það mikil fótboltabulla að hann þekkir einstaklega vel til í bransanum. Leikstjóri auglýsingarinnar er Árni Þór Jónsson sem oft og iðulega er kallaður Árni súri, en hann stjórnaði um árabil útvarpsþættinum Sýrður rjómi. **- hdm**






# Engin hjálpartækjalaus í 101

Nýlega opnaði hjálpartækjaverslunin Adam og Eva sína þriðju verslun á horni Vitastígs og Hverfisgötu. Hinar verslanir fyrirtækisins eru á Kleppsvegi og á Akureyri en fyrirtækið er einnig í útrás því fljótlega verður opnuð netverslun í Danmörku undir heitinu www.eden.dk.

Í miðbæ Reykjavíkur er nú þegar að finna þó nokkrar hjálpartækjaverslanir og því ættu íbúar í 101 ekki að verða hjálpartækjalausir. Það er líka skemmtileg tilviljun að Vitastígurinn skuli nú hýsa tvær hjálpartækjaverslanir en fyrsti strippstaður landsins, Bóhem, hóf starfsemi sína við þá götu. „Við hræðumst ekki samkeppnina í miðbænum enda er hún bara af því góða. Við erum líka með allt annað verðlag og úrval en hinar verslanirnar auk þess sem við erum með falleg, sexý og rómantísk ítölsk nærföt," segir Heba Júlíusdóttir, verslunarstjóri, og bætir við að þó að verslunin höfði til allra þá sé hún reyndar afar konuvæn.

Innréttingar staðarins séu líka skemmtilega mjúkar. Gamaldags veggfóður, antíkhúsgögn og kristalsljósakrónur gefi versluninni persónulegan svip. Ýmsar hugmyndir séu líka á borðinu varðandi uppákomur í versluninni í framtíðinni en til að byrja með verða nýir viðskiptavinir boðnir velkomnir í verslunina með útsöluhorni þar sem unaðstæki eru seld á 593 krónur og fatnaður á 493 krónur. **- snæ**

**VERSLUN Í ÚTRÁS** Verslunarstjórinn Heba Júlíusdóttir tekur á móti nýjum viðskiptavinum með frábærum opnunartilboðum en verslunin opnar einnig fljótlega netverslun í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



# EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS



# HEILSU OG HÆGINDADAGAR
# TILBOÐIN Í FULLUM GANGI!










**Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!**

www.design.is ©2006

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

**Betra BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Drögum í dag
Átt þú miða?
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is





## BAKÞANKAR

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

# Úlfatími

Ef eitthvað er yndislegra en börn þá eru það sofandi börn. Til að koma þeim í það eftirsóknarverða ástand þarf hinsvegar flókið samspil hugar og handa. Leikfléttan hefst venjulega um fimmleytið á daginn á öllum smábarnaheimilum landsins og er lokið um áttaleytið ef allt gengur upp. Þetta krefjandi ferli endurtekur sig daglega árið um kring en er furðu lítið í umræðunni miðað við umfang og orkuþörf.

Stundum furða ég mig á öllum þeim fjölda fólks sem eignast viljandi mörg börn. Venjulega er ég hissa á þessu einmitt klukkan fimm til átta síðdegis þegar litlu yndislegu dætur mínar breytast smátt og smátt í úlfa, önnur í lítinn fúlan kveldúlf og hin í ögn stærri grimman varúlf.

Einmitt á meðan þessar persónuleikabreytingar verða á börnunum þurfa foreldrarnir að framkvæma ýmislegt praktískt eins og að versla, elda, fóðra, baða og svæfa. Þar sem faðir barnanna minna er svo heppinn að vera í vinnu sem teygir sig gjarnan fram í kvöldið þarf ég stundum að skipuleggja þessar framkvæmdir fyrir einn. Þar kemur langskólanámið að engu gagni en samningatækni, úthald og aðlögunarhæfni gerir gæfumuninn þegar hemja skal tvo úlfa með ólíkar þarfir. Einnig kemur sér vel að geta skrælt kartöflur á meðan maður lætur renna í bað, syngur krummavísur, huggar, snýtir og lempar. Fær útrás með því að hvæsa dálítið á Gallup sem alltaf hringir á þessum tíma.

Eins og góður framkvæmdastjóri geri ég þennan reynslutíma ánægjulegan og gefandi með ýmsum ráðstöfunum svo allir fari ógrátandi í bólið. Er sífellt á höttunum eftir góðum trixum til að skila meiri hagnýtingu, skilvirkni og framlegð. Skrifa matseðla fram í tímann, geri stórinnkaup, elda snemma kvölds og svæfi báða úlfana í einu.

Galdurinn við að kunna að meta venjulegan úlfatíma er að klúðra honum rækilega annað slagið. Nýlega kom ég seint heim og fann ekkert í eldhúsinu nema sex egg, nokkur frosin smábrauð og gamla pakkasúpu. Á meðan ég eldaði graut fyrir gólandi smábarnið tæmdi það eldra tómatsósuflöskuna yfir eggjakökuna, súpan sauð uppúr og brauðið sviðnaði í ofninum. Ef eitthvað bragðast verr en viðbrunnin pakkasúpa látið mig vita.




**KIA Picanto** er lipur, fallegur, nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla. Fæst einnig með aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



*m.v. 100% bílasamning Sjóvá til 84 mánaða
SJÓVÁ
KIA MOTORS
HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.
Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000

FRJÁLSI
FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU
Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is
VEXTIR FRÁ AÐEINS 2,5%
Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 3.4.2006